skoðun 22

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Markaðurinn

Geta ekki hætt

Inga Arnardóttir og Örn Guðmundsson ganga á eitt fjall á viku í góðum félagsskap.

allt 2

FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur
29. desember 2011
304. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
10 ÁRA 2001-2011
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011

50 þúsund seld eintök

Mugison og Yrsa Sigurðardóttir seldu um 50 þúsund eintök fyrir jólin.

fólk 46

Dyggir aðdáendur gætu fengið sjokk

Hjaltalín mun flytja mikið af nýju efni á tónleikum í kvöld.

fólk 38

Bestu liðin unnu

Haukar og Valur tryggðu sér sigur í deildarbikarnum í handbolta í gær.

sport 42

veðrið í dag



ÉLJAGANGUR Vestan 8-15 m/s og él einkum SA-lands en hægari austlæg átt og úrkomulítið NA-til. Frost 0-10 stig en rétt yfir frostmarki við S-ströndina.

VEÐUR 4

Stefnt að nauðasamningum Kaupþings á vormánuðum

Stefnt er að því að hefja nauðasamningaferli Kaupþings á öðrum ársfjórðungi næsta árs. Verði þeir samþykktir verður Kaupþing eignarhaldsfélag í eigu kröfuhafa bankans og þeir munu setjast í stjórn félagsins.

VIÐSKIPTI Slitastjórn Kaupþings stefnir að því að hefja formlegt nauðasamningaferli bankans á öðrum ársfjórðungi ársins 2012. Nauðasamningarnir miða að því að gera bankann að eignarhaldsfélagi í eigu kröfuhafa hans. Þetta kemur fram í kynningu sem slitastjórn bankans hélt fyrir kröfuhafa hans 14. desember.

Í kynningunni kemur fram að „vinna við endurskipulagningu Kaupþings hf. og mögulegan nauðasamning er enn í fullum gangi og mun halda áfram á nýju ári. Sú vinna verður áfram unnin í nánu samstarfi við Morgan Stanley, sem fjármálaráðgjafa, White&Case, sem lagalegan ráðgjafa og Deloitte, sem skattalegan ráðgjafa [...]. Slitastjórnin stefnir að því að hefja formlegt nauðasamningsferli á öðrum ársfjórðungi 2012“. Slitastjórn bankans telur að hægt yrði að ljúka slitameðferð á frekar skömmum tíma með framlagningu nauðasamninga.

Gangi áformin eftir verður Kaupþing að eignarhaldsfélagi undir stjórn kjörinnar stjórnar kröfuhafa bankans. Í kjölfarið mun félagið losna undan þeim lagahömlum sem hvíla á starfsemi skilanefnda og slitastjórna, kröfuhafarnir fá aukið svigrúm til að hámarka arð af reiðufjársjóðum og hámörkun virðis verður höfð að leiðarljósi með innheimtu fjársölu eigna og lausna annarra eigna.

86% Eignarhlutur í Arion banka, þriðja stærsta banka Íslands, er á meðal eigna Kaupþings.

Á meðal eigna sem verða í eigu eignarhaldsfélagsins Kaupþings verður 86% hlutur í Arion banka, þriðja stærsta banka Íslands.

Í kynningum sem haldnar hafa verið fyrir kröfuhafa Kaupþings um málið segir einnig að í kjölfar nauðasamninga yrði Kaupþing móðurfélag sem staðsett yrði á Íslandi og gæti gefið út nýja gerninga. Ef kröfuhafarnir, sem nýir eigendur félagsins, myndu telja það fýsilegt að flytja aðsetur Kaupþings á milli landa þá væri það þó gerlegt.

Grundvöllur að mögulegri tillögu um nauðasamninga verður áreiðanleikakönnun um eignir Kaupþings og greining á þeim eins og þær voru um síðustu áramót. Houlihan Lokey Limited og Deutsche Bank Advisory Service unnu þá könnun og skiluðu henni af sér í júní síðastliðnum. - þsj

MEIRI SNJÓ Tíðin hér á landi hefur verið með eindæmum að undanförnu og snjór aldrei verið eins lengi samfleytt á þessum árstíma. Þau Sandra og Vilhelm voru á gönguskíðum við Korpúlfsstaði í gær, en að sögn Þórunnar Sifjar Harðardóttur, framkvæmdastjóra Skíðasambands Íslands, eru toppaðstæður til skíðagöngu um þessar mundir og hafa ekki verið betri í mörg ár. **Sjá síðu 6**

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Málning getur framleitt orku:

Gæti komið í stað sólarsella

VÍSINDI Ný tegund málningar gæti með tíð og tíma komið í staðinn fyrir sólarsellur sem nú eru notaðar. Vísindamenn við Notre Dame-háskólann í Bandaríkjunum hafa þróað málningu sem gæti á næstu árum leyst sólarsellurnar af hólmi.

„Ef við getum fullkomnað þessa tækni gæti hún gert gæfumuninn við að mæta orkuþörf heimsins í framtíðinni,“ segir Prashant Kamat, prófessor við Notre Dame-háskólann.

Venjulegar sólarsellur geta nýtt tíu til fimmtán prósent af þeirri orku sem þær fá frá sólinni. Málningin sem þróuð hefur verið í Notre Dame nýtir hins vegar aðeins um eitt prósent.

Vísindamenn telja engu að síður um mikilvæga þróun að ræða, enda sólarsellur mun dýrari en málningin, og mun flóknara að setja þær upp og viðhalda þeim við erfiðar aðstæður. - bj

Fólkið í landinu les Fréttablaðið

Prentmiðlakönnun Capacent Gallup. 18–49 ára á höfuðborgarsvæðinu. Meðallestur á tölublað, júlí–sept. 2011.

Dómnefnd Markaðarins gerir upp viðskiptaárið 2011:

Skúli er viðskiptamaður ársins

MARKAÐURINN Skúli Mogensen, eigandi Títan fjárfestingafélags, hefur verið valinn viðskiptamaður ársins 2011 af dómnefnd Markaðarins.

Í veglegri áramótaútgáfu Markaðarins sem fylgir Fréttablaðinu í dag er einnig að finna niðurstöður dómnefndarinnar um bestu og verstu/umdeildustu viðskipti ársins, umfjöllun um upprisu íslensks hlutabréfamarkaðar og yfirlit yfir helstu efnahagsfréttir ársins af erlendum vettvangi.

ÁBERANDI Í VIÐSKIPTALÍFINU Skúli Mogensen stofnaði meðal annars flugfélagið WOW Air á árinu.

Skúli var mjög áberandi í íslensku viðskiptalífi á árinu sem er að líða. Hann leiddi meðal annars hóp sem eignaðist MP banka, stofnaði lággjaldaflugfélagið WOW Air og er stærsti hluthafi í einu verksmiðjunni í heiminum sem framleiðir eldsneyti úr koltvísýringsútblæstri.

Ítarlega er fjallað um viðskipti Títans og rætt við Skúla í Markaðnum. - þsj / sjá Markaðinn

Allt fyrir áramótin

Hattar, kórónur, gleraugu
hálsfestar, glös, borðbúnaður,
borðar, hengi, o.fl. o.fl.

Knöll, lúðrar, ýlur og
innisprengjur í stykkjatali
á smáhlutabar.

PARTÝ BÚÐIN
Faxafeni 11 • sími 534 0534
Opið til kl. 21 í kvöld

SPURNING DAGSINS



Guðjón, hafa þeir haft þessa heimsókn lengi á prjónunum?

„Við höfum ekki fengið mikinn tíma til undirbúnings en erum sem betur fer góð í að teygja lopann."

Guðjón Kristinsson er framkvæmdastjóri ullarvinnslufyrirtækisins Ístex. Fyrirtækið á von á heimsókn frá bandaríska tímaritinu Vogue Knitting, sem mun í kjölfarið fjalla um íslenska prjónahefð.

FÖST Í SESSI Friðrik krónprins og Mary prinsessa njóta aukinnar hylli meðal dönsku þjóðarinnar.

Stjórnarfarið í Danmörku:

Danir sáttir við kóngafólkið sitt

DANMÖRK Mikill meirihluti Dana er hlynntur því að landið verði áfram konungsríki. Könnun sem sagt er frá í Politiken leiðir í ljós að 77 prósent segjast fylgjandi núverandi stjórnarfyrirkomulagi, en aðeins sextán prósent eru fylgjandi því að landið verði lýðveldi.

Stuðningurinn hefur aukist nokkuð að undanförnu því að í könnun sem tekin var fyrir um ári sýndi 25 prósenta stuðning við lýðveldi.

Sérfræðingar telja að lykillinn felist í því að kóngafólkið hefur gengið í gegnum umbætur á síðustu árum, en þó ekki of hratt. - þj

Hætta á skemmdarverkum:

Blaðakassar teknir niður

BYGGÐAMÁL Fréttablaðskassar verða teknir niður fyrir áramót og settir upp aftur á nýju ári. Þetta er gert til að koma í veg fyrir skemmdarverk, en undanfarin ár hefur borið á því að kassar séu sprengdir upp.

Meðal annars verður hægt að nálgast Fréttablaðið í íþróttahúsum, sundlaugum og verslunum í þeim bæjarfélögum sem venjulega hafa Fréttablaðskassa. - þeb

Breska lyfjastofnunin mælir ekki með því að PIP brjóstafyllingar séu fjarlægðar:

Konur tali við lýtalækninn sinn

HEILBRIGÐISMÁL Konur sem hafa áhyggjur af stöðu brjóstafyllinga sinna ættu að hafa samband við lýtalækninn sem framkvæmdi aðgerðina til að fá upplýsingar um tegund brjóstafyllingarinnar og ráðleggingar um hvað beri að gera.

Þetta kemur fram á vef embættis landlæknis og Lyfjastofnunar vegna umfjöllunar um franskar brjóstafyllingar, Poly Implant Prothese (PIP).

Fram kemur að PIP brjóstafyllingar hafi verið teknar af markaði í Evrópu í mars í fyrra vegna

BRJÓSTAFYLLING Um 400 konur hafa fengið PIP brjóstafyllingar hér á landi. NORDICPHOTOS/AFP

meintra lélegra gæða sílíkonefnisins sem notað var.

Um leið er áréttað að franska lyfjastofnunin, Afssaps, hafi á Þorláksmessu lýst því yfir að ekki væri sýnt fram á tengsl PIP brjóstafyllinga og krabbameins. Niðurstöður rannsókna í Frakklandi gefi hins vegar til kynna að PIP brjóstafyllingar leki meir en aðrar fyllingar. Þá hafi breska lyfjastofnunin, MHRA, rannsakað hvort sílíkonefnið í PIP brjóstafyllingum hafi haft eiturverkandi áhrif og komist að þeirri niðurstöðu að svo væri ekki.

PIP brjóstafyllingar hafa verið notaðar hér á landi í um tvo áratugi og hafa um 400 konur fengið slíkar fyllingar. - óká

Alvarleg árás á Sauðárkróki:

Skorinn með flösku á hálsi

LÖGREGLUMÁL Ráðist var á mann á dansleik á skemmtistaðnum Mælifelli á Sauðárkróki annan dag jóla, að því er fréttavefurinn Feykir greinir frá.

Árásin var nokkuð alvarleg, maðurinn var skorinn með brotinni flösku og hlaut áverka á hálsi. Mildi þykir að ekki hafi farið verr.

Sá sem varð fyrir árásinni var fluttur á Heilbrigðisstofnunina á Sauðárkróki og gekkst þar undir aðgerð. Hann var útskrifaður daginn eftir. - sh

Suðurstrandarvegur ruddur tvisvar í viku

Vegagerðin var ekki undir það búin að mikil þörf yrði á vetrarþjónustu á Suðurstrandarvegi. Rutt verður tvisvar í viku í vetur. Langt hefur þurft að ganga í endurskipulagningu á þjónustu vegna 40% niðurskurðar undanfarin þrjú ár.

SAMGÖNGUR Nýr Suðurstrandarvegur hefur í nokkur skipti verið ófær síðan hann var opnaður í haust. Að sögn Vegagerðarinnar er það að hluta til vegna þess að menn voru ekki undir það búnir að þörf væri á mikilli vetrarþjónustu. Vegurinn hefur ekki verið inni á vetrarþjónustuáætlun Vegagerðarinnar til þessa en nú hefur verið bætt þar úr.

Hreinn Haraldsson vegamálastjóri segir að Suðurstrandarvegur liggi mjög lágt yfir sjó og undanfarin ár hafi heyrt til undantekninga að moka þurfi slíka vegi.

Yfirstjórn Vegagerðarinnar hefur nú tekið ákvörðun um að vegurinn skuli ruddur tvisvar í viku en Vegagerðin ber kostnaðinn við vetrarþjónustu af þessu tagi. Ákvörðunin tekur strax gildi en ákvörðun um hvaða daga vikunnar það verður gert bíður þess að samráði við sveitarfélögin ljúki.

Hreinn bendir á að margir vegir um allt land hafi litla eða jafnvel enga vetrarþjónustu. „Það fer aðallega eftir því hversu umferðin er mikil og svo eftir umferðaröryggi hvernig þjónustunni er háttað. Umferðin á hinum nýja Suðurstrandavegi er ennþá mjög lítil, ef litið er til margra annarra vega á Suðurlandi og annars staðar á landinu, og þjónustan tekur og mun taka mið af því." Hreinn segir að vegurinn hafi verið hreinsaður af og til að undanförnu, sennilega að jafnaði tvisvar í viku.

Hreinn segir jafnframt að niðurskurður í fjárveitingum til vetrarþjónustu, og annarrar

SUÐURSTRANDARVEGUR Í desember þurftu björgunarsveitir að aðstoða fólk vegna snjóþyngsla á veginum, en ekki var reiknað með að ófærð yrði vandamál vegna legu vegarins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Umferðin á hinum nýja Suðurstrandarvegi er ennþá mjög lítill, ef litið er til margra annarra vega á Suðurlandi.
>
> **HREINN HARALDSSON**
> VEGAMÁLASTJÓRI

þjónustu á vegum, hafi verið verulegur á undanförnum árum; 40 prósent þegar allt er talið.

„Mikið hefur verið hagrætt og endurskipulagt, en auðvitað hlýtur þetta líka að koma niður á sjálfri þjónustunni úti á vegunum.

Varðandi Suðurstrandarveg segir Hreinn að ekki sé víst að þar hefði verið ákveðinn meira en tveggja daga mokstur þótt ekki hefði komið til niðurskurðar. „Vegurinn er jú ekki síst til að þjónusta ferðamannaumferðinni sem er langmest utan vetrartímans og vetrarumferð sennilega lítil og aðrir vegir í boði eins og áður, þótt vegalengdir séu meiri," segir Hreinn.

Suðurstrandarvegur er 58 kílómetra langur vegur á milli Þorlákshafnar og Grindavíkur, og var opnaður fyrir umferð 29. október. Það var tíu mánuðum fyrr en áætlað var en verktakar gátu klárað framkvæmdir fyrr vegna verkefnaskorts.

svavar@frettabladid.is

Þrír grunaðir í Svíþjóð:

Látnir lausir úr gæsluvarðhaldi

SVÍÞJÓÐ, AP Þrír menn, sem setið hafa í varðhaldi í Svíþjóð grunaðir um að hafa ætlað að myrða teiknara, voru látnir lausir í gær.

LARS VILKS

Dómstóllinn gaf engar útskýringar, en dómur verður kveðinn upp 20. janúar og þá mun dómstóllinn gera grein fyrir niðurstöðu sinni.

Venjulega þýða ákvarðanir af þessu tagi annaðhvort að litlar líkur séu á sakfellingu eða engin ástæða sé lengur til að halda þeim í gæsluvarðhaldi.

Mennirnir voru með hnífa á sér þegar þeir voru handteknir í Gautaborg 10. september síðastliðinn, grunaður um að hafa ætlað að drepa Lars Vilks, sænskan teiknara sem gerði skopmyndir af Múhameð spámanni. - gb

Ríkustu íbúar Danmerkur:

Milljarðar frá hinu opinbera

DANMÖRK Tvö hundruð og tuttugu þúsund ríkustu íbúar Danmerkur fá árlega jafngildi rúmlega 73 milljarða íslenskra króna í barnabætur, dagpeninga og eftirlaun, en þau nema um helmingnum af upphæðinni.

Hagfræðiprófessorinn Jesper Jespersen er þeirrar skoðunar að ræða þurfi eftirlaunakerfið. Hann segir að á tímum þrenginga verði menn að spyrja sig hvort núverandi skipti séu sanngjörn.

Hópur velmegandi borgara, sem ekki þurfi á framlögum frá hinu opinbera að halda, taki það sem þeim beri þar sem þeir hafi tækifæri til þess. - ibs

Loks góðar fréttir fyrir evrusvæðið eftir marga erfiða mánuði:

Vaxtaálag ítalskra skuldabréfa lækkar

RÓM, AP Ítölsk ríkisskuldabréf seldust fyrir rúma tíu milljarða evra í gær, á talsvert hagstæðari vöxtum en þeim hefur boðist undanfarið. Er um að ræða góðar fréttir fyrir Ítalíu sem hefur verið á mörkum greiðslufalls síðustu mánuði vegna vaxandi skulda og hækkandi lántökukostnaðar.

Við þetta hefur ávöxtunarkrafa á tíu ára skuldabréf fallið niður fyrir sjö prósenta markið sem hefur verið viðmið um sjálfbærni ríkisfjármála.

Ástæða þessa er talin vera tvíþætt. Annars vegar er líklegt að evrópskir bankar, sem fengu 489 milljarða evra að láni frá Seðlabanka Evrópu, hafi nýtt hluta þeirra fjármuna til að kaupa ítölsk ríkisskuldabréf. Hins vegar er talið að aðhaldsaðgerðir og skattahækkanir sem Mario Monti forsætisráðherra kom í gegnum þingið á dögunum hafi vakið fjárfestum trú á að með því væri tekist á við skuldavanda landsins.

Ítalía, sem er þriðja stærsta hagkerfið innan evrusvæðisins, skuldar alls um 1.900 milljarða evra.

Í dag verður enn eitt skuldabréfaútboðið og mun þar koma í ljós hvort fjárfestar hafa sannarlega traust á Ítalíu. - þj

LÉTTIR Aðgerðir Mario Monti forsætisráðherra virðast hafa skilað árangri þar sem vaxtaálag ríkisskuldabréfa lækkaði í gær. NORDICPHOTOS/AFP

JÓLAVÖRU ÚTSALA

50%

afsláttur

af öllum jólavörum og jólaseríum

blómaval

HÚSASMIÐJAN

GENGIÐ 28.12.2011

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	122,12	122,70
Sterlingspund	191,39	192,33
Evra	159,58	160,48
Dönsk króna	21,457	21,583
Norsk króna	20,436	20,556
Sænsk króna	17,795	17,899
Japanskt jen	1,5706	1,5798
SDR	188,28	189,40

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
218,5529

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Bakari fer ekki af Bergstaðastræti 13 þótt húsaleigusamningurinn sé útrunninn:

Bernhöftsbakarí verður opið enn um sinn

VIÐSKIPTI „Ég held bara áfram að vera hérna í rólegheitunum," segir Sigurður Már Guðjónsson, bakarameistari í Bernhöftsbakaríi, sem ætlar ekki að flytja starfsemina úr Bergstaðastræti 13 þótt leigusamningurinn renni út um áramótin.

Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu í nóvember hafa eigandi Bergstaðastrætis 13 og eigendur Bernhöftsbakarís hvorki náð saman um nýjan leigusamning né kaupa bakarísins á húsnæðinu sem verið hefur starfsstöð þess í 28 ár.

Sigurður Már segir ekkert hafa gerst í málinu að undanförnu enda talist menn ekki við. Vilji eigandinn fá hann út þurfi hann að fá samþykkta útburðarbeiðni. „Þetta eru eflaust miklar lögfræðilegar flækjur. Svo er nú dómskerfið allt á hvolfi," segir bakarameistarinn sem kveðst eiga von á að þurfa að fara út í fyrsta lagi á vormánuðum.

Guðmundur Már Ástþórsson, einn þriggja eigenda Mótamanna ehf. sem eiga Bergstaðastræti 13, segir að þar sem leigusamningurinn sé runninn út og ekki hafi verið óskað eftir endurnýjun samningsins eða kaup á húsnæðinu þá gefur það auga leið að Bernhöftsbakarí hljóti að vera að fara. Ekki sé hægt að segja til um hvenær það verði. „Við munum einfaldlega fylgja öllum lögum og reglum í þessu máli sem og öðrum," segir Guðmundur um framhaldið.

- gar

BERNHÖFTSBAKARÍ Eftir 78 ára sögu í Bergstaðastræti og þar af 28 ár á númer 13 er framtíð Bernhöftsbakarís í götunni í algerri óvissu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

VINNSLA Um 1000 ársverk urðu til vegna makrílveiða, fleiri en í álverum Alcan og Alcoa samanlagt.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

Makríllinn skapar 1.000 störf:

Veiðar skila um 25 milljörðum

SJÁVARÚTVEGUR Makrílveiðar skiluðu þjóðarbúinu ríflega 25 milljörðum króna á síðasta ári, sem er um fimm prósent af útflutningstekjum Íslands. Meira en 1.000 ársverk urðu til vegna veiðanna, samkvæmt samantekt sjávarútvegsráðuneytisins.

Um 200 ársverk hafa orðið til á sjó við veiðar á makríl og annað eins á landi við vinnslu. Þá reiknar ráðuneytið með 600 afleiddum störfum vegna veiðanna. Til samanburðar vinna um 900 manns í álverum Alcoa á Reyðarfirði og Alcan í Straumsvík, samkvæmt samantekt ráðuneytisins.

Um 90 prósent aflans fara til manneldis. Það er veruleg breyting frá því sem áður var, en fram til ársins 2009 fóru um 80 prósent aflans í bræðslu. - bj

SAMFÉLAGSMÁL

Helmingi fleiri fengu aðstoð

Helmingi fleiri leituðu aðstoðar Fjölskylduhjálpar á Suðurnesjum fyrir þessi jól en fyrir þau síðustu. Um 700 fjölskyldur fengu aðstoð nú. Þetta segir Anna Ólafsdóttir hjá Fjölskylduhjálpinni á vef Víkurfrétta. Úthlutun fyrir áramótin verður í dag milli klukkan eitt og fjögur síðdegis. Úthlutað var hjá Fjölskylduhjálp í Reykjavík í gær vegna fjölda beiðna.

Þúsundir mæta til að syrgja leiðtogann

Mikið var haft við þegar útför Kim Jong-il var gerð í Norður-Kóreu í gær. Líkfylgdin tók hálfan þriðja tíma og hermenn skutu 21 sinni úr rifflum sínum. Sonur hins látna, arftaki eins fátækasta ríkis heims, var í áberandi hlutverki.

NORÐUR-KÓREA Arftakinn Kim Jong-un var í fararbroddi syrgjenda við útför föður síns í Pjongjang, höfuðborg Norður-Kóreu. Hann gekk við líkbifreiðina, með aðra hönd á bílnum en notaði hina til að heilsa fólki.

Líkfylgdin tók hálfan þriðja tíma og að henni lokinni skutu hermenn 21 sinni úr rifflum sínum. Nýi leiðtoginn stóð síðan og heilsaði meðan fylkingar hermanna gengu gæsagang framhjá honum.

Ekki vantaði leikrænu tilþrifin í athöfnina, ef marka má útsendingu norður-kóreska ríkissjónvarpsins. „Hvernig getur það verið að himnarnir gráti ekki?" heyrðist hágrátandi hermaður spyrja. „Fólkið grætur allt tárum úr blóði." Af sumum myndunum að dæma er þó ekki annað að sjá en himnarnir hafi heldur ekki staðist mátið og hellt úr skýjum yfir syrgjendurna.

Arftakinn hefur treyst völd sín síðustu daga með því að bæta við sig embættum og titlum, bæði innan flokksins og í yfirstjórn hersins. Ungur aldur hans og lítil reynsla gerir þó að verkum að nokkur óvissa ríkir um framtíðarstöðu hans í valdakerfinu. Hann hafði enda ekki haft tuttugu ár til að búa sig undir hlutverkið, eins og faðir hans, heldur aðeins tvö ár.

Hann tekur við einu fátækasta og einangraðasta ríki veraldar. Auk þess að þurfa að finna leiðir til að tryggja íbúum landsins daglega fæðu og aðrar helstu lífsnauðsynjar þarf hann að takast á við harða gagnrýni og þrýsting frá öllum helstu ríkjum heims vegna kjarnorkuvopna, sem faðir hans var búinn að koma sér upp í einhverri mynd.

Athygli sérfræðinga í málefnum Norður-Kóreu beinist samt mjög að innsta hring valdakjarnans í kringum Kim, og var grannt fylgst með því hverjir væru áberandi nálægt honum í athöfninni í gær.

Þar er helst nefndur Jang Song-thaek, mágur Kim Jong-il, en hann er varaformaður varnarmálanefndar ríkisins og mun líklega gegna lykilhlutverki við að koma nýja leiðtoganum inn í embættið.

gudsteinn@frettabladid.is

HÁGRÁTANDI Norður-kóreski herinn syrgði hinn látna leiðtoga með miklum tilþrifum. NORDICPHOTOS/AFP

> Hvernig getur það verið að himnarnir gráti ekki?
>
> **HÁGRÁTANDI HERMAÐUR Í PJONGJANG Í GÆR**

ARFTAKINN FREMSTUR Kim Jong-un gekk fremstur í flokki hægra megin við hlið líkbifreiðarinnar. NORDIC PHOTOS/AFP

Breytingar hjá Kópavogsbæ:

Leikskólagjöld hækka um 7%

KÓPAVOGUR Átta tíma vistun með fullu fæði hjá leikskólum Kópavogs hækka um áramótin um 6,9 prósent, eða um 1.736 krónur. Að því er kemur fram í tilkynningu frá Kópavogsbæ hafa rekstrargjöld leikskólanna hins vegar hækkað mun meira að undanförnu vegna verðlagshækkana og launahækkana.

„Hefði þeim öllum verið beint til foreldra hefði leikskólagjaldið hækkað um 13 til 14 prósent." Miðað við aukinn rekstrarkostnað lækki því greiðsluhlutfall foreldra í heildarkostnaðinum. Í ár sé hlutfallið um 19 prósent en verði 15 prósent á næsta ári. - gar

Verðlaun fyrir vísindi:

Kristján hlaut Ásuverðlaunin

VÍSINDI Heimspekingurinn Kristján Kristjánsson hlaut verðlaun úr Verðlaunasjóði Ásu Guðmundsdóttur Wright í gær. Verðlaunin voru afhent við athöfn í Þjóðminjasafninu.

Ása stofnaði til þessara verðlauna til minningar um eiginmann sinn, ættingja og aðra venslamenn.

KRISTJÁN KRISTJÁNSSON

Þessi viðurkenning hefur í rúm 40 ár verið veitt Íslendingi, sem unnið hefur veigamikið vísindalegt afrek á Íslandi eða fyrir Ísland.

Verðlaunin eru heiðursskjal, silfurpeningur og peningagjöf. - þj

Viltu lifa lífinu lifandi?

Komdu þá í ZUMBA hjá Heilsuborg
Dansaðu þig í form með einföldum Zumba sporum eða skelltu þér í Zumba Toning (Nýtt)

Ný námskeið hefjast 10. janúar

Skráðu þig núna í síma 560 1010
eða á mottaka@heilsuborg.is

HEILSUBORG
Faxafeni 14 • www.heilsuborg.is

VEÐURSPÁ

Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

MEIRI SNJÓR Það verður snjókoma með köflum víða um land í dag en á morgun dregur úr ofankomu um tíma en annað kvöld gengur í stífa suðaustanátt með úrkomu og hlánar víða um sunnan og vestanvert landið. Horfur á skúrum eða slydduéljum sunnan og vestan til á gamlársdag.



HEIMURINN

Alicante	11°
Basel	1°
Berlín	7°
Billund	4°
Frankfurt	6°
Friedrichshafen	-2°
Gautaborg	5°
Kaupmannahöfn	5°
Las Palmas	19°
London	9°
Mallorca	16°
New York	4°
Orlando	18°
Ósló	1°
París	1°
San Francisco	13°
Stokkhólmur	4°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* ALMENNAR SÍMI 512-5401: Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* ALLT SÍMI 512-5402: Jóna Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Brynja Gunnarsdóttir *brynjag@365.is*, Snorri Snorrason *snorris@365.is* SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Benedikt Jónsson *benediktj@365.is*, Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Ívar Hansen *ivarorn@365.is* RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Pétursson *vip@365.is* ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* KYNNINGARSTJÓRI: Einar Skúlason einar.skulason@365.is

Notaður bíll Dúndur díll

Við kveðjum árið með hvelli dagana 27. til 31. desember.
Notaðir bílar með dúndur afslætti og veglegum flugeldapakka frá Hjálparsveitum Skáta í Reykjavík í skottinu

MAZDA TRIBUTE 3,0 LIMITED, 8.2007,
ekinn 63.000 km., sjálfskiptur, bensín.
Verð kr. 2.990 þús.
Tilboð kr. 2.490 þús. stgr.

SUBARU LEGACY 2000 LUX, 03.2008,
ekinn 57.000 km., sjálfskiptur, bensín
Verð kr. 3.540 þús.
Tilboð kr. 2.590 þús. stgr.

SSANGYONG REXTON II RX-270, 01.2009,
ekinn 51.000 km., 7 sæta, sjálfskiptur, dísel
Verð kr. 4.550 þús.
Tilboð kr. 3.990 þús. stgr.

OPEL ASTRA CARAVAN 1800, 1.2006,
ekinn 91.000 km., sjálfskiptur, bensín.
Verð kr. 1.490 þús.
Tilboð kr. 1.190 þús. stgr.

CHEVROLET EVANDA 2000, 2.2006,
ekinn 113.000 km., sjálfskiptur, bensín.
Verð kr.1.790 þús.
Tilboð kr.1.190 þús. stgr.

CITROEN C5 STATION 2000, 11.2007,
ekinn 89.000 km., beinskiptur, bensín.
Verð kr. 1.590 þús.
Tilboð kr. 1.190 þús. stgr.

HONDA CIVIC 1600 LS, 12.2005,
ekinn 108.000 km., sjálfskiptur, bensín
Verð kr. 1.490 þús
Tilboð 1.090 þús. stgr.

RENAULT MEGANE SCENIC 1600, 2.2008,
ekinn 74.000 km., beinskiptur, bensín
Tilboð kr. 1.590 þús.
Verð kr. 1.090 þús. stgr.

AUDI A-6 2400 WAGON, 11.2004,
ekinn 92.000 km., sjálfskiptur, bensín
Verð kr. 2.590 þús.
Tilboð kr. 1.850 þús. stgr.

CHEVROLET LACETTI WAGON 1800, 6.2007,
ekinn 63.000 km., beinskiptur, bensín.
Verð kr. 1.490 þús.
Tilboð kr. 1.090 þús. stgr.

SSANGYONG KYRON M-200, 07.2006,
ekinn 52.000 km., sjálfskiptur, dísel
Verð kr. 2.390 þús.
Tilboð kr. 1.990 þús. stgr.

CHEVROLET LACETTI CDX 1800, 05.2009,
ekinn 57.000 km., beinskiptur, bensín
Verð kr. 1.790 þús.
Tilboð kr. 1.250 þús. stgr.

Fleiri bílar á tilboði

HJÁLPARSVEIT SKÁTA REYKJAVÍK

Sölustaðir Hjálparsveita Skáta í Reykjavík:

Bílabúð Benna , Vagnhöfða 23 - Risaflugeldamarkaður HSSR, Malarhöfða 6 - Spöngin, Grafarvogi Grafarholt v-Húsasmiðjuna - Mjóddin, Breiðholti - Skátaheimili Skjöldunga, Sólheimum 21a - Norðlingaholt

Bílabúð Benna er traustur styrktaraðili Hjálparsveita Skáta í Reykjavík

Opið frá 10 - 18 alla virka daga.
Opið gamlársdag hjá Bílabúð Benna Notuðum bílum frá 10 - 12.

Bílabúð Benna - Notaðir bílar - Bíldshöfða 10 - 587 1000 - benni.is
Bílabúð Benna - Njarðarbraut 9 - Reykjanesbæ - 420 3330

Bílabúð Benna
Notaðir bílar - Bíldshöfða 10

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavixl.

KJÖRKASSINN



Eiga lögreglumenn að hafa aðgang að skotvopnum í læstum hirslum í lögreglubílum?

Já	69,6%
Nei	30,4%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ferð þú eins oft til tannlæknis og þér finnst þú þurfa?

Segðu skoðun þína á visir.is

Lögmaður hjóna á Blönduósi segir engin lög hafa verið brotin við rannsókn kynferðisbrotamáls:

Kvartar til Persónuverndar vegna dagbókar

DÓMSMÁL Móðir unglingsstúlku hefur lagt fram kvörtun til Persónuverndar vegna birtingar dagbókar stúlkunnar í Héraðsdómi Norðurlands vestra. Dóttir konunnar kærði lögreglumann á Blönduósi fyrir að hafa káfað á sér innanklæða í fyrra, þegar hún var 15 ára.

Málið er nú komið til Héraðsdóms Norðurlands vestra á ný, eftir sýknu þar og ógildingu hennar fyrir Hæstarétti.

Ástæða kvörtunar móðurinnar er sú að eiginkona ákærða, sem er skólastjóri grunnskólans á Blönduósi, lagði fram dagbók stúlkunnar til ríkissaksóknara. Þá segist stúlkan ekki hafa gefið samþykki sitt fyrir því að bókin, sem er á tölvutæku formi, yrði send til skólayfirvalda á sínum tíma. Í erindinu segir að meðferð skólastjórans á einkamálefnum stúlkunnar sem lýst er í dóminum sé gróft brot á grundvallarreglu um friðhelgi einkalífs. Sökum þess að málið er enn fyrir dómi, vísaði Persónuvernd því frá.

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, lögmaður skólastjórans og eiginmanns hennar, segir að skólastjórinn hafi afhent dagbókina, eftir að krafa þess efnis barst frá ríkissaksóknara, eins og henni bar skylda til.

„Þá verður að líta svo á að héraðsdómur hafi einnig metið það svo að efni dagbókarinnar gæti skipt máli varðandi niðurstöðu sakamálsins," segir meðal annars í bréfi Vilhjálms til Persónuverndar. Því er alfarið hafnað að skólastjórinn hafi brotið lög með áframsendingu dagbókarinnar. **- sv**

BLÖNDUÓS Manninum er gefið að sök að hafa káfað á stúlkunni innanklæða, sleikt á sér fingurna og sagt að hún væri flott.

Hægt að koma í veg fyrir slys:

Eitt bílslys varð á dag á árinu

LÖGGÆSLA Um það bil eitt slys varð á hverjum degi ársins 2011, eða samtals 358 á tímabilinu 1. janúar til 27. desember, samkvæmt bráðabirgðatölum lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu um umferðarslys.

Tölur um fjölda slasaðra liggja ekki fyrir en ljóst er að slasaðir eru nokkuð fleiri en fjöldi slysa segir til um. Meiðsli fólks eru meðal annars tognanir, beinbrot, innvortis meiðsl, mænuskaðar og höfuðáverkar.

Lögreglu telur að hægt sé að koma í veg fyrir umferðarslys leggist allir á eitt um að aka gætilega. Til að freista þess að sýna fram á tengsl orsaka og afleiðinga slysa mun lögreglan senda út tilkynningu tvisvar í viku með upplýsingum um umferðarslys sem hún kemur að. **-jss**

AKRANES

Þjófur olli stórskemmdum

Lögreglunni á Akranesi barst tilkynning um óvenjulegan þjófnað fyrir jól. Þá hafði verið brotist inn í húsnæði sem staðið hefur autt og þaðan stolið hitaveitugrind í heilu lagi. Eftir þjófnaðinn var tengt á milli með vatnsslöngu en hún hélt ekki og skemmdist húsnæðið töluvert vegna leka.

SKIPULAGSMÁL

Hringbraut öll í 101

Hringbraut mun hér eftir öll tilheyra póstnúmeri 101. Þau hús sem áður töldust til póstnúmers 107 fluttust í 101 um síðustu mánaðamót. Áður voru hús norðvestan Melatorgs, við Suðurgötu, í póstnúmeri 107, en þau suðaustan torgsins í 101. Íbúum sem flytjast milli númera hefur verið tilkynnt um breytinguna.

Íslenskur arkitekt þéttir danska byggð

Framlag tveggja arkitekta, annars íslensks og hins dansks, varð hlutskarpast í samkeppni Europan11 um endurskipulagningu og þéttingu byggðar í Allerød í Danmörku. Opnar nýútskrifuðum arkitektum dyr og vekur á þeim athygli.

SKIPULAGSMÁL Íslensk-danskt framlag fór með sigur úr býtum í samkeppni um endurskipulag 50 hektara svæðis í sveitarfélaginu Allerød í Danmörku, skammt norður af Kaupmannahöfn. Keppnin er haldin annað hvert ár undir merkjum Europan, en að henni standa 20 Evrópulönd. Þátt geta tekið arkitektar undir 40 ára aldri. Löndin leggja fram svæði sem þarfnast endurskipulagningar og leggja ungir arkitektar fram tillögur um úrvinnslu þeirra.

Að vinningstillögunni í Allerød standa arkitektarnir Eyrún Margrét Stefánsdóttir og Mette Blankenberg, en þær útskrifuðust saman úr arkitektanámi í Kaupmannahöfn fyrir einu og hálfu ári. „Þetta er náttúrlega mikið tækifæri. Við erum báðar ungar og óreyndar og þetta opnar okkur tvímælalaust dyr víða," segir Eyrún. Þá skemmir vinningsféð ekki fyrir, 12 þúsund evrur, eða sem samsvarar tæpum tveimur milljónum íslenskra króna.

„Síðan á eftir að koma í ljós hvað við höfum mikla aðkomu að úrvinnslu og áframhaldandi vinnu með tillöguna," segir Eyrún, en næsti fundur með forsvarsmönnum sveitarfélagsins er í janúar. „Þeir voru hins vegar áhugasamir um samstarf við okkur. Tilkynnt var um úrslitin 16. desember og við vorum komnar á fund til þeirra klukkan tíu daginn eftir. Þannig að við munum að öllum líkindum koma eitthvað að lokaútfærslum."

Í umsögn um tillöguna kemur fram að meðal þess sem orðið hafi til þess að hún varð ofan á hafi verið hversu sveigjanleg hún var. Markmiðið er að þétta byggð og mæta um leið kröfum sveitarfélagsins um vistvæna lifnaðarhætti.

EYRÚN MARGRÉT STEFÁNSDÓTTIR

„Kommúnan er með miklar væntingar og markmið um að verða koltvísýringslaus árið 2020. Við fórum því í gang með skipulagningu svæðisins með það að takmarki að það yrði laust undan allri bílaumferð," segir Eyrún. Þá segir hún hugað að því hvernig hvernig hús séu staðsett í landslagi og hæðarlínur séu hafðar þannig að útsýni á milli íbúða og blokka verði sem best. Þá er nýbreytni í hönnun varðandi upptöku regnvatns til margvíslegra nota. „Til dæmis taka ákveðin svæði á sig breytta mynd eftir veðráttu og árstíðum þegar pollar stækka og minnka," segir hún. „Þá færðum við sólarsellur niður af húsþökum og reistum hálfgerð skýli, bæði gegn rigningu og sól. Þar gæti verið svona tilviljanakenndur nágrannahittingur."

Eyrún segir til standa að fyrstu íbúðirnar verði byggðar árið 2015 eða jafnvel fyrr, því töluverður áhugi sé á verkefninu ytra.

olikr@frettabladid.is

TÖLVUGERÐ FRAMTÍÐARSÝN Svona gæti orðið umhorfs í Ny Blovsrød í Allerød þegar unnið hefur verið úr vinningstillögunni í Europan11-samkeppninni. MYND/ME904

Dregið hefur verið í happdrætti Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra

Vinningar komu á eftirtalin númer:

Toyota Yaris Terra 1.0 að verðmæti kr. 2.590.000 hver bifreið komu á miða númer :
10800 14880 27609 60219 73911 74669 78943 94218 101110

Toyota i.Q 1.0 að verðmæti kr 2.140.000 kom á miða númer.
35971 43987 53555 58022 88656

Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra þakkar landsmönnum veittan stuðning og óskar vinningshöfum til hamingju.

Handhafar vinningsmiða framvísi þeim á skrifstofu félagsins að Háaleitisbraut 13, Reykjavík, sími 535-0900.
Byrjað verður að afhenda vinninga 5. janúar 2012.

STYRKTARFÉLAG LAMAÐRA OG FATLAÐRA

Aldrei lengra tímabil með samfelldri snjóhulu sunnan- og vestanlands:

Snjóamet slegið í höfuðborginni

VEÐUR Snjór hefur nú legið yfir höfuðborgarsvæðinu og nágrenni þess samfleytt frá 26. nóvember. Aldrei áður frá upphafi mælinga hefur snjór verið samfleytt svo lengi á fyrri hluta vetrar, segir Trausti Jónsson, veðurfræðingur hjá Veðurstofu Íslands.

„Þetta hefur ekki verið sérstaklega mikil snjódýpt, en hann er óvenju þrálátur," segir Trausti. Ekkert bendir til þess að snjórinn fari á næstunni, þó að spáð sé örlítilli hláku um helgina.

Snjórinn hefur ekki verið sérstaklega mikill allt tímabilið, en náði þó 21 sentímetra dýpt á þriðjudag, segir Trausti. Að meðaltali hefur snjórinn verið á bilinu 13 til 14 sentímetra djúpur á tímabilinu. Þó að snjórinn hafi spillt færð hefur hann ekki valdið verulegum vandræðum. Það gerist yfirleitt ekki fyrr en snjórinn nær 28 til 30 sentímetra dýpt, segir Trausti.

Desember hefur verið kaldur, og miðað við mælingar í gær er hann sautjándi kaldasti desembermánuður frá því mælingar hófust, segir Trausti. **- bj**

MET Snjórinn hefur ekki verið sérlega djúpur í höfuðborginni það sem af er vetri en hann hefur verið óvenju þrálátur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ÚTSALA

GERÐU FRÁBÆR KAUP!

ALLAR ÚTSÖLUVÖRUR
250-4000 KR.

það gerist varla betra...

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

VEISTU SVARIÐ?

1. *Hver leiðir stjórnarandstöðuna í Rússlandi?*
2. *Hver hefur stofnað fyrirtækið Kozy vörur ehf. ásamt dóttur sinni?*
3. *Hvað heitir nýjasta kvikmynd Brad Pitt?*

SVÖR

1. Alexei Navalní 2. Ásþór Magnússon 3. World War Z

Hætt verður að niðurgreiða fyrstu tæknifrjóvgun hjá fólki í sparnaðarskyni:

Borga tæknifrjóvgun fullu verði

HEILBRIGÐISMÁL Hætt verður að niðurgreiða fyrstu tæknifrjóvgun barnlausra para og einhleypra kvenna um áramót. Þá verður alfarið hætt að niðurgreiða tæknifrjóvgunarmeðferðir fyrir fólk sem á barn fyrir, en þátttaka Sjúkratrygginga í þeim tilvikum hefur verið 15 prósent af kostnaði.

Sjúkratryggingar Íslands greiða 65 prósent af kostnaðinum við aðra til fjórðu tæknifrjóvgunarmeðferð, ef fólk þarf á þeim að halda. Áætlað er að útgjöld Sjúkratrygginga Íslands muni lækka um 30 milljónir króna á ári vegna þessara breytinga.

Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra hefur gefið út reglugerð vegna þessa, en það er nauðsynlegt þar sem enginn samningur er í gildi milli Sjúkratrygginga og ART Medica, læknastofunnar sem sér um tæknifrjóvganir hér. Samningurinn rann út fyrr á árinu og ekki náðust nýir samningar. Þá setti velferðarráðherra reglugerð til bráðabirgða. Reglugerðin nú gildir út árið 2012.

- þeb

EKKI NIÐURGREITT Þrjátíu milljónir króna munu sparast við breytingar á þátttöku í kostnaði við tæknifrjóvganir. NORCIPHOTOS/GETTY

1.173 bílar á dag að meðaltali:

Minni umferð um Víkurskarð

SAMGÖNGUR Meðalumferð um Víkurskarð verður líklega 1.173 bílar á sólarhring á þessu ári, samkvæmt áætlun Vegagerðarinnar.

Umferðin hefur dregist saman um 6,6 prósent milli ára. Meira hefur dregið úr umferð um helgar en virka daga og dregur Vegagerðin þá ályktun að einkaumferð hafi dregist hlutfallslega meira saman en atvinnutengd umferð.

Aldrei hafa fleiri bílar farið um Víkurskarð en í júlí á þessu ári, þegar 89.208 bílar fóru þar um.

- þeb

RAFMAGNSLAUST Þúsundir manna eru án rafmagns og símasambands á þeim svæðum sem verst urðu úti af völdum stormsins á dögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Eftirköst storms í Noregi:

Þúsundir enn án rafmagns

NOREGUR Enn eru um 2.500 heimili án rafmagns í Norður-Noregi eftir að stormurinn Dagmar reið yfir landið um jólin.

Í samtali við fréttaveituna NTB segir upplýsingafulltrúi Statnetts að unnið sé hörðum höndum að því að koma dreifikerfinu aftur í gang, en um 5.000 voru án rafmagns framan af degi.

Á vef Aftenposten segir að um 20.000 heimili hafi verið án rafmagns í tvo sólarhringa eftir óveðrið. Skaðabætur eru í boði fyrir þau sem hafa verið án rafmagns í tólf tíma og hækkar stig af stigi eftir það.

Mikil röskun varð einnig á fjarskiptum á þeim svæðum sem illa urðu úti. Aftenposten segir að rúmlega 21.000 farsímaáskrifendur og 7.200 netáskrifendur Telnor hafi enn verið án sambands í gær.

- þj

Hæsta tilboð í endurskoðun fjórfalt hærra en lægsta boð

Tveir sjálfstæðismenn í bæjarstjórn Kópavogs segja „hirð-endurskoðanda“ Samfylkingar, VG og Framsóknar með „algjörlega óraunhæft“ tilboð í endurskoðun fyrir bæinn. Fullyrðingar þeirra sagðar vera aðdróttanir.

KÓPAVOGUR Tilboð Deloitte hf. í endurskoðun Kópavogsbæjar árin 2011 og 2012 var nærri fjórum sinnum lægra en kostnaðaráætlun bæjarins og tilboð Ernst Young sem bauð hæst.

Gunnar I. Birgisson og Aðalsteinn Jónsson úr Sjálfstæðisflokki bókuðu á síðasta bæjarstjórnarfundi að þeir teldu tilboð Deloitte „algjörlega óraunhæft“. Tilboð fyrirtækisins var 8,6 milljónir króna. Kostnaðaráætlun var hins vegar 32,8 milljónir og tilboð Ernst Young rúmlega 33,7 milljónir. KPMG bauð 13,3 milljónir og PWC bauð 23,7 milljónir.

Gunnar og Aðalsteinn sögðu tilboð Deloitte vera svipaða upphæð og þyrfti til að endurskoða fyrirtæki með nokkur hundruð milljóna króna veltu. Kópavogsbær velti hins vegar yfir tuttugu milljörðum króna og sé með 7.000 reikningslykla.

„Annaðhvort verður endurskoðunin nánast engin eða hins vegar fær fyrirtækið (Deloitte) önnur verkefni hjá bænum til að bæta sér upp lágt tilboð. Eins og alkunna er eru Deloitte hirð-endurskoðendur Samfylkingar, Vinstri-grænna og Framsóknarflokks, sérstaklega eftir pantaða skýrslu frá þeim í janúar 2009 um viðskipti Frjálsrar miðlunar við Kópavogsbæ,“ bókuðu Gunnar og Aðalsteinn og vísuðu þar til skýrslu um fyrirtæki dóttur Gunnars.

KÓPAVOGUR Tveir bæjarfulltrúar telja að Deloitte hafi boðið óeðlilega lágt til að tryggja fyrirtækinu endurskoðun fyrir Kópavogsbæ. Deloitte ætli hins vegar að bæta sér það upp með öðrum verkefnum hjá bænum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fulltrúar meirihlutans höfnuðu fullyrðingum Gunnars og Aðalsteins. „Bókun af þessu tagi dæmir sig sjálf, uppfull af dylgjum. Við berum fullt traust til allra þeirra aðila sem buðu í verkið en tökum einfaldlega tilboði lægstbjóðanda,“ bókuðu Guðríður Arnardóttir, Hafsteinn Karlsson og Pétur Ólafsson úr Samfylkingu, Rannveig Ásgeirsdóttir úr Lista Kópavogsbúa, Erla Karlsdóttir úr Næstbesta flokknum og Ólafur Þór Gunnarsson úr VG.

Þá hafði Ómar Stefánsson úr Framsóknarflokki einnig athugasemdir við framlag sjálfstæðismannanna tveggja. „Þær aðdróttanir Gunnars og Aðalsteins um að endurskoðun Deloitte verði nánast engin og að fyrirtækið fái önnur verkefni hjá bænum eða að það sé hirðendurskoðendur hjá Framsóknarflokknum og einhverjum öðrum flokkum dæma sig sjálf og hafa ekkert með útboðið að gera,“ bókaði Ómar.

Eftir þessar bókanir og nokkur orðaskipti samþykkti bæjarstjórnin gegn atvæðum Gunnars og Aðalsteins að semja við Deloitte um endurskoðunina. Meðal þeirra sem greiddu atkvæði með samningunum voru hinir tveir fulltrúar Sjálfstæðisflokksins á á fundinum, þau Ármann Kr. Ólafsson og Karen Halldórsdóttir.

gar@frettabladid.is

LYNGHAGI Í GÆR Unnið var við snjómokstur í húsagötum í öllum hverfum Reykjavíkur í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hátt í 30 snjómoksturstæki að störfum síðustu daga:

Snjómokstur gengur vel

SAMGÖNGUR „Núna í dag [í gær] og síðustu tvo daga höfum við verið að vinna í húsagötunum og erum loks að ná tökum á þeim. Við teljum að á morgun [í dag] takist okkur loks að ná yfir allt saman,“ segir Þorsteinn Birgisson, yfirmaður þjónustumiðstöðvar Framkvæmda- og eignasviðs Reykjavíkurborgar.

Fjölmennur hópur starfsmanna Reykjavíkurborgar hefur unnið við snjómokstur síðustu daga en þegar mest lét voru rúmlega 30 snjóruðningstæki í notkun á götum og gangstígum. Snjókoma síðustu daga hefur hins vegar gert verkefni þeirra erfiðara en í gærnótt var ekki snjókoma sem gerði hópnum kleift að hefja snjómokstur strax klukkan sex um morguninn.

„Við höfum lagt mesta áherslu á stofnleiðir og strætisvagnaleiðir þannig að húsagöturnar hafa orðið aðeins eftir. Við unnum hins vegar í öllum hverfum í gær og erum að ná tökum á þessu,“ segir Þorsteinn.

Þorsteinn segir að fjöldi fólks hringi inn daglega vegna slæmrar færðar í húsagötum. Hann segir fámennan hóp vera með læti en flestir sýni starfinu mikinn skilning og þolinmæði.

Spurður hvort menn verði klárir í áframhaldandi mokstur haldi áfram að snjóa næstu daga segir Þorsteinn það alveg klárt, vaktin verði staðin.

- mþl

Allt að

70% AFSL.

STÆRSTA ÚTSALA

FRÁ UPPHAFI HEFST Í DAG Í

DEBENHAMS

Opið 11 - 21 í dag

Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

fókus

FRÉTTASKÝRING: Friðlýsing náttúrusvæða

1 Eldey Reykjanesbæ
2 Eldborg Grindavík
3 Herdísarvík
4 Reykjanesfólkvangur
5 Litluborgir Hafnarfirði
6 Stekkjahraun Hafnarfirði
7 Árnahellir í Leitarhrauni
8 Eldborg í Bláfjöllum Reykjavík
9 Bláfjöll
10 Ástjörn og Ásfjall Hafnarfirði
11 Ástjörn Hafnarfirði
12 Hvaleyrarlón og Hvaleyrarhöfði
13 Kaldárhraun og Gjárnar
14 Hamarinn Hafnarfirði
15 Tröllabörn Lækjarbotnum
16 Varmárósar Mosfellsbæ
17 Þingvellir
18 Steðji (Staupasteinn)
19 Vatnshornsskógur
20 Blautós og Innstavogsnes
21 Grunnafjörður
22 Rauðhólar Reykjavík
23 Vífilsstaðavatn Garðabæ
24 Hleinar Hafnarfirði
25 Gálgahraun Garðabæ
26 Skerjafjörður Garðabæ
27 Hlið Álftanes
28 Kasthúsatjörn Álftanes
29 Fjaran við Kasthúsatjörn
30 Borgir Kópavogi
31 Víghólar Kópavogi
32 Fossvogsbakkar Reykjavík
33 Háubakkar Reykjavík
34 Laugarás Reykjavík
35 Valhúsahæð
36 Bakkatjörn Seltjarnarnesi
37 Grótta Seltjarnarnesi
38 Andakíll (Hvanneyri)
39 Einkunnir
40 Grábrókargígar
41 Hraunfossar
42 Húsafellsskógur
43 Geitland, Borgarbyggð
44 Kalmanshellir
45 Eldborg í Hnappadal
46 Búðahraun
47 Ströndin við Stapa og Hellna
48 Bárðarlaug
49 Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull
50 Melrakkaey
51 Breiðafjörður
52 Flatey á Breiðafirði
53 Hrísey Reykhólahreppi
54 Surtarbrandsgil
55 Vatnsfjörður
56 Dynjandi í Arnarfirði
57 Hornstrandir
58 Kattarauga Áshreppi
59 Hrútey í Blöndu
60 Spákonufellshöfði
61 Miklavatn
62 Böggvisstaðafjall Dalvík
63 Friðland í Svarfaðardal
64 Hverastrýtur í Eyjafirði
65 Krossanesborgir
66 Hraun í Öxnadal
67 Vestmannsvatn
68 Kúluskítur
69 Mývatn og Laxá
70 Hverfjall (Hverfell)
71 Skútustaðagígar
72 Dimmuborgir
73 Dettifoss og fossröð
74 Herðubreiðarlindir
75 Álfaborg
76 Fólkvangur Neskaupstað
77 Helgustaðanáma
78 Hólmanes
79 Skrúður
80 Teigarhorn
81 Hálsar
82 Díma í Lóni
83 Ósland
84 Lónsöræfi
85 Kringilsárrani
86 Hvannalindir í Krepputungu
87 Vatnajökulsþjóðgarður
88 Háalda
89 Salthöfði og Salthöfðamýrar
90 Ingólfshöfði
91 Dverghamrar
92 Kirkjugólf
93 Álftaversgígar
94 Dyrhólaey
95 Skógafoss
96 Surtsey
97 Oddaflóð
98 Friðland að Fjallabaki
99 Viðey í Þjórsá
100 Pollengi og Tunguey
101 Jörundur í Lambahrauni
102 Geysir í Haukadal
103 Gullfoss
104 Hveravellir á Kili
105 Guðlaugs- og Álfgeirstungur
106 Þjórsárver



Fæstar friðlýsingar eru á náttúruverndaráætlun

Sjö svæði voru friðlýst á árinu 2011. Aðeins tvö þeirra voru á náttúruverndaráætlun sem samþykkt er af Alþingi. Sveitarfélög og landeigendur eiga frumkvæði að öðrum friðlýsingum. Til skoðunar er að breyta ferli friðlýsinga.

Fæst þeirra náttúrusvæða sem friðlýst eru er að finna á náttúruverndaráætlun. Slík áætlun er samþykkt af Alþingi og í henni er að finna stefnumótun í slíkum málum. Nokkurs konar óskalista þingsins um svæði sem það vill sjá friðlýst. Það er ekki sjálfgefið að svæði sem Alþingi samþykkir á náttúruverndaráætlun njóti á endanum friðlýsingar. Til þess að svo verði þurfa samningar við eigendur landsins að ganga upp og sú er ekki alltaf raunin.

„Við eigum svæði á náttúruverndaráætlun sem eru strand og ekki hefur tekist að hreyfa við. Stundum er það vegna andstöðu viðkomandi sveitarfélags og stundum landeiganda. Sú staða getur komið upp að einn landeigandi af mörgum sé andsnúinn og þá er málið komið í hnút," segir Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra.

Tillögur um friðlýsingu

Í upphafi árs var ráðinn sérfræðingur á Umhverfisstofnun sem unnið hefur að málefnum friðlýsinga og þykir það hafa styrkt þá vinnu mjög og aukið skilvirkni. Lögð hefur verið áhersla á breytt vinnubrögð og ýtt undir frumkvæði sveitarfélaga og annarra aðila.

Grunnforsenda þess að ferlið við friðlýsingu gangi vel er að samvinna náist með öllum aðilum. Sveitarfélögin fara með skipulagsvaldið og því er aðkoma þeirra að ferlinu mikil. Þegar frumkvæði að friðlýsingu kemur frá sveitarfélaginu auðveldar það því vinnuna að miklu leyti.

Náttúruverndaráætlun er viljayfirlýsing Alþingis og umhverfisráðherra. Ráðherra getur einnig gert tillögur um sérstök svæði, oftar en ekki eftir ábendingar. Dæmi um slíkt er Kalmanshellir, en bæði landeigendur og sveitarfélagið óskuðu eftir friðlýsingu hans. Friðlýst svæði við Andakíl var stækkað á árinu, að tillögu umhverfisráðuneytis.

Þá eru einnig dæmi um að stofnanir leggi til friðlýsingu, líkt og varðandi Dimmuborgir, en tillaga að friðlýsingu þeirra kom frá Landgræðslu ríkisins. Umhverfisstofnun lagði svo til friðlýsingu Hverfjalls, svo eitthvað sé nefnt.

Veik náttúruverndaráætlun

Svandís segir að umhverfi þessara mála sé í skoðun. Horft sé til þess hve veik náttúruverndaráætlun sé í raun og veru. „Við erum kannski með 12 til 14 svæði á henni ætluð til friðlýsingar, en tekst kannski ekki að klára nema fjögur. Það er kannski eitthvað að því hvernig þetta ferli hefst," segir Svandís.

Þar vísar hún til þess að tillögurnar séu samþykktar af Alþingi og í raun skorti oft á samráði við eigendur og forsvarsmenn svæðanna sem eigi að friðlýsa. Betra sé að það sé gert strax. Nú séu forsendur friðlýsinga fyrst og fremst vísindalegar.

„Við erum fyrst og fremst núna á forsendum náttúrufarsins, en ekki á samfélagslegum forsendum. Þú getur kannski náð sama árangri á öðru svæði þar sem sveitarstjórnin er jákvæðari, eða á þjóðlendu en ekki landi í einkaeign. Við höfum verið að skoða þetta og um þetta er heilmikill kafli í Hvítbókinni." Þar er vísað til Hvítbókar um náttúruvernd sem kom út í haust, en verður grundvöllur að nýjum náttúruverndarlögum.

Fjölga flokkum

Lengi vel voru friðlýsingar frekar tilviljunarkenndar en í tveimur síðustu náttúruverndaráætlunum hefur verið reynt að innleiða þá hugmyndafræði að vernda á grunni vísindalegrar þekkingar og beita viðurkenndum aðferðum við mat á verndargildi náttúruminja.

Á þetta verður lögð sérstök áhersla og í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands vill nefndin sem vann að Hvítbókinni, að skipulega verði unnið að því að mynda net verndarsvæða hér á landi og í hafinu umhverfis landið.

Það ætti að tryggja nægjanlega vernd til þess að viðhalda líffræðilegri fjölbreytni landsins og á sama hátt ætti slíkt svæðanet að tryggja skipulega vernd landslags og jarðmyndana. Þá vill hún að friðlýsingarflokkum verði fjölgað og endurspegli með skýrari hætti tilgang og markmið friðlýsinga.

Heimild til eignarnáms

Það hefur verið stefna stjórnvalda að friðlýsa ekki svæði í andstöðu við landeigendur og viðkomandi sveitarfélög þrátt fyrir heimildir til þess. Þannig hafa hagsmunir heildarinnar og náttúrunnar þurft að víkja ef landeigandi eða viðkomandi sveitarstjórn eru mótfallin friðlýsingu.

Þar sem skipulagsvaldið er í höndum sveitarfélaga hafa einstaka sveitarfélög getað staðið gegn friðlýsingu, jafnvel á landi ríkisins.

Svandís bendir á að ráðherra skuli leita umsagna sinna stofnana. Sé ráðherrann hins vegar býsna brattur og ákveði að friðlýsa, hverjar sem umsagnir stofnana væru, gæti ráðherra farið í eignarnám og friðlýst þvert á vilja landeiganda og sveitarfélaga.

„Ákvæðið er í náttúruverndarlögum en þetta hefur bara aldrei verið gert. Lagaheimildin er samt til staðar og fyrir kæmu þær bætur sem eigandinn gæti sýnt fram á, rétt eins og þegar um er að ræða orkuframkvæmdir eða vegagerð."

Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is

Svæði friðlýst 2011*

Svæði sem voru friðlýst	Beiðni um friðlýsingu	Staðfesting
Andakíll (Hvanneyri) stækkun	Umhverfisráðuneytið	2. febrúar
Hálsar – búsvæði tjarnarklukku	Náttúruverndaráætlun	10. febrúar
Dimmuborgir	Landgræðsla ríkisins	22. júní
Langisjór, Eldgjá og nágrenni	Náttúruverndaráætlun	12. júlí
Kalmanshellir	Árni B. Stefánsson og landeigendur	19. ágúst
Viðey í Þjórsá	Landeigendur	24. ágúst

*Að auki voru endurskoðaðar friðlýsingar á Böggvisstaðafjalli við Dalvík, Einkunnum í Borgarbyggð, Óslandi í Hornafirði og Surtsey.

SAMA LÁGA VERÐIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN

netto mjödd opið dag & nótt

skráðu þig á póstlistann á www.netto.is | aðeins nettó mjódd er opin allan sólarhinginn fram til jóla | upplýsingar um opnunartíma er að finna á www.netto.is

5.154 **KRÓNUR** voru meðalútgjöld hvers heimilis til kaupa á gosdrykkjum, söfum og vatni í hverjum mánuði á síðasta ári samkvæmt samantekt Hagstofu Íslands.

■ Tilboð

Viðskiptavinir taka óskynsamlegar ákvarðanir

Neytendur láta blekkjast af tilboðum, að því er rannsóknir Kjelds Jensen, sérfræðings í hegðun neytenda, og Daniels Kahneman, bandarísks sálfræðiprófessors, sýna.

Í nýrri rannsókn þeirra gátu 2.000 Danir valið á milli tveggja gjafabréfa. Verðmæti annars var 100 danskar krónur og var það ókeypis. Verðmæti hins var 200 danskar krónur en það kostaði aftur á móti 70 krónur. Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar völdu 78 prósent þátttakenda ókeypis gjafakortið þótt þeir snuðuðu sig þar með um 30 krónur, að því er danska blaðið Politiken greinir frá.

■ Barnavagnar

Geta valdið slysi

Mikil mildi þykir að rúmlega eins árs gamalt barn skuli ekki hafa stungið upp í sig ró sem það hélt á þegar dagmóðir fór að sinna því þar sem það lá úti í barnavagni. Róin var af þeirri stærð að hún hefði auðveldlega geta valdið köfnun hjá barni, að því er Herdís L. Storgaard, verkefnisstjóri hjá Árvekni-Slysavörnum barna og unglinga, greinir frá í tilkynningu sem hún hefur sent fjölmiðlum.

Hún telur frágang á rónni ekki vera fullnægjandi þar sem hægt sé að losa hana af skrúfunni. Þar að auki snúi hún inn í vagninn sem auðveldi barninu að losa hana hafi hún ekki verið hert.

Herdís segir atvikið hafa verið tilkynnt til Neytendastofu.

Neytendur láta vita um brot á reglum um útsölur

Eftir sex vikna útsölu telst útsöluverð vera orðið almennt verð og þá þarf að lækka verðið aftur ef varan á enn að vera á útsölu samkvæmt reglum Neytendastofu sem fer með eftirlit á útsölum. Neytendastofa skoðar meðal annars hvort auglýst upphaflegt verð sé í raun það verð sem varan var fyrst seld á. Seljendur hafa ekki alltaf getað sýnt fram á slíkt með gögnum.

Talsvert er um að neytendur hafi samband við Neytendastofu vegna meintra brota á reglum um útsölur og tilboð, að sögn Þórunnar Önnu Árnadóttur, sviðsstjóra á neytendaréttarsviði. „Eftirlit okkar með útsölum byggist að miklu leyti á ábendingum frá neytendum," tekur hún fram.

Í reglunum um útsölur, sem settar voru til að koma í veg fyrir að neytendur séu blekktir, segir að seljandi verði að geta sannað að vara eða þjónusta hafi verið seld á því verði sem tilgreint er sem fyrra verð. „Í sumum tilfellum hafa seljendur ekki getað sýnt fram á það með gögnum en í öðrum tilfellum hafa þeir getað gert það. Ef menn hafa ekki getað það tökum við ákvörðun um að um brot sé að ræða. Það fer svo eftir eðli málsins hvort við sektum eða ekki," segir Þórunn Anna.

Hún getur þess að tekið sé tillit til þess hvort um fyrsta brot sé að ræða og hversu umfangsmikið brotið er.

Mikilvægt er að nægilegar upplýsingar fylgi ábendingum frá neytendum, að sögn Þórunnar Önnu. „Við bregðumst við ef nægar upplýsingar fylgja. Það er ekki hægt ef sagt er til dæmis að um sé að ræða svartan kjól í ákveðinni verslun."

Verðlækkun verður að felast í því að seljandi bjóði vöru á lægra verði en hann selur sams konar vöru venjulega á. Hafi verð verið hækkað í þeim tilgangi að geta síðan lækkað það myndi slíkt brjóta í bága við ákvæði lagagreinarinnar um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu þar sem fjallað er um útsölur og tilboð, að því er kemur fram á vef Neytendastofu, www.neytendastofa.is.

Á vef Neytendasamtakanna, www.ns.is, segir að í verklagsreglum um skilarétt, gjafabréf og inneignarnótur komi fram að talið sé ósanngjarnt fyrir seljandann ef engar takmarkanir séu á notkun inneignarnótu á útsölu. Eðlilegt sé að þetta atriði sé umsemjanlegt.

Afar algengt virðist hins vegar vera að notkun inneignarnótna sé alfarið bönnuð á útsölum.

Ráð sé að reyna að semja um að fá að nota inneignarnótuna og borga þá verðið sem var á vörunni áður en hún fór á útsölu óttist neytandinn að varan seljist upp.

ÚTSALA Reglur um útsölur voru settar til að koma í veg fyrir að neytendur séu blekktir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ibs@frettabladid.is

Eitt fjall á viku með FÍ 2012

Gakktu á eitt fjall í viku með Ferðafélagi Íslands á nýju ári

Nýársgjöfin frá þér til þín er bætt líðan og betra form á nýju ári.
Upplifðu íslenska náttúru í skemmtilegum félagsskap undir öruggri fararstjórn og lærðu að þekkja landið. Esjan, Keilir, Helgafell, Botnssúlur, Hvannadalshnúkur, Akrafjall, Réttarfell, Löðmundur og 44 önnur fjöll.
Dagsferðir allt árið og tvær helgarferðir að auki.

Námskeið og sértilboð í verslunum fylgja. Komdu með okkur og finndu náttúrubarnið í hjarta þínu.
Verð kr. 52.000

Stjórnandi verkefnisins: Páll Ásgeir Ásgeirsson.

Kynningarfundur í sal FÍ í Mörkinni 6, 3. janúar 2012 kl. 20.00

Skráning á skrifstofu Ferðafélags Íslands í síma 568 2533. Heimasíða FÍ www.fi.is

Skráðu þig inn
drífðu þig út
Ferðafélag Íslands

20%
AFSLÁTTUR

AF ALLRI
SÉRSNYRTIVÖRU

TIL ÁRAMÓTA!

GOSH COSMETICS · HELENA RUBINSTEIN · CLARINS · Dior · SHISEIDO · Kanebo INTERNATIONAL

ESTĒE LAUDER · Elizabeth Arden · GUERLAIN · CHANEL · CLINIQUE

BIOTHERM · BOSS HUGO BOSS · GUCCI · LANCÔME PARIS · DIESEL · fcuk

YVES SAINT LAURENT Parfums · VERSACE · GIORGIO ARMANI · DOLCE & GABBANA

STELLA McCARTNEY · MARC JACOBS · cacharel · Calvin Klein

BOURJOIS PARIS · ISSEY MIYAKE PARFUMS · Ed Hardy · TRUE RELIGION · BURBERRY

OPNUNARTÍMI VERSLANA: www.hagkaup.is/opnunartimi

HAGKAUP
Ein fers betra vers

SACLA PESTÓVEISLA!

KALKÚNASKIP
FRÁ ÍSFUGL
3398
KR./KG

LJÚFFENGIR EFTIRRÉTTIR Í MIKLU ÚRVALI!

ERLENDIR OG ÍSLENSKIR OSTAR

Fyllingar:
- með apríkósum
- með döðlum
- amerísk fylling

FYLLTAR KALKÚNA-
BRINGUR FRÁ ÍSFUGL
3698
KR./KG

AÐEINS ÍSLENSKT KJÖT Í KJÖTBORÐI

NÓATÚNS HAMBORGAR-
HRYGGUR
1598
KR./KG

ÚR KJÖTBORÐI · BESTIR Í KJÖTI · ÚR KJÖTBORÐI

AÐEINS ÍSLENSKT KJÖT Í KJÖTBORÐI

LAMBAFILLE
MEÐ FITURÖND
3778
KR./KG

ÚR KJÖTBORÐI · BESTIR Í KJÖTI · ÚR KJÖTBORÐI

FRÖNSK BARBERRY
ANDABRINGA
3998
KR./KG

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl

EXPO • www.expo.is

DAG Nótt noatun.is 24·7

NÓATÚN

Við gerum meira fyrir þig

KALKÚNN, FERSKUR
1998 KR./KG

Úrval, gæði og þjónusta í Nóatúni

AÐEINS ÍSLENSKT KJÖT Í KJÖTBORÐI

HÁTÍÐARLAMBALÆRI NÓATÚNS 2011
2498 KR./KG

AÐEINS ÍSLENSKT KJÖT Í KJÖTBORÐI

GRÍSABÓGUR HRINGSKORINN
698 KR./KG

OSTAHÚSIÐ GJAFAASKJA NR. 2
2998 KR./PK.

ORA JÓLASÍLD 2011
898 KR./STK.

SÆLKERA HÖRPUSKEL
1598 KR./PK.

DESERT OSTAR
10% afsláttur

MARENGS TOPPAR
199 KR./PK.

DGF TYTTEBERJASULTA
698 KR./STK.

MELBA TOAST KEX
198 KR./PK.

CARR'S KEX, 2 TEGUNDIR
159 KR./PK.

ST.DALFOUR SULTUR, 3 TEGUNDIR
419 KR./STK.

NÓATÚN

ERLENDAR FRÉTTAMYNDIR ÁRSINS 2011

NÝTT RÍKI Í AFRÍKU Íbúar Suður-Súdans fögnuðu ákaft 9. júlí þegar stofnun sjálfstæðs ríkis var orðin að veruleika. Aðildarríki Sameinuðu þjóðanna eru þá orðin 193 talsins. NORDICPHOTOS/AFP

NÁTTÚRUHAMFARIR Í JAPAN Hinn 11. mars varð jarðskjálfti úti af norðausturströnd Japans sem mældist 9 stig, sá stærsti sem orðið hefur þar á seinni öldum. Í framhaldinu lagði risaflóðbylgja stóran hluta strandbyggðarinnar í rúst. Þar á meðal urðu miklar skemmdir á kjarnorkuveri í Fukushima. Meira en 18.000 manns létust og hundruð þúsunda misstu heimili sín. NORORDICPHOTOS/AFP

Kreppa, hamfarir, byltingar og mótmæli

Erlendar fréttir ársins 2011 hafa markast af náttúruhamförum, efnahagserfiðleikum og þjóðfélagsólgu, bæði í ríkjum arabaheimsins og kreppulöndum Vesturheims, eins og sjá má á myndum frá nokkrum helstu viðburðum ársins.

BYLTING Í LÍBÍU Mynd af Múammar Gaddafí stungið í ruslagám í Trípolí, höfuðborg Líbíu, þar sem íbúar gerðu byltingu með aðstoð NATO. Nærri fjörutíu ára veldi Gaddafís féll í ágúst en hann náðist og var drepinn 20. nóvember. NORDICPHOTOS/AFP



BIN LADEN DREPINN Hryðjuverkaleiðtoginn Osama bin Laden fannst í vor, nærri átta árum eftir 11. september 2001. Bandarískir sérsveitarmenn höfðu uppi á honum í bænum Abbottabad í Pakistan og drápu. Líkinu var hent í hafið. NORDICPHOTOS/AFP

Á SJÚKRARÚMI Í DÓMSAL Hosni Mubarak var steypt af stóli í Egyptalandi 11. febrúar, eftir þriggja áratuga einræði. Réttarhöld yfir honum hófust 3. ágúst. Langvinnt kosningaferli hófst svo í byrjun desember. NORDICPHOTOS/AFP

FLÓÐ Í TAÍLANDI Hátt á sjöunda hundrað manns hafa látið lífið í einum verstu flóðum Taílands, sem hófust síðla sumars, náðu hámarki í október og hafa enn ekki rénað til fulls. NORDICPHOTOS/AFP

SÆKIR UM AÐILD AÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐUNUM Mahmoud Abbas, forseti Palestínustjórnar, lagði í haust fram umsókn um aðild Palestínu að Sameinuðu þjóðunum. Palestína fékk aðild að UNESCO í nóvember og Ísland varð í desember fyrst vestrænna ríkja til að viðurkenna sjálfstæði landsins. NORDICPHOTOS/AFP

HRYÐJUVERK Í NOREGI Anders Behring Breivik myrti 69 manns á ungliðasamkomu norska Verkamannaflokksins í Úteyju 22. júlí og átta manns að auki í sprengjuárás í Ósló sama dag. Nefnd geðlækna komst síðar að þeirri niðurstöðu að hann sé ekki sakhæfur vegna geðsjúkdóms. NORDICPHOTOS/AFP

FRAMHALD Á SÍÐU 18

ÚTILÍF
ÚTSALA
30-70%
AFSLÁTTUR
NÁÐU ÁRANGRI. ÚTILÍF – HOLTAGÖRÐUM. GLÆSIBÆ. KRINGLUNNI. SMÁRALIND. WWW.UTILIF.IS

ERLENDAR FRÉTTAMYNDIR ÁRSINS 2011

FRAMHALD AF SÍÐU 16

MÓTMÆLABYLGJA Mótmælahreyfingin „Hertökum Wall Street" fór af stað í New York í september og breiddist hratt til helstu borga Bandaríkjanna og Evrópu. Grímur af Guy Fawkes voru áberandi, eins og sjá mátti þarna fyrir utan banka í Frankfurt í Þýskalandi. NORDICPHOTOS/AFP

BYLTING Í TÚNIS „Leiknum lokið" stendur á skilti í mótmælum í Túnis 14. janúar, daginn sem Zine El Abdine Ben Ali forseti flúði land aðeins fáeinum vikum eftir að uppreisnin hófst. Hann varð fyrstur þjóðarleiðtoga arabaheimsins til að hrekjast frá völdum undan uppreisnaröldunni í þessum heimshluta á árinu. Efnt var til kosninga 23. október og unnu flokkar hófsamra íslamista sigur. NORDICPHOTOS/AFP

ÓEIRÐIR Í GRIKKLANDI Grikkir hafa reglulega mótmælt af miklum krafti þeim aðhaldsaðgerðum sem stjórnvöld hafa neyðst til að fara út í til að ráða við skuldabáknið, sem er að sliga ríkisbúskapinn og hefur um leið grafið undan stöðugleika evrusvæðisins alls. NORDICPHOTOS/AFP

FÆKKAÐU SÍGARETTUNUM MEÐ TROPICAL FRUIT

NÝTT
MINNI REYKINGAR
MEIRA TROPICAL FRUIT

AÐ DRAGA ÚR REYKINGUM ER LÍKA SKREF Í RÉTTA ÁTT

Nicotinell er samstarfsaðili Krabbameinsfélagsins

Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli.
Nicotinell lyfjatyggigúmmí inniheldur 2 mg eða 4 mg nikótín (nikótínpólacrillín). Nicotinell lyfjatyggigúmmí er notað til að draga úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum nikótíns hjá einstaklingum sem eru háðir nikótíni. Þannig getur það auðveldað reykingafólki sem vill hætta að reykja að hætta eða að draga úr reykingum. Ekki má nota fleiri en 25 stk. 2 mg lyfjatyggigúmmí eða meira en 15 stk. 4 mg lyfjatyggigúmmí á sólarhring. Ef þú ert með ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju öðrum innihaldsefnum eða reykir ekki má ekki nota Nicotinell lyfjatyggigúmmí. Ráðfærðu þig við lækninn eða lyfjafræðing ef þú hefur nýlega fengið hjartabilun eða hjartastopp - ert með hjartasjúkdóma, of háan blóðþrýsting, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtil, ofvirkar nýrnahettur, alvarlega skerta nýrna- og/eða lifrarstarfsemi eða magasár. Ef þú ert barnshafandi eða með barn á brjósti máttu einungis nota lyfið í samráði við lækni. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 18 ára nema í samráði við lækni. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.
Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhraun 12a, 210 Garðabæ.

ERLENDIR VENDIPUNKTAR 2011

Snúningur sögunnar

Efnalegar, hugmyndalegar og pólitískar forsendur vestræns forræðis í heiminum eru að hverfa, segir *Jón Ormur Halldórsson*. Við stöndum við vatnaskil en sjáum varla út úr augum. Breyttur heimur mun birtast eftir skuldakreppu Vesturlanda sem dundi yfir vegna sjálfsblekkinga og ábyrgðarleysis.

BANDARÍKJAHER FARINN FRÁ ÍRAK Bandaríska heimsveldið, akkeri alþjóðakerfisins, hrökklaðist frá Írak undir árslok, rúið trausti og virðingu. NORDICPHOTOS/AFP

Þetta var vont ár fyrir Vesturlönd. Eitt það versta í minni flestra manna. Og verra en marga grunar. Vandræðunum mátti þó afstýra með sæmilegri skynsemi, dálítilli hófsemi og minna ábyrgðarleysi þeirra sem aðrir treystu. Þess vegna varð þetta líka ár virðingarleysis hins almenna manns fyrir öllum þeim sem á liðnum árum hafa krafist tiltrúar í krafti þess að kunna eitthvað sem öðrum var hulið, hvort sem þeir klæddust gráum búningum bankamanna, kuflum kennimanna, virðulegum fötum valdamanna eða kauðslegri flíkum fræðimanna. Þetta var ekki ár stórra sanninda heldur ár reiði og ringlunar.

Þungir straumar

Það var auðvitað mikið um stóra atburði á árinu en fæstir þeirra skiptu þó miklu máli svona einir og sér. Saman opna þeir okkur hins vegar sýn á þunga strauma sögunnar. Til þess að skilja atburði ársins 2011 og sjá snúning mannkynssögunnar nægir að líta tuttugu ár aftur í tímann. Þá sýndust um stund öll vötn falla til einnar áttar. Menn ræddu jafnvel um enda sögunnar í þeim skilningi að tími átaka um skipan framleiðslu og almenna skikkan stjórnmála heyrði fortíðinni til. Alþjóðlegur kapítalismi og vestrænt lýðræði hefði unnið fullan sigur. Nú sýnast vötn falla til allra átta í senn. Við erum greinilega á vatnaskilum en sjáum varla út úr augum.

Annus mirabilis

Sumarið 1991 opnaði breski vísindamaðurinn Tim Berners-Lee veraldarvefinn með belgískum aðstoðarmanni sínum við evrópska stofnun í Sviss. Vefurinn bjó til tæknilegar forsendur heimsvæðingar í atvinnulífi, menningu, mannlífi og stjórnmálum. Heimsvæðingin hefur bylt viðfangsefnum stórs hluta jarðarbúa, stöðu heilla þjóða, sýn milljarða manna og flestum hlutföllum í heiminum. Mánuði fyrr hafði gjaldeyriskreppa neytt Indland til að tengjast hagkerfi heimsins. Atvinnulíf þessa risaríkis hafði verið lokað á bak við háa múra því þarna, eins og víða, höfðu menn lengi litið svo á að alþjóðlegur kapítalismi og nýlendustefna væru eitt og það sama. Um vorið hafði sigur Bandaríkjanna í stríðinu um Kúveit virst marka nýja skipan heimsmála.

Staðfesting

Á annan dag jóla var svo staðfest nýtt hagkerfi heimsins, ný skipan alþjóðamála og pólitískar forsendur heimsvæðingar. Þá var fáni Sovétríkjanna dreginn niður í hinsta sinn. Ekki var aðeins helsi létt af hálfri Evrópu heldur var heimurinn líka leystur úr viðjum staðnaðra átaka um gamla hagsmuni klædda í flíkur hugmynda. Kapítalisminn átti sér ekki lengur keppinauta í orði né á borði.

Stækkun heimsins

Nema, héldu menn, helst í Kína sem var að lokast aftur eftir að misræmið á milli viðskiptafrelsis og pólitískrar þvingunar varð meira en kommúnistaflokkurinn réði við. En vorið 1992 fór Deng Xiao Ping í afdrifaríkustu ferð sem eftirlaunþegi hefur nokkru sinni farið. Deng var að nálgast nírætt og formlega valdalaus. Í Austur-Asíu eru tákn dýrari en orð og prívat heimsókn Dengs til frjálslyndustu borga Suður-Kína

var ein súpa af táknmyndum sem ráðamönnum í Peking svelgdist á. Fáeinum vikum eftir að Deng kom heim úr sinni reisu hafði pólitíkin í stærsta ríki jarðarinnar breyst. Mesta bylting mannkynssögunnar fór af stað. Hundruð milljóna manna bættust við hagkerfi heimsins. Og fljótlega líka í hópinn sem stýrir heiminum með yfirþyrmandi en ómeðvituðum styrk. Alþjóðlegt samfélag neytenda.

Gullöld neyslunnar

Í hönd fór nær tuttugu ára gullöld kapítalisma og neysluhyggju. Netið bylti skipulagi framleiðslu í heiminum. Þetta skipti meira máli en það sem snýr að neytendum og allir þekkja. Fall Sovétríkjanna var frelsun þjóða í Evrópu en um leið kerfisbreyting á heimsvísu. Indland og Kína eru ekki bara tvö ríki. Hlutdeild þeirra í mannfjöld heimsins er söm hlutdeild Reykjavíkur í íslensku þjóðinni. Miklu fleiri ríki risu upp allt frá Brazilíu og Tyrklandi til Malasíu og S-Kóreu. Og framleiddu ódýrt. Neysluhyggjan varð hin alþjóðlega hugmyndafræði. Musteri hennar risu um allar jarðir og urðu staðir keimlíkra drauma um lífið sem tengdu strönd við strönd. Kapítalisminn sameinaði heiminn en sundraði stundum þjóðum.

Annus horribilis

Tuttugu árum eftir að þessi gullöld hófst mætum við áramótum í skugga heimskreppu. Bandaríska heimsveldið, akkeri alþjóðakerfisins, hrökklaðist frá Írak undir árslok, rúið trausti og virðingu. Þar fór það eina sem heimsveldi getur ekki verið án. Óttinn við afl þess. Þetta er ein hlið þess máls að Vesturlönd eru ört að missa sérstöðu sína í heiminum. Stærri hlið á því máli en sú hernaðarlega er efnahagsleg. Og á því sviði var árið 2011 ár vatnaskila. Ár skuldadaga. Um leið sást enn önnur hlið málsins, sú hugmyndalega. Það var tímanna tákn að liðsmenn arabíska vorsins litu ekki til vesturs og líta ekki enn. Það gera hugmyndasmiðir ört vaxandi ríkja Austurlanda ekki heldur. Í kreppu sinni standa Vesturlönd í sporum hins klæðalausa keisara.

Hvað gerðist?

Efnalegar forsendur vestræns forræðis í heiminum eru að hverfa. Vesturlönd knýja ekki lengur hagkerfi heimsins. Leiti menn að einni skýringu má benda á vaxandi ójöfnuð innan vestrænna ríkja og rekja sig þaðan. Hann er að hluta vegna heimsvæðingar en ólík reynsla opnustu hagkerfa sýnir þó glöggt að alla múra má fella án aukins ójöfnuðar ef vel er hugað að menntun og mannfólki. Jöfnuður getur vaxið við opnun ef rétt er á haldið. Heimsvæðingin hvetur þó til ójöfnuðar á þann hátt að allir lenda á alþjóðlegum markaði, hvort sem þeir kunna flókna hluti eða einfalda. Þeir sem kunna flókna hluti stækka markað sinn og hagnast betur. Þeir sem kunna aðeins einfalda hluti lenda í beinni samkeppni við mergð manna sem geta gert það sama fyrir lægra kaup en nægir til lífs á Vesturlöndum. Þess vegna hættu rauntekjur meirihluta manna að vaxa í Bandaríkjunum og víða í Evrópu, þótt tekjur hálaunamanna hækkuðu ört.

Blekking og skuldir

Staðnaðar tekjur leiddu þó ekki til stöðnunar í neyslu. Sem hefði verið pólitískt erfitt. Bankar heimsins sáu til þess að ráðamenn þurftu ekki að finna leiðir til að samræma tekjur og útgjöld. Hagur neytenda fór því batnandi án þess að heilbrigður vöxtur væri í atvinnulífi. Mismunurinn var fenginn að láni, mest frá Asíu, þar sem menn lögðu fyrir stóran hluta ört vaxandi tekna sinna. Ráðdeild Asíumanna reyndist ógæfa Vesturlanda því fátt var um varnir gegn ódýrum peningum. Bankamenn sem tóku við flóðbylgju peninga frá Austurlöndum sýndust allt í einu miklir snillingar. Eins og töframenn sem draga kanínur upp úr tómum höttum. Stjórnmálamenn sem losuðu um allar hömlur á töframennsku sýndust engu minni menn. Svo lengi sem kanínur komu uppúr hattinum voru menn kátir og mærðu snilld hver annars. Þetta var þó auðvitað alltaf sama kanínan og hún lánsgripur austan úr heimi.

> Sumpart er ljóst hvert vötnin falla. Heimur Vestursins er mest að baki, heimar Austursins og Suðursins blasa við þótt flest kennileiti þar séu enn hulin móðu.

Sú tæra snilld

Snilldin var fólgin í því að aftengja peninga frá veruleikanum, líkt og hattinn með kanínunum. Í stað þess að fjármagna framfarir í framleiðslu fóru bankar að búa til nýjan veruleika til hliðar við þennan gamla gráa sem borgar ekki bónusa. Bara brot af bankastarfsemi tengdist framleiðslu og viðskiptum með hluti og þjónustu. Úr þessu varð oft mikil furðusmíð. Við sáum eina hér á Íslandi og kölluðum hana útrás. Álíka furðuverk úr lofti og blekkingum urðu til annars staðar.

Valdataka neytenda

Hið pólitíska samhengi fólst í því að kjósendur voru leystir frá störfum og neytendum falið þjóðfélagsvaldið í staðinn. Þetta var sami hópurinn en þó með ótrúlega ólíka sýn. Það þurfti ekki lengur að finna jafnvægi eyðslu og tekna, hvorki á heimilum né í fyrirtækjum eða hjá hinu opinbera. Ráðamenn gerðust klappstýrur. Arður af vinnu milljarða handa í austur í Asíu streymdi um heiminn sem ódýrt lánsfé. Vanda var mætt með bólum í eignaverði sem gerði síaukna skuldsetningu mögulega. Það ótrúlega er hvað það kom á óvart þegar þetta sprakk.

Vatnaskil

Sumpart er ljóst hvert vötnin falla. Heimur Vestursins er mest að baki, heimar Austursins og Suðursins blasa við þótt flest kennileiti þar séu enn hulin móðu. Hlutföll í heiminum falla sífellt meira að mannfjölda og minna að gömlum forréttindum. Jöfnuður á milli landa fer ört vaxandi, öfugt við það sem oft er sagt, en jöfnuður innan þeirra fer minnkandi. Reynsla nýliðinna ára dregur úr bjartsýni á getu vestrænna ríkja til að finna sér það sem kalla má í víðum skilningi, sjálfbæran lífsmáta í breyttum heimi. Viska hefur ekki ráðið ferð á valdatíma Vestursins. Við erum ekki lengur þekkt fyrir að kunna fótum okkar forráð. Hvað tekur við er óvíst. Ekki að undra að öryggisleysi er tilfinning tímans. Bandaríkin eru þó enn öflugasta hagkerfi heimsins og gamla Evrópa er ekki dauð. Hún er notalegri, menntaðri og víða jafnari og frjórri en önnur pláss. En ekki lengur til miðju.

Stærra en þau stóru

Allt fellur þetta þó í skuggann af vaxandi skilningi vísindanna á tilverunni. Árið skilaði okkur hraðar áfram í þeim efnum en kannski nokkurt eitt ár síðan 1905. Menn skilja aðeins betur óravíddir alheimsins. Eða heimanna. Og innsta eðli efnisins. Við erum örlítið nær því að skilja hvers vegna eitthvað er. Eða virðist vera.

Jón Ormur Halldórsson er dósent við Háskólann í Reykjavík og fastur pistlahöfundur í Fréttablaðinu.

Erlendir vendirpuktar 2011
Fréttablaðið gerir upp árið með greinum um innlenda vendipunkta eftir valda höfunda. Vendipunktarnir snúast um markverðar fréttir og atburði sem gerðust á árinu og gætu haft áhrif til frambúðar á Íslandi.

skoðun

greinar@frettabladid.is

Baráttan um söguna er í algleymingi.

Prýstihópar

Hópur lögmanna ýmissa sakborninga sem eru til rannsóknar vegna ætlaðra efnahagsbrota skrifuðu grein skömmu fyrir jól. Þar hvöttu þeir fjölmiðla landsins til „að sýna þann siðferðisstyrk að leyfa mönnum að njóta sjálfsagðra mannréttinda þar til leyst hefur verið úr ágreiningi um sekt þeirra fyrir dómstólum“.

Einn úr hópnum, Reimar Pétursson, skrifaði síðan aðra grein, sem birtist í Morgunblaðinu á aðfangadag. Þar segir hann vanda fjölmiðla vera mikinn „þegar kemur að aðhaldshlutverki þeirra gagnvart stjórnvöldum eða öðrum ráðandi öflum í þjóðfélaginu“. Þetta leiði til þess að „fjölmiðlar veita sérstökum saksóknara lítið sem ekkert aðhald, annað en það að krefjast jafnvel enn meiri hörku gagnvart sakborningum. Tíðarandinn og rekstur fjölmiðla krefst þess. Allir ættu að hafa þetta í huga við lestur frétta um rannsóknir sérstaks saksóknara“.

SKOÐUN
Þórður Snær Júlíusson
thordur@frettabladid.is

Í nýlegri greinargerð lögmanns Baldurs Guðlaugssonar, sem hefur verið dæmdur sekur fyrir innherjasvik og brot í opinberu starfi, segir að Baldur hafi orðið fyrir „dæmalausum áföllum og ágangi á mannorð sitt og allt persónulegt starf og líf, en þar hefur fjölmiðlaumfjöllun spilað stórt hlutverk“. Inntakið hjá öllum er það sama; fjölmiðlar eiga ekki að fjalla um þessi mál. Ef þeir gera það eru þeir gerendur. Bera ábyrgðina og skömmina sem fylgir því að dæma menn fyrir fram. Fjölmiðlar sinna aðhaldshlutverki sínu best, að þeirra mati, með því að segja ekki fréttir.

Svona aðfinnslur eru ekki nýjar af nálinni. Meintir sakamenn og aðilar á þeirra vegum hafa ítrekað reynt að hafa óbein áhrif á fréttaskrif með ýmsum hætti á liðnum árum. Oftast eyða þeir reyndar mestu púðri í að upplýsa hversu léleg rannsóknarskýrslan sé, hversu illa gefnir rannsakendur þeirra séu og hversu illa gefinn fréttamaðurinn sé ef hann taki ekki undir með þeim. Það er að vissu leyti skiljanlegt að þessir aðilar hagi málflutningi sínum svona. Flestir þeirra hafa stórar hugmyndir um eigið ágæti, sumir virðast beinlínis upplifa sig sem einhvers konar hálfguði, og sjálfsmynd þeirra er beintengd við það sem þeir gerðu á hinum fölsku uppgangstímum. Þeir hafa því lítinn áhuga á að sjá hana molna með því að tengjast raunveruleikanum.

En hlutverk fréttastofa fjölmiðla er einfalt; að segja fréttir. Þær reyna að gera það heiðarlega og með það fyrir augum að upplýsa lesendur eða áhorfendur sína. Það er meginhlutverk þeirra og við þá liggur trúnaður fréttastofu. Þær eiga að segja satt, ekki að gæta hagsmuna. Hvorki sakborninga né annarra.

Á Íslandi áttu sér stað atburðir sem eru einstæðir. Umfang blekkingarinnar var hvergi meiri og afleiðingar hennar höfðu gríðarleg áhrif á allt samfélagið. Þetta kemur okkur öllum við og sakamálarannsóknir hrunsins eru því ekki einkamál sakborninga. Málflutningur lögmannanna og skjólstæðinga þeirra verður að skoðast í ljósi þess að hér er háð barátta á milli gerenda í viðskiptum, innan embættismannakerfisins eða í stjórnmálum fyrir bankahrun um hvernig sagan verði skrifuð. Tilraunir til að hafa áhrif á fréttaumfjöllun eru stór liður í þeirri baráttu. Allir ættu að hafa þetta í huga þegar þeir lesa gagnrýni þeirra á störf fjölmiðla.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Prósentureikningurinn

Eygló Harðardóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, skoðaði fjölda frétta um formenn stjórnmálaflokkanna og birti útleggingar um það á heimasíðu sinni. Kemur í ljós að 3,21 prósent frétta fjallar um Margréti Tryggvadóttur, 10,3 prósent um Sigmund Davíð Gunnlaugsson, 19,17 prósent um Bjarna Benediktsson, 33,99 prósent um Jóhönnu Sigurðardóttur og 33,33 prósent um Steingrím J. Sigfússon. Út frá þessari tölfræði leggur Eygló á þann veg að allt of mikið sé fjallað um Steingrím miðað við þingstyrk Vinstri grænna.

Ráðherradómurinn

Þetta er skrýtin rökfræði. Svo vill til að Jóhanna er forsætisráðherra og Steingrímur er fjármálaráðherra. Þau eru oddvitar ríkisstjórnarinnar. Sem slíkir þurfa þau að svara fyrir aðgerðir ríkisstjórnarinnar til að koma landinu upp úr einhverri verstu efnahagslægð sögunnar. Það kemur þingstyrk ekkert við. Vissulega verða fjölmiðlamenn að gæta þess að öll sjónarmið heyrist, en ábyrgð hlýtur að ráða ansi miklu þegar kemur að fjölmiðlaumfjöllun.

Ruslaskrímslið

Egill Helgason kvartar yfir því að sorp hans sé illa hirt. Tæmt hafi verið hjá honum 15. desember og síðan ekki fyrr en 27. desember. Það er raunar í samræmi við reglu um tíu daga tæmingu, sem komið var á í upphafi árs. Samkvæmt henni hefði reyndar átt að tæma rusl Egils 25. desember, en það hlýtur að vera tilætlunarsemi að vilja sorptæmingu á jóladegi. Og þó, miðað við myndmál Egils var Reykjavík líkust Napolí í miðju sorpverkfalli. Spurning um að fara að flokka meira og henda minna, fyrst ekki þarf nema örfáa daga til að borgin kaffærist í rusli.

kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR

Hvað kostar leigubíll?

Ölvunarakstur

Einar Guðmundsson
Brautinni, bindindisfélagi ökumanna

Fram undan er skemmtilegur tími, áramótin. Tækifæri til að hitta vini og fjölskyldu og fagna saman. Það er ekki óalgengt að fagna nýju ári með því að skála. Margir láta það ekki nægja heldur fá sér í glas í góðra vina hópi, sem ekkert athugavert er við.

Þegar gleðinni lýkur getur verið snúið að komast heim ef enginn í hópnum er edrú. Bið eftir leigubíl getur tekið á. Svo er stórhátíðarálag og mun dýrara að taka leigubíl á nýársnótt, þannig að freistingin að nota bílinn sem stendur við útidyrnar getur orðið nokkuð mikil.

En kostnaðurinn við einn leigubíl er smámunir í samanburði við það sem getur gerst ef við veljum að aka drukkin. Minnsti kostnaðurinn er ef við erum svo heppin að lögreglan stöðvar okkur, þá er það bara 70-160 þúsund auk þess að missa prófið í allt að tvö ár miðað við fyrsta brot og að ekkert annað brot hafi verið framið.

Ef tjón verður er bíllinn ótryggður og það lendir á okkur. Margir hafa tapað öllu vegna þess. En það er ekki stærsta refsingin því sá sem verður valdur að slysi eða bana annarrar manneskju getur aldrei fyrirgefið sér að hafa valið bílinn í stað þess að taka leigubíl.

Þegar við fáum okkur í glas deyfum við dómgreindina smátt og smátt og þegar að heimferð kemur er ekki víst að hún sé til staðar til að stoppa okkur. Fyrir bragðið teljum við ekkert mál að aka ölvuð, þó svo við við myndum aldrei láta okkur detta það í hug edrú. Ráðið við þessu er bara að skilja bílinn eftir heima eða afhenda öðrum, sem ætlar ekki að drekka, bíllykilinn.

> Þegar við fáum okkur í glas deyfum við dómgreindina smátt og smátt og þegar að heimferð kemur, er ekki víst að hún sé til staðar til að stoppa okkur.

Látum ekki ölvunarakstur eyðileggja fyrir okkur áramótin. Er ekki upplagt að eitt af áramótaheitunum sé að aka aldrei undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna? Slíkt heit er fjárfesting til framtíðar.

Gleðilega hátíð.

Krossgáta í helgarblaðinu



Ekki missa af krossgátunum sem birtast vikulega í helgarblaðinu. Þær eru efnismiklar, fjölbreyttar og skemmtilegar áskoranir fyrir unnendur góðra orðaþrauta.

Í verðlaun verður vegleg gjafakarfa að verðmæti 5.000 kr. frá Te og Kaffi.

Allt sem þú þarft

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir arndis@frettabladid.is, Kristján Hjálmarsson, kristjan@frettabladid.is Trausti Hafliðason trausti@frettabladid.is og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) hdm@frettabladid.is
HELGAREFNI: Sigríður Björg Tómasdóttir sigridur@frettabladid.is MENNING: Bergsteinn Sigurðsson bergsteinn@frettabladid.is ALLT OG SÉRBLÖÐ: Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is og Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is
ÍÞRÓTTIR: Sigurður Elvar Þórólfsson seth@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson pjetur@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir kolbrun@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is

Nýr Landspítali: Slys aldarinnar?

Nýr Landspítali

Guðjón Baldursson
læknir
Seinni grein

Látið er að því liggja að bygging nýs Landspítala verði fjármögnuð fyrir sparifé landsmanna í lífeyrissjóðum sem verði fengið að láni og hafa margir af stærstu lífeyrissjóðunum undirritað viljayfirlýsingu þar að lútandi. Þá hefur verið talað um að „hagræðing muni borga byggingarkostnaðinn“! Þannig að við getum komið út í stórgróða, fengið spítalann gefins! Maður fyllist bara lotningu yfir svo mikilli reiknilist.

Rökin fyrir nálægð spítalans við Háskóla Íslands eru óskiljanleg. Einkum með hliðsjón af fjarskiptatækni sem mun þróast æ hraðar á næstu árum og gera mönnum kleift að nota fjarfundabúnað og fjarskipti sem okkur órar varla fyrir. Háskólakennarar á Landspítalanum koma sjaldan í Háskóla Íslands. Þeir kenna á Landspítalanum sjálfum. Sjálfur var ég lektor við læknadeild HÍ í nokkur ár en ég man varla til þess að hafa átt erindi í Háskólann. Kennslan fór fram annars staðar.

Af ummælum stjórnenda byggingaverkefnisins mætti ætla að háskólakennarar á Landspítalanum verði stöðugt hjólandi á milli Landspítalans og Háskólans.

Þetta fræðaþorp með Landspítalann og Háskólann og aðrar fræðastofnanir er að mínu viti ekkert annað en sýndarveruleiki, stórt Lego-þorp sem stórir strákar í draumóraveröld eru að byggja. Rökin fyrir nálægð spítalans við Háskólann eru haldlaus.

Byggðaþróun höfuðborgarsvæðisins á næstu áratugum verður í austur og norður af augljósum landfræðilegum ástæðum. Hugsanlega gæti miðja svæðisins verið í kringum Rauðavatn, Reynisvatn eða enn austar og norðar miðað við Umferðarspá höfuðborgarsvæðisins sem var unnin fyrir Vegagerðina árið 2004.

Hringbrautarstaðsetningin er á þessari framtíðarmynd í jaðri byggðarinnar, fjærst nær allri annarri byggð og fjærst stofnæðum umferðar. Þar sem samgönguæðar eru hvað þrengstar eins og Miklabraut/Hringbraut nema til komi fjöldi mislægra gatnamóta og/eða stokkar undir umferðaræðar eins og Miklubrautina. Fjölgun íbúða fyrir stúdenta á háskólasvæðinu, Harpan, Háskólinn í Reykjavík og fjölgun gistirýma í miðborginni eykur umferðarþunga um Miklubraut/Hringbraut og Bústaðaveg og gerir aðgengið að Hringbrautarsvæðinu enn verra en ella.

Frá því svæði þar sem stofnbrautakerfi höfuðborgarsvæðisins mun mætast og miðja byggðarinnar verða samkvæmt spám getur tími sjúkraflutninga að Vatnsmýrinni skipt verulegu máli. Hver mínúta í sjúkraflutningi getur ráðið úrslitum um horfur sjúklinga sem fluttir eru.

Landspítalinn er og verður spítali allra landsmanna. Staðarval ætti að miðast við aðgengi og umferð fyrir allt landið en ekki einungis höfuðborgarsvæðið. Varðandi valkosti hafa verið nefndir nokkrir staðir á höfuðborgarsvæðinu: Elliðaárósar, Ártúnsholt, Vífilsstaðir, Keldur. Allir þessir staðir eru að mínu mati miklu betri valkostir en Hringbrautarstaðsetningin með hliðsjón af umferð og öryggi sjúklinga. Við ákvörðun staðsetningar ber ekki að horfa til ástandsins í dag, heldur byggðaþróunar næstu áratugina meðan spítalinn á að þjóna landsmönnum öllum.

Staðhæft er af forvígismönnum spítalans að þetta staðarval sé allt of dýrt. Það er ugglaust rétt en það er örugglega dýrara að ráðast í framkvæmdir ef stoðir þeirra eru ekki nógu styrkar frá upphafi og tjaldað til einnar nætur.

> Þetta fræðaþorp með Landspítalann og Háskólann og aðrar fræðastofnanir er að mínu viti ekkert annað en sýndarveruleiki, stórt Legoþorp sem stórir strákar í draumóraveröld eru að byggja..

Hafa menn ekki dregið þann lærdóm af hruni íslenska fjármálakerfisins að maður eyðir ekki meiru en maður aflar, byggir ekki alltaf fyrir lánsfé? Væri ekki rétt að staldra við, líta til hægri og vinstri áður en gengið er yfir götuna svo forðast megi slys? Gangi viðreisn efnahagslífsins á Íslandi eftir mætti ætla að við værum komin á þokkalega siglingu efnahagslega eftir kannski 5 ár. Ég tel að við ættum að bíða að minnsta kosti þann tíma með byggingu nýs spítala. Á meðan getum við nýtt okkur það húsnæði sem við höfum. Það húsnæði er raunar komið á viðhaldsstig, sem er dýrt, en því húsnæði þyrfti jú hvort eð er að halda við.

Nýr spítali ætti svo þegar efnahagslegar aðstæður leyfa að rísa austan Elliðaárósa þar sem aðgengi að honum er best, umferðaröryggi er tryggt og öryggi og velferð sjúklinga er höfð að leiðarljósi.

Á Landspítalanum í Fossvogi (Borgarspítalanum) hefur öll aðstaða bráðaþjónustu verið stórbætt en þarf eflaust að bæta frekar. Ég tel að unnt sé að sinna allri bráðaþjónustu í Fossvoginum. Spítalinn er tiltölulega vel staðsettur, hann er byggður aðallega á hæðina, sem er kostur að mati margra arkitekta. Flutningur sjúklinga tekur miklu skemmri tíma en um langt og flókið undirgangakerfi eins og á teikningum spítalans við Hringbraut. Við spítalann er þyrlupallur. Með góðri stjórnun og vel skipulagðri verkaskiptingu ætti að vera hægt að reka hér sjúkrahúsþjónustu eins og hún gerðist best fyrir nokkrum árum.

Til viðbótar má geta þess að fyrirtaks aðstaða er fyrir hendi á jaðarsjúkrahúsunum fjórum: Sólvangi í Hafnarfirði, Reykjanesbæ, Selfossi og á Akranesi. Öll þessi sjúkrahús hafa legurými og eru tækjum búin til þess að stunda svokallaðar valaðgerðir – í stuttu máli aðgerðir aðrar en bráðaaðgerðir svo sem minni bæklunaraðgerðir, kvensjúkdómaaðgerðir, háls-, nef- og eyrnaaðgerðir, lýtaaðgerðir og speglanir.

Spítali sem er sveltur fjárhagslega, þar sem allt viðhald og öll verkefni sitja á hakanum, á ekki að ráðast í nýtt steinsteypuverkefni. Starfsemi spítalans er ekki undir því komin að um hana séu veglegir salir heldur byggist hún á starfsfólkinu sem þar vinnur, mannauðnum. Illu heilli fer mannauðurinn þverrandi, læknar og hjúkrunarfræðingar flytja úr landi og fáir koma heim úr framhaldsnámi. Hverjir munu starfa á hinu „nýja“ sjúkrahúsi? Væri ekki nær að hlúa að starfsfólkinu sem heldur spítalanum gangandi, sem hefur fengið að axla þyngri og þyngri byrðar og skert kjör hin síðari ár?

Áformuð bygging Landspítala við Hringbraut er stórslys 21. aldarinnar. Svo mikið stórslys að engin bráðaþjónusta mundi geta ráðið við afleiðingar þess.

Við verðum með öllum ráðum að fyrirbyggja að þetta slys eigi sér stað. Framtíð íslenskrar heilbrigðisþjónustu er í húfi, ekki bara á næstu árum heldur á allri þessari öld.

Hernaðurinn gegn fólkinu

Efnahagsmál

Helgi Magnússon
formaður Samtaka iðnaðarins

Á jólum árið 1970 birti Halldór Laxness grein sem vakti mikla athygli og nokkrar deilur enda var tekið á viðkvæmum álitaefnum og talað tæpitungulaust eins og skáldinu var tamt. Hernaðurinn gegn landinu nefndist greinin og er m.a. birt í bók Halldórs, Yfirskygðir staðir, árið 1971. Heiti greinarinnar og efni hennar hefur lifað og verið mörgum í fersku minni í meira en 40 ár. Hún kemur mér í hug þegar ég horfi yfir síðustu þrjú ár í hversdagslífi íslensku þjóðarinnar og upplifi efnahagsstefnu stjórnvalda sem hernað gegn fólkinu í landinu.

Árið 2011 er þriðja týnda árið í röð á Íslandi. Þessi þrjú ár eru ár hinna glötuðu tækifæra. Það hafa tapast 21.000 störf, nær 12.000 manns eru enn án atvinnu og langtímaatvinnuleysi er farið að gera alvarlega vart við sig, kaupmáttur hefur dregist saman, skattpíning er tilfinnanleg, niðurskurður í stoðkerfum ríkis og sveitarfélaga, þúsundir heimila og fyrirtækja eiga í fjárhagslegum vanda og fjárfestingar eru í 70 ára sögulegu lágmarki.

Vandinn er svona stór vegna þess að Íslendingar hafa ekki nýtt tækifæri sín til þess að snúa hratt og örugglega við þróuninni eftir áföllin frá 2008. Hér hefur verið fylgt rangri efnahagsstefnu, stefnu samdráttar og skattpíningar í stað djarfrar vaxtarstefnu – hagvaxtarstefnu sem einkennist af eflingu atvinnulífs með uppbyggingu, markvissum fjárfestingum og skynsamlegri nýtingu auðlindanna.

Sitthvað hefur vitanlega þokast í rétta átt frá hruni en ég held því fram að við værum komin miklu lengra í rétta átt og hagur þjóðarinnar væri allur annar og betri ef náðst hefði samstaða um hagvaxtarstefnu og markvissa eflingu atvinnulífsins.

Lítum á nokkur atriði sem blasa við um þessi áramót:

- Samningar sem aðilar vinnumarkaðarins hafa gert við ríkisstjórnina um að ryðja úr vegi hindrunum vegna verðmætaskapandi verkefna hafa ítrekað verið sviknir. Tækifæri til uppbyggingar á sviði orkufreks iðnaðar og annars iðnaðar hafa af þessum sökum ekki verið nýtt.
- Ágreiningur um framtíðarstefnu í sjávarútvegi hefur staðið allt kjörtímabilið og leitt til þess að sjávarútvegurinn býr við óvissu sem veldur því að fyrirtæki í greininni treysta sér ekki til að fjárfesta og ráðast í varanlegar endurbætur á fjármunum sínum. Óvissa í sjávarútvegi kemur í veg fyrir atvinnuskapandi framkvæmdir. Ekki er að sjá að sættir séu í sjónmáli milli ríkisstjórnarinnar og hagsmunaaðila í sjávarútvegi um framtíðarstefnuna.
- Fjárfestingar eru í sögulegu lágmarki í 70 ár. Við gerð kjarasamninga sl. vor var við það miðað að ríkisvaldið greiddi fyrir fjárfestingum og ryddi hindrunum úr vegi til þess að fjárfestingar kæmust á skrið. Það var ein af forsendum kjarasamninganna til þess að draga úr atvinnuleysi og auka varanlega verðmætasköpun í þjóðfélaginu. Þetta hefur ekki gengið eftir.
- Óvildar verður vart í garð fjárfesta. Einkum erlendra fjárfesta og það á tímum þegar Íslendingar þurfa mjög á samstarfi við þá að halda við uppbyggingu atvinnulífsins. Þarf ekki annað en að benda á dæmið um Magma frá í fyrra þar sem ríkisvaldið varð sér til minnkunar með framgöngu sinni og svo afstöðu innanríkisráðherra til hugmynda Kínverjans Huang Nubo um margvísleg umsvif á sviði ferðaþjónustu í Þingeyjarsýslum. Útlendingahræðsla gerir vart við sig.
- Haft er eftir prófessor við Háskólann á Bifröst að það þurfi að fara hundrað ár til baka í Íslandssögunni til að finna hærra hlutfall brottfluttra umfram aðflutta Íslendinga hin síðari ár. 21.000 störf hafa tapast frá árinu 2008 og enn eru nær 12.000 manns án atvinnu. Forsætisráðherra svarar því til að atvinnuleysi á Íslandi sé í prósentum ekki meira en úti í Evrópu. En við höfum verið laus við atvinnuleysi í áratugi og eigum ekki að sætta okkur við það ófremdarástand sem víða hefur viðgengist á Vesturlöndum í þessum efnum.
- Ekki er að heyra á ráðamönnum að gjaldeyrishöftin séu að fara. Framtíðarsýn Íslendinga – alla vega til næstu ára – er því miður sú að hér verði gjaldeyrishöft með einum eða öðrum hætti. Gjaldeyrishöft draga mátt úr hagkerfinu og hamla gegn ýmsum fjárfestingar- og vaxtartækifærum. Þá er einnig sú hætta fyrir hendi að við förum að líta á höftin sem sjálfsögð og sætta okkur við þau. Það er hættulegt sálarástand þjóðar.
- Icesave-málið er enn í hnút og nú komið fyrir erlenda dómstóla. Enginn veit í hvað stefnir varðandi það.
- Íslendingar þyrftu að hafa 4-5% hagvöxt ef skjót leið okkar út úr kreppunni væri vörðuð raunhæfum væntingum. Núverandi hagvöxtur hvílir á veikum grunni sem byggir á einkaneyslu en ekki á fjárfestingum til varanlegrar atvinnusköpunar. Það er sjálfsblekking að líta þannig á að eyðsluhagvöxtur skili okkur einhverju sem máli skiptir til framtíðar. Við þurfum öflugan hagvöxt sem byggður er á verðmætasköpun í sjálfu atvinnulífinu.
- Ríkisstjórnin aðhyllist skattpíningarstefnu. Í stað þess að velja vaxtarstefnu og aukna tekjumyndun í þjóðfélaginu er valin sú leið að skattpína fólk og fyrirtæki samhliða niðurskurði í heilbrigðiskerfinu, menntakerfinu og velferðarkerfinu. Fremur ætti að breikka skattheimtuna á grundvelli aukinna tekna í þjóðfélagi vaxtar en að hækka skattprósentur og innleiða nýja skatta.
- Auðlegðarskatturinn er kapítuli út af fyrir sig. Í honum felst eignaupptaka og virtir hæstaréttarlögmenn hafa haldið því fram að vafi kunni að leika á því að skatturinn standist eignarréttarákvæði stjórnarskrár lýðveldisins.
- Og nú er líka farið að skattleggja lífeyrissjóði landsmanna og skerða með því eftirlaun fólksins sem á sparnað sinn í sjóðunum. Hér er um að ræða enn eina vanhugsaða nýjung á sviði skattpíningarinnar.
- Meðal annars vegna skattlagningar lífeyrissjóðanna telur ASÍ að ríkisstjórnin sé að svíkja forsendur kjarasamninga frá síðasta vori og telur að langtímakjarasamningur gæti verið í uppnámi í byrjun næsta árs þegar samningurinn opnast tímabundið. Ríkisstjórn sem á í útistöðum við verkalýðshreyfinguna á ekki sjö dagana sæla.
- Í stað þess að leiða för þjóðarinnar upp úr kreppunni eyðir ríkisstjórnin mikilli og óarðbærri orku í innbyrðis átök og valdabaráttu. Annar eins vandræðagangur í samstarfi innan ríkisstjórnar hefur ekki sést á Íslandi – alla vega ekki í ríkisstjórn sem þó heldur völdum þrátt fyrir stöðugar væringar.
- Ríkisstjórnin lagði upp með slagorð á borð við „Norræn velferðarstjórn“, „Skjaldborg um heimilin í landinu“ og „Nýja Ísland“. Öll eru þau orðin að skammaryrðum og hafa snúist upp í andhverfu sína.

> Ríkisstjórnin aðhyllist skattpíningarstefnu. Í stað þess að velja vaxtarstefnu og aukna tekjumyndun í þjóðfélaginu er valin sú leið að skattpína fólk og fyrirtæki...

Hér lýkur þessari upptalningu sem gæti því miður verið mun lengri.

Í skugga alls þessa birtist blaðagrein eftir fjármálaráðherra undir fyrirsögninni: „Ótvíræður árangur“ og önnur í nafni forsætisráðherra: „Merkin sýna verkin“, þar sem því er haldið fram að verkin séu til að státa af! Ráðherrar virðast lifa í einhverri annarri veröld en þjóðin utan stjórnarráðsveggjanna.

Röng efnahagsstefna síðustu þriggja ára hefur verið okkur dýr. Hún hefur tafið endurreisn Íslands, hún hefur rýrt kjör fólks og spillt afkomu og framtíðarhorfum atvinnulífsins. Þannig hefur hún reynst hernaður gegn fólkinu í landinu.

Megi nýtt ár færa okkur betri kosti.

Ekki taka sénsinn – hávaði frá flugeldum

Heyrnarskerðing

Ingibjörg Hinriksdóttir
yfirlæknir á Heyrnar- og talmeinastöð Íslands

Hvellur frá flugeldum og öðrum sprengjum framkallar sterkt hljóð sem leitt getur til heyrnarskerðingar og eyrnasuðs. Styrkur hljóðsins í eyranu fer eftir því hversu nálægt eyranu hljóðið er.

Ein sprenging nálægt eyra getur valdið varanlegum skaða. Margir upplifa minnkaða heyrn sem doða í kringum eyrað, eða eins og bómull sé í eyranu, ásamt eyrnasuði. Sem betur fer ganga einkennin oftast til baka en því miður ekki alltaf.

Heyrnarhlífar eiga allir að nota sem sprengja flugelda. Með réttri notkun heyrnarhlífa minnka líkur á hávaðaheyrnartapi. Algengustu heyrnarhlífarnar eru frauðtappar sem rúllað er upp og látnir eru í hlustina. Til að koma tappanum rétt fyrir þarf að opna eyrað vel, tappanum er rúllað en ekki kreistur saman og komið fyrir í hlust samanrúlluðum. Þegar tappinn hefur byrjað að þenjast út á hvorki að þrýsta á hann eða snúa honum.

Þessir tappar dempa hljóðið mismikið m.a. eftir því hvernig þeir sitja í hlustinni. Heyrnarhlífar sem settar eru yfir eyrun eru til af mörgum gerðum. Mikilvægt er að þær sitji rétt og sé ekki lyft þegar verið er að sprengja í umhverfinu. Heyrnarhlífar má til dæmis nálgast í verslunum sem selja öryggisvörur, í apótekum og jafnvel hjá flugeldasölum.

Stöðugt hljóðáreiti í umhverfinu hefur áhrif á líf okkar. Sumir eru langdvölum í hávaða, aðrir lítið, og nánast allir verða af og til fyrir skyndilegum hávaða eins og þegar flugeldar eru sprengdir. Margir huga ekki að því að vernda heyrnina þegar verið er að sprengja flugelda og aðrar sprengjur í kringum áramót.

> Leiða má líkur að því að um 30 einstaklingar hérlendis fái heyrnarskemmd um hver áramót og vænta má að 60% þeirra séu undir 25 ára aldri.

Alltaf leita einhverjir lækninga í kringum áramót vegna heyrnartaps og jafnvel eyrnasuðs sem komið hefur eftir hvella sprengingu nálægt viðkomandi. Leiða má líkur að því að um 30 einstaklingar hérlendis fái heyrnarskemmd um hver áramót og vænta má að 60% þeirra séu undir 25 ára aldri. Hlutfall kynjanna er þrír karlar á móti einni konu. Það er því mikilvægt að viðhafa varúðarráðstafanir.

Eyrað er margslungið, viðkvæmt og mikilvægt líffæri sem við eigum að umgangast með virðingu. Skemmd í einhverjum hluta eyrans getur leitt til heyrnarskerðingar. Næmni innra eyrans fyrir hávaða er mismikil á milli einstaklinga. Í hvert sinn sem einstaklingur er í miklum hávaða skemmast og/eða deyja nokkrar hárfrumur í kuðungi innra eyrans. Þessar frumur endurnýja sig ekki.

Eyrnasuð er algeng afleiðing hávaðaskemmdar á innra eyra og er því oft fylgikvilli heyrnarskerðingar af völdum hávaða. Einstaklingur með eyrnasuð er með hljóð í eyranu eða höfðinu sem hann heyrir oftast einn. Hljóðið tekur á sig ýmsar mismunandi myndir á milli einstaklinga, það getur verið samfleytt, pípandi, eins og vélarhávaði, foss o.s.frv. Stundum kemur hljóðið og fer eða er missterkt.

Um 15% einstaklinga eru með eyrnasuð, mismikið en suma truflar það mjög, t.d. einbeitingu, svefn og það að geta ekki „hlustað á þögnina“ finnst mörgum erfitt. Suð fyrir eyrum og heyrnarskerðing geta dregið úr lífsgæðum. Mörgum reynist erfiðara að lifa með eyrnasuð en heyrnarskerðinguna sjálfa.

Verðir þú fyrir skyndilegu heyrnartapi um áramótin er rétt að leita læknis sem fyrst til að staðfesta skaðann, því í vissum tilfellum er hægt að draga úr skaðanum sem orðinn er.

Verjið ykkur fyrir hávaða um áramótin til að draga úr líkum á eyrnasuði og heyrnartapi. Eyru barna eru viðkvæmari fyrir hávaða en eyru fullorðinna og því enn mikilvægara að verja þau.

Refsilækkunarástæður

Dómsmál

Leifur Runólfsson
lögmaður

Í dag eru fjölmiðlar oft á tíðum nokkurs konar gapastokkur nútímans. Fyrr á öldum var ekki óalgengt að sakamenn væru settir í gapastokk. Hinn íslenski gapastokkur samanstóð af hálsjárni sem var fest utan um brotamanninn og keðju er var fest í vegg. Passað var upp á að gapastokkurinn væri á almenningsstöðum til að sem flestir sæju viðkomandi brotamann. Það þótti mikil smán að lenda í gapastokknum og menn áttu erfitt uppdráttar á viðkomandi svæði lengi á eftir.

Í Fréttablaðinu hinn 23. desember sl. er grein sem ber yfirskriftina „Engin refsing jafn íþyngjandi og ágangur fjölmiðla“. Tilefni fréttagreinarinnar er að verjandi sakbornings, sem er ákærður fyrir innherjasvik er hann var ráðuneytisstjóri, fer fram á refsilækkun í greinargerð sem hann hefur skilað inn til Hæstaréttar. Í umræddri fréttagrein segir að ríkissaksóknari hafni því að sakborningur fái refsilækkun sökum óvæginnar fjölmiðlaumræðu, meðal annars vegna þess að engin fordæmi séu fyrir því í dómum Hæstaréttar að fjölmiðlaumfjöllun sé metin sakborningi til refsilækkunar. Undirritaður vill benda ríkissaksóknara á að þetta er ekki rétt. Í eftirfarandi dómi fékk sakborningur refsilækkun sökum óvæginnar fjölmiðlaumræðu.

Hrd. 1980, bls. 89, sem er hið svokallaða Guðmundar- og Geirfinnsmál, er einn ákærðu sakfelldur fyrir kaup á fíkniefnum og ólöglegum innflutningi þeirra. Í dómnum segir m.a. „refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin með hliðsjón af 71. gr. almennra hegningarlaga 4 mánaða fangelsi, en með tilliti til þess óhagræðis, sem ákærði hefur þurft að þola, m.a. vegna frásagna í fjölmiðlum um mál þetta, þar sem nafn hans hefur margoft verið nefnt, þykir mega ákveða að refsingin skuli vera skilorðsbundin og falla niður að 2 árum liðnum....“

Svo má geta sérálits Jóns Steinar Gunnlaugssonar í hæstaréttardómi nr. 2/2005 þar sem segir eftirfarandi:

„Fallast má á með ákærða að opinber umfjöllun um brot hans, þar sem meðal annars var birt mynd af honum undir nafni, hafi verið einhliða og ósanngjörn og til þess fallin að valda honum þjáningum og skaða á þann hátt, sem hann hefur lýst. Með hliðsjón af c-lið 1. mgr. 113. gr. laga nr. 19/1991 hefði þetta átt að skipta máli, ákærða til hagsbóta...“

Að ofansögðu má ljóst vera að óvægin fjölmiðlaumfjöllun getur orðið til þess að sakborningur fái refsilækkun. Fer það fyrst og fremst eftir mati dómsins og stöðu sakbornings í þjóðfélaginu. Opinber persóna fær síður refsilækkun sökum fjölmiðlaumræðu, eða svo má ályktа út frá dómi Hæstaréttar í máli nr. 393/2002 þar sem þingmaður var sakfelldur fyrir fjárdrátt.

Höfundur þessara greinar skrifaði mastersritgerð sem ber nafnið Ólögmætar refsilækkunarástæður, leiðbeinandi var Brynjar Níelsson formaður Lögmannafélagsins. Greinarhöfundur starfar í dag sem héraðsdómslögmaður og tekur meðal annars að sér verjendastörf.

MICHELSEN
ÚRSMIÐIR SÍÐAN 1909
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.sviss.is

ROLEX

MARKAÐURINN
Fimmtudagur 29. desember 2011 | 20. tölublað | 7. árgangur
Sími: 512 5000 | visir www.visir.is

Gleðilegt nýtt ár!
Umhverfismerki Prentgripur
GUÐJÓN Ó
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Íslenskt viðskiptalíf árið 2011 gert upp

Greiðslulausnir sniðnar að þinni atvinnugrein.
Þjónusta | Veitingahús | Verslun | Íþrótta- og félagasamtök | Heildsölur | Ferðaþjónusta | Ríki- og sveitarfélög
VALITOR
Lausnir án landamæra

Skúli er viðskiptamaður ársins

Hann keypti hlut í fjármálafyrirtæki, stofnaði flugfélag og á stóran hlut í eldsneytisframleiðanda sem á sér engan sinn líkan í heiminum. Hann heitir Skúli Mogensen, er eigandi Títan fjárfestingafélags og var valinn viðskiptamaður ársins af fjölskipaðri dómnefnd Markaðarins.

VIÐSKIPTAMAÐUR ÁRSINS

Þórður Snær Júlíusson skrifar
thordur@frettabladid.is

SKÚLI MOGENSEN Nýjasta verkefni Skúla er flugfélagið WOW Air sem var stofnað í nóvember. Meðeigendur hans þar eru Baldur Baldursson og Matthías Imsland, fyrrum forstjóri Iceland Express.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Dómnefnd Markaðarins hefur valið Skúla Mogensen, eiganda Títan fjárfestingafélags, sem viðskiptamann ársins 2011. Skúli var mjög áberandi í íslensku viðskiptalífi á árinu sem var að líða. Hann leiddi meðal annars hóp sem eignaðist MP banka, stofnaði lágfargjaldaflugfélag og er stærsti hluthafi í einu verksmiðjunni í heiminum sem framleiðir eldsneyti úr koltvísýringsblæstri.

Skúli vakti fyrst athygli á 10. áratugnum þegar hann tók þátt í uppbyggingu hugbúnaðarfyrirtækisins OZ. Eftir að fyrirtækið lenti í höndum stærsta kröfuhafa síns árið 2002 eignaðist Skúli Oz aftur og flutti fyrirtækið til Kanada. Hann seldi það svo til farsímarisans Nokia haustið 2008, nánast á sama tíma og efnahagshrunið skall á Íslandi.

Frá síðari hluta árs 2009 hefur Skúli, í gegnum fjárfestingafélagið Títan, fjárfest fyrir milljarða á Íslandi. Stærstu fjárfestingarnar áttu sér þó stað á síðasta ári, 2011.

Í apríl síðastliðnum fór Skúli fyrir hópi fjárfesta sem lögðu MP banka til 5,5 milljarða króna í nýtt eigið fé og eignuðust í kjölfarið bankann að fullu. Skúli lagði sjálfur fram tæpan milljarð króna og var lykilmaður í því að mynda þann hóp sem á endanum eignaðist bankann. Hann á 17,5% í MP banka í dag og situr í stjórn hans.

Hann kom síðan mörgum í opna skjöldu í nóvember þegar tilkynnt var um stofnun nýs íslensks flugfélags, WOW Air, sem er í meirihlutaeigu Skúla. Meðeigendur hans eru Baldur Baldursson og Matthías Imsland, fyrrum forstjóri Iceland Express. WOW Air ætlar að hefja flug til og frá Íslandi 1.júní næstkomandi. Til að byrja með ætlar félagið að fljúga til tólf áfangastaða í Evrópu.

Títan er einnig á meðal stærstu eigenda Carbon Recycling International (CRI) með um fimmtungshlut. CRI hefur byggt verksmiðju við orkuver HS Orku í Svartsengi sem framleiðir vistvænt eldsneyti úr koltvísýringsútblæstri og orku frá jarðvarma. Eldsneytinu, metanóli, er síðan blandað saman við bensín. Tilkynnt var um að framleiðsla á eldsneytinu væri hafin um miðjan nóvember síðastliðinn.

Verksmiðjan er með framleiðslugetu til íblöndunar sem annar þriðjungi árlegrar bensínnotkunar á Íslandi. Hún er þannig hönnuð að hægt er að þrefalda hana að stærð og anna þannig eftirspurn eftir vistvænu metanóli til blöndunar við allt bensín hér á landi. Á meðal annarra fyrirtækja sem Skúli á, í gegnum Títan, eru Datamarket, Securitas og tæplega helmingshlutur í tölvuleikjaframleiðandanum CAOZ.

Skúli var líka á meðal þeirra sem lögðu Thor Data Center til 400 milljónir króna í nýtt hlutafé sumarið 2010. Við það eignaðist hann 33% hlut í fyrirtækinu. Thor Data Center var svo selt til Skýrr í nóvember 2011. Kaupverðið var ekki gefið upp. Hann átti einnig hlut í Tindum verðbréfum en Auður Capital keypti fyrirtækið í nóvember síðastliðnum og sameinaði starfsemi þess sinni undir merkjum Auðar.

GERIR EKKI UPP Á MILLI BARNANNA SINNA

SKÚLI MOGENSEN

„Í fyrsta lagi er Ísland of lítið land til að vera með mjög þrönga fjárfestingarstefnu. Í öðru lagi þá eiga flest okkar fyrirtæki það sameiginlegt að við lítum á þau sem nýsköpunarfyrirtæki. Þau eru tiltölulega ung að árum og með mikla vaxtarmöguleika. Það á jafnt við um MP banka, WOW Air og tæknifyrirtækin. Þau eiga framtíðina fyrir sér. Ég er að horfa fyrst og fremst á það. Fyrirtæki sem hafa sannað sig að vissu leyti en eru enn með mikla vaxtarmöguleika," segir Skúli Mogensen, viðskiptamaður ársins að mati dómnefndar Markaðarins, um ástæður þess að hann fjárfesti í jafn ólíkum fyrirtækjum og hann gerir.

Skúli telur Ísland vera einstakt og eigi gríðarlega möguleika til vaxtar, þó svo að landsmenn átti sig kannski ekki alltaf á því. „Hér er mikið af undirliggjandi verðmætum. Endurnýjanlegum auði eins og sjávarútveginum, orkunni, ferðaiðnaðinum eða mannauðinum. Ekki mörg lönd eiga slík auðæfi. Hjá þeim löndum sem eiga þau, til dæmis Noregur og Kanada, er hægt að sjá mikla umskiptingu á tiltölulega skömmum tíma eftir að þau fóru að nýta hann. Það er fyrst og fremst auðlindum, aðallega olíu, að þakka að þau lönd standa jafnt sterkt og þau gera."

Að sögn Skúla hefur margt breyst til hins betra á Íslandi frá því að hann starfrækti OZ hér í upphafi aldarinnar. Ýmislegt sé þó enn að. „Mér finnst pólitískur óstöðugleiki þvælast fyrir of mörgu. Þó að einstakir stjórnmála- og ráðamenn séu allir af vilja gerðir þá gerir óeiningin sem ríkir á milli stjórnarflokkanna, og meira að segja innan þeirra, það að verkum að það er hálfgerð pattstaða í landinu. Þessi óeining er einnig sýnileg hjá stjórnarandstöðunni. Þetta stefnuleysi er sérstaklega áberandi, leynist engum og þvælist mikið fyrir. Þótt margt hafi áunnist á undanförnum þá ættum við að vera mun lengra komin í enduruppbyggingunni. Skattastefna stjórnvalda og upphlaup í ýmsum málum eru til að mynda ekki að auka áhuga erlendra aðila á Íslandi. Það er synd því þeir ættu tvímælalaust að hafa mikinn áhuga á að koma hingað inn."

Spurður um hvaða fjárfesting hafi staðið upp úr á árinu segist Skúli ekki geta gert upp á milli barnanna sinna. „Það eru forréttindi að fá tækifæri til að koma að svona fjölbreyttum fyrirtækjum með frábæru fólki. Það er fyrst og fremst starfsfólk þeirra sem ber hitann og þungann af rekstri fyrirtækjanna. Kaupin í MP banka voru þó mjög minnisstæð og ég er mjög ánægður með hvernig tókst til þar. Nýjasta verkefnið, WOW Air, er líka virkilega spennandi og það verður mjög gaman að fylgja því eftir á komandi ári. Svo má ekki gleyma fyrirtæki eins og Carbon Recycling sem er framúrskarandi fyrirtæki og hefur þegar sannað að það er á heimsmælikvarða. Securitas gengur líka eins og í sögu og frumsýningin á teiknimyndinni Thor, sem CAOZ gerði, var náttúrulega stórkostleg."

Skúli á ekki von á því að Títan verði jafn fyrirferðarmikið í nýfjárfestingum á næsta ári og hann var á því sem nú er að líða. „Ég held að við séum búnir að sá okkar fræjum í bili. Nú er stefnan sú að styðja enn betur við bakið á þeim fjárfestingum sem við höfum þegar ráðist í. Ég útiloka auðvitað ekkert, en fókusinn verður á að fylgja núverandi verkefnum úr grasi. Ég er mjög bjartsýnn á framtíð þeirra fyrirtækja. Og Íslands í heild sinni."

AÐRIR SEM VORU NEFNDIR

Andri Már Ingólfsson, forstjóri Primera Travel Group. *„Hann hefur aðlagast aðstæðum afburðavel, haldið áfram að byggja upp og stendur nú með að því virðist mjög öflugt félag í höndum."*

Gestur G. Gestsson, forstjóri Skýrr. *„Félagið er komið í mjög góð mál og á leið á markað."*

Árni Hauksson og Hallbjörn Karlsson, fjárfestar. *„Hafa sagst eingöngu kaupa í fyrirtækjum hverra verð er talsvert undir þeirra mati á virði fyrirtækisins. Fylgdu reglunni sinni og hafa þegar stórgrætt á hlut sínum í Búvöllum í gegnum kaupin á Högum. Eins mætti nefna viðskiptafélaga þeirra Sigurbjörn Þorkelsson sem tók þátt í kaupunum" og „Þessi kaup sýna kannski hið ótrúlega, að til eru kaupahéðnar sem geta farið hlæjandi út úr bankanum. Bankinn seldi bréfin á undirverði og hélt svo uppteknum hætti í desember."*

Ólafur Ólafsson, fjárfestir. *„Skuldauppgjör hans hlýtur að tryggja honum þennan titil."*

Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka. *„Bankinn hefur skilað mikilli arðsemi."*

Finnbogi Jónsson, framkvæmdastjóri Framtakssjóðs Íslands. *„ Framtakssjóðurinn eru bestu viðskiptin og kaupin/salan á Icelandair og Vestia þau best heppnuðu."*

Vilborg Einarsdóttir, framkvæmdastjóri Mentors. *„Fyrir öfluga uppbyggingu á flottu fyrirtæki sem líklega útskrifast úr hópi sprotafyrirtækja á yfirstandandi ári og þjónustar nú meira en 1.000 skóla í þremur Evrópulöndum með veflausnum sem skrá, miðla og hvetja námsframvindu grunnskólanema."*

Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar. *„Fyrir að leggja áherslu á arðsemi númer eitt, tvö og þrjú í rekstri Landsvirkjunar."*

2.-3. SÆTI | Björgólfur Jóhannsson og Árni Vilhjálmsson

Annar þeirra sem fengu næstflest atkvæði dómnefndar var Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group. Mikil viðsnúningur hefur orðið í rekstri Icelandair Group eftir að félagið fór í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu á árinu 2010. Í henni var hlutafé aukið, skuldum breytt í nýtt hlutafé og vaxtaberandi skuldir lækkaðar með færslu og sölu á eignum sem voru ekki hluti af kjarnastarfsemi Icelandair. Samtals lækkuðu vaxtaberandi skuldir félagsins um tæpa 14 milljarða króna við þessa aðgerð.

Icelandair hagnaðist um 4,6 milljarða króna á fyrstu níu mánuðum ársins þrátt fyrir að eldsneytisverð hafi hækkað mikið á tímabilinu. Velta Icelandair Group var 76,9 milljarðar króna á fyrstu þremur ársfjórðungunum og jókst um 11% frá árinu áður.

ÁRNI VILHJÁLMSSON
Stjórnarformaður HB granda.

BJÖRGÓLFUR JÓHANNSSON
Forstjóri Icelandair group.

Á meðal þeirra ummæla sem dómnefndarmeðlimir létu falla um Björgólf var að hann bæri ábyrgð á „glæsilegri endurkomu Icelandair". Annar sagði Björgólf eiga titilinn skilinn fyrir „góða sókn og vörn í ferðaþjónustu".

Hinn sem fékk næstflest atkvæði er Árni Vilhjálmsson, stjórnarformaður HB Granda. Hann er einn stærsti eigandi Vogunar ehf. sem er stærsti einstaki eigandi HB Granda með 40,1% hlut. Auk þess á Árni 0,28% hlut í eigin nafni. Árni verður áttræður á komandi ári. Á meðal ummæla um Árna voru að „félagið hans hefur hækkað vel í verði og skapar verðmætar gjaldeyristekjur".

Á fyrri hluta ársins 2011 hagnaðist HB Grandi um heila 15,7 milljónir evra, eða um 2,5 milljarða króna. Heildareignir félagsins voru um 50 milljarðar króna í lok júní síðastliðins og eiginfjárhlutfallið 49%.

Tölvukerfi fyrirtækisins á okkar ábyrgð

Dell netþjónar

Öflugir netþjónar sem henta litlum fyrirtækjum. Ódýrir og áreiðanlegir.

Dell PowerEdge T110 II
Verð áður
299.950 kr.
Verð nú
209.950 kr.

5 ára varahlutaábyrgð
3 ára vinnuábyrgð

Dell fyrirtækjafartölvur

Dell Latitude eru öflugar, öruggar og sérstaklega sterkbyggðar fartölvur fyrir viðskiptalífið.

Dell Latitude E5520
Verð áður
199.950 kr.
Verð nú
139.950 kr.

5 ára varahlutaábyrgð
3 ára vinnuábyrgð

Dell borðtölvur

Öruggar og auðveldar í umsýslu, OptiPlex tölvurnar passa í nánast hvaða skrifstofuumhverfi sem er.

Dell OptiPlex 790
Verð áður
183.750 kr.
Verð nú
129.950 kr.

5 ára varahlutaábyrgð
3 ára vinnuábyrgð

Dell fartölvur

Dell Vostro eru hannaðar með lítil fyrirtæki í huga, einfaldar en sterkbyggðar. Hlaðnar nýjustu tækni og skila fyrsta flokks árangri.

Dell Vostro 3550
Verð áður
189.900 kr.
Verð nú
149.950 kr.

3 ára ábyrgð

Hvað er okkar ábyrgð?

Okkar ábyrgð er meira en lögleg lágmarksábyrgð. Okkar ábyrgð nær líka yfir þjónustuverið sem er alltaf opið og yfir vöruúrvalið sem samanstendur af vörum sem þú getur treyst.

Kauptu tölvukerfi fyrirtækisins á okkar ábyrgð.

www.ejs.is/tolvubunadur

Okkar ábyrgð

Grensásvegi 10 | Tryggvabraut 10 | 440 9000
108 Reykjavík | 600 Akureyri | sala@ejs.is

DELL | EJS | HLUTI AF SKÝRR

Allar upplýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur, myndabrengl og ófyrirsjáanlegar breytingar. Öll tilboð gilda á meðan birgðir endast. Verð eru með vsk.

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 11-2321

GRÍMSSTAÐIR Á FJÖLLUM Álitsgjafar Markaðarins segja flestir að meðhöndlun stjórnvalda á sölu jarðarinnar til Huang Nubo séu verstu viðskipti ársins sem er að líða. Mynd/Sigga Hallgríms

Meðferð Grímsstaðamáls talin mikill afleikur stjórnvalda

Álitsgjafar Markaðarins nefna flestir meðferð stjórnvalda á fyrirhuguðum kaupum Huang Nubo á Grímsstöðum á Fjöllum þegar spurt er um umdeildustu eða verstu viðskipti ársins. Talið er að málið geti reynst afdrifaríkt fyrir erlenda fjárfestingu.

VERSTU/UMDEILDUSTU VIÐSKIPTI ÁRSINS

Þorgils Jónsson
thorgils@frettabladid.is

Þegar spurt er um verstu eða umdeildustu kaup ársins nefndu flestir álitsgjafar Markaðarins meðhöndlun máls Huang Nubo, sem vildi festa kaup á landareigninni Grímsstöðum á Fjöllum. Það var mikið pólitískt bitbein, enda töldu margir að fjárfesting af þeirri stærðargráðu sem um ræddi hefði getað hjálpað mikið við endurreisn efnahagslífsins.

Í öðru sæti var salan á SpKef til Landsbankans, þar sem ríkissjóður mun sennilega þurfa að greiða 11 til 30 milljarða í milligjöf vegna mismunar á skuldum SpKef og innistæðum.

Í þriðja sæti var sá gerningur þegar Arion banki gaf fimm stjórnendum Haga hluti í fyrirtækinu, sem eru nú að verðmæti 230 milljónir króna, fyrir að skuldbinda sig til að vinna hjá fyrirtækinu fram til júlíloka á næsta ári.

Fá mál ollu jafn miklu fjargviðri í ár og fyrirhuguð kaup kínverska fyrirtækisins Zhongkun Group á Grímsstöðum á Fjöllum. Stjórnarformaðurinn Huang Nubo hafði í ágúst samið við eigendur 72% af Grímsstöðum um kaup á landi undir 200 herbergja hótel og aðra starfsemi tengda ferðaþjónustu og afþreyingu.

Þar sem lög kveða á um að aðilar utan Evrópska efnahagssvæðisins megi ekki kaupa fasteignir hér á landi voru kaupin alltaf háð undanþágu frá Ögmundi Jónassyni innanríkisráðherra. Umsókninni var hafnað í lok nóvember með þeim rökum að ekki væri hægt að víkja frá lögum þegar um jafnstórt svæði væri að ræða. Engin fordæmi væru fyrir því að „jafnstórt landsvæði á Íslandi hafi verið fært undir erlend yfirráð“ eins og segir í svari innanríkisráðuneytisins.

Álitsgjafar Markaðarins telja að þessi málsmeðferð hafi skaðað hagsmuni Íslands, og meðal annars allt fjárfestingarumhverfi, með því að draga úr möguleikum á því að ná erlendri fjárfestingu til landsins og koma í veg fyrir uppbyggingu ferðamannaiðnaðar á Austurlandi.

Huang áformaði að Zhongkun myndi fjárfesta fyrir allt að tuttugu milljarða króna við uppbygginguna á næsta áratug. Þá áætlaði greiningardeild Arion banka að fyrirhuguð umsvif Huang hér á landi myndu skapa um þúsund varanleg störf hér á landi, og enn fleiri meðan á framkvæmdum stæði. Þá gætu gjaldeyristekjur Íslands aukist um marga milljarða á ári.

11-30 milljarðar er milligjöfin vegna mismunar á skuldum SpKef og innistæðum. Salan á SpKef varð í öðru sæti.

Halldór Jóhannsson er talsmaður Huang á Íslandi og hann segir í samtali við Markaðinn að hann hafi ekki órað fyrir því að málið fengi þá efnislegu meðferð sem svo varð.

„Huang var búinn að ræða málið við marga ráðherra og taldi að hann væri að eiga við ríkisstjórn með sameiginlega stefnu. Það kom því á óvart að einn ráðherra tæki geðþóttaákvörðun í þessu máli sem síðar reyndist.“

Halldór segir að ekki sé útilokað að eitthvað verði úr þar sem þeir hafi verið í viðræðum við iðnaðarráðuneytið og Fjárfestingarstofu um fjárfestingarleið, væntanlega með leigufyrirkomulagi. Huang hefur lýst sig tilbúinn að vinna með þeim hætti ef búið verði að tryggja að fyrirtækið fái að reisa hótel og reka þá starfsemi sem hann hafi hugsað sér. „Við erum búin að eyða miklu púðri í verkefnið og það er synd og skömm ef þetta tækifæri glutrast niður. Ég held að við Íslendingar megum ekkert við því að gefa þetta frá okkur. Við verðum að leita leiða til að leysa þetta með farsælum hætti.“

VERSTU/UMDEILDUSTU VIÐSKIPTI ÁRSINS

1. Meðhöndlun stjórnvalda á fyrirhuguðum kaupum Huang Nubo á Grímstöðum á Fjöllum.

2. Kaup Landsbankans á SpKef.

3. Gjöf Arion á hlutabréfum til stjórnenda Haga.

Önnur viðskipti sem voru nefnd:

„Ógagnsæ sala bankanna á eignum sínum.“ (Salan á N1 sérstaklega nefnd.)

„Kennitöluflakk World Class.“

„Hlutafjáraukningin í Iceland Express í haust.“

„Hjarðhegðun í íslensku viðskiptalífi sem hefur látið Framkvæmdasjóð Íslands mæta mótlæti.“

„Kjarasamningarnir í vor.“

„Skuldaniðurfellingar fyrirtækja.“

„Eigendur FSÍ kaupa hlut í Icelandair af sjálfum sér.“

„Farseðlakaup Íslendinga hjá Iceland Express.“

„Viðskipti með þýfi.“

„Kaup Íslandsbanka á Byr.“

„Sala Seðlabankans á Sjóvá.“

Ummæli álitsgjafa

„Kaup Huang Nubo á Grímstöðum á Fjöllum, eða öllu heldur meðhöndlun þess máls. Skaðar umhverfi og möguleika á að ná erlendri fjárfestingu til Íslands meira en flestir átta sig á.“

„Bann ráðherra við sölu Grímsstaða til erlends fjárfestis sem þar með kom í veg fyrir gríðarlega atvinnuuppbyggingu í ferðamennsku á svæðinu.“

„Yfirtaka Landsbankans á SpKef á uppsprengdu mati var varla í þágu skattgreiðenda. Eignir SpKef lækkuðu að mati kaupenda um 15 milljarða króna á fáeinum mánuðum eftir yfirtökuna. Sérlega súr díll.“

„Arion banki gaf fimm stjórnendum Haga hluti í fyrirtækinu sem eru í kjölfar hlutafjárútboðsins 230 milljóna króna virði, fyrir að skuldbinda sig til að vinna hjá fyrirtækinu fram í júlí 2012. Auk þess greiddi bankinn skatt af þessari gjöf fyrir 170 milljónir króna. Þurfti 400 milljónir til að fá stjórnendurna til að festa sig í 9 mánuði?“

2 lyfjaform samtímis
geta skilað árangri fyrr

Margir sem vilja hætta að reykja nýta sér stuðning nikótínlyfja. Reynslan sýnir þó að sumir geta þurft meiri hjálp en aðrir. Samsett meðferð Nicorette felst í að nota saman Nicorette forðaplástur og annaðhvort 2 mg Nicorette nikótínlyfjatyggigúmmí eða innsogslyf.

+

eða

Kostir lyfjaformanna sameinaðir

Samsett meðferð sameinar kosti lyfjaformanna: þ.e. jafna og stöðuga nikótíngjöf plástursins og skjótvirkari áhrif lyfjatyggigúmmísins eða innsogslyfsins.

Þegar reykingalöngunin „toppar“, stýrir þú nikótínþörfinni með lyfjatyggigúmmíi eða innsogslyfi.

nicorette® auðveldar þér að hætta að reykja

nicorette® nicotin ™

Nicorette® nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð til meðferðar á nikótínfíkn og til að draga úr fráhvarfseinkennum þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr þeim. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt en hámarksdagskammtar eru: Forðaplástur 1 stk., lyfjatyggigúmmí 24 stk., innsogslyf -12 stk. nikótíntappar. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarlegar hjartsláttartruflanir, ómeðhöndlaðan háþrýsting eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette. Þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota Nicorette í samráði við lækni. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatún 2, 210 Garðabæ.

Aukið líf færist í Kauphöllina

Í lok árs hafa komið fram vísbendingar um aukinn þrótt á fjármálamarkaði. Í desember fór fyrsta nýskráningin í Kauphöllina eftir hrun fram auk þess sem Íslandsbanki gaf út sértryggð skuldabréf. Enn er þó lítil velta á hlutabréfamarkaði og ríkið allsráðandi á skuldabréfamarkaði.

FRÉTTASKÝRING
Magnús Þorlákur Lúðvíksson
magnusl@frettabladid.is

Hinn 15. desember síðastliðinn hófust viðskipti með bréf í Högum í Kauphöllinni. Urðu Hagar þar með fyrsta fyrirtækið til að vera skráð í Kauphöllina frá bankahruni. Sjö dögum fyrr lauk almennu útboði á 30 prósenta hlut í fyrirtækinu en seljandi var Eignabjarg, dótturfélag Arion banka. Eftirspurn eftir hlutunum reyndist mikil og tóku um 3.000 aðilar þátt í útboðinu. Bárust tilboð fyrir um 40 milljarða króna, sem er áttfalt hærri upphæð en sem nemur verðmæti hlutarins, sem var seldur á 4,9 milljarða króna á genginu 13,5, auglýstu hámarksgengi.

„Þessi áhugi staðfestir það sem við höfum fundið; að það er mikill áhugi hjá fjárfestum að koma inn á hlutabréfamarkað. Þeir eru orðnir óþreyjufullir að fá fleiri fjárfestingarkosti og þessi skráning skemmir auðvitað ekki fyrir," segir Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar, og heldur áfram: „Þetta er líka gleðilegt fyrir okkur í Kauphöllinni. Það má segja að þetta ár hafi markað ákveðin kaflaskil hjá okkur, þar sem hlutirnir hafa virkilega farið að gerast á bak við tjöldin. Mikill undirbúningur hefur verið unninn við að búa í haginn fyrir nýskráningar og nú sjáum við þá vinnu bera ávöxt þótt næsta ár verði vissulega viðburðaríkara."

Búist er við fjölda nýskráninga í Kauphöllina á næstu misserum en talið er að á annan tug fyrirtækja hafi áhuga á skráningu á næstunni. Þannig er stefnt að því að á bilinu 40 til 50 félög verði skráð í Kauphöllinni árið 2015.

„Við reiknum með því að á fyrri hluta ársins komi inn fjárfestingarfélögin Horn og Reginn. Síðan hafa N1, Eimskip, Reitir og Skýrr tilkynnt skráningarfyrirætlanir opinberlega. Og við vitum að fleiri eru að huga að þessum kosti mjög alvarlega en hafa kannski ekki tilkynnt sín áform opinberlega," segir Páll og bætir því við að fimm eða fleiri skráningar gætu átt sér stað á árinu 2012 og svo yrði þeim dampi haldið áfram inn í árið 2013.

Það var þó ekki einungis á hlutabréfahliðinni sem aukið líf færðist í Kauphöllina. Rúmri viku áður en viðskipti hófust með Haga var

KAUPHÖLLIN Í DESEMBER Björninn í Kauphöllinni var hringt tvisvar í desember eftir að hafa verið óhreyfð frá bankahruni. Á myndinni er Páll Harðarson (til hægri), forstjóri Kauphallarinnar, ásamt Finni Árnasyni, forstjóra Haga. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



FJÁRMÁLAMARKAÐIR Velta á hlutabréfamarkaði tvöfaldaðist á árinu 2011 en er þó enn einungis brot af því sem hún var fyrir hrun. Velta minnkaði á skuldabréfamarkaði á árinu 2011 þótt ágæta ávöxtun hafi verið að fá í verðtryggðum bréfum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

björninn í Kauphöllinni nefnilega einnig hringt, í fyrsta sinn frá bankahruni. Var tilefnið útgáfa Íslandsbanka á sértryggðum skuldabréfum. Voru það fyrstu verðbréfin sem fjármálafyrirtæki gefur út eftir hrun. Fékk bankinn heimild fyrir útgáfu skuldabréfa að verðmæti 10 milljarða króna en gaf út bréf að verðmæti 4 milljarða.

Innlán hafa verið undirstaða fjármögnunar íslensku bankanna frá hruni en allir stefna þeir að því að fá aukna breidd í fjármögnum. Þannig hyggst Arion banki feta í fótspor Íslandsbanka og gefa út skuldabréf á alþjóðlegum markaði á næsta ári. Í útgáfu Íslandsbanka voru bréfin seld til breiðs hóps fagfjárfesta en eftirspurn var talsvert umfram framboð. Páll Harðarson segist eiga von á því að fleiri fyrirtæki fylgi í kjölfarið.

„Það er þó að vissu leyti erfiðara að spá fyrir um þróun á skuldabréfahliðinni. Ríkið mun áfram gefa út en það verður sennilega í minni mæli en í ár, þar sem fjárþörf ríkisins er að minnka. Á fyrirtækjahliðinni er eiginlega ótrúlegt annað en að hlutirnir komist á skrið samhliða annarri þróun á fjármálamarkaði," segir Páll og bætir því við að aðdragandi skuldabréfaútgáfna sé yfirleitt talsvert styttri en nýskráninga á hlutabréfum. Þá bætir hann við að Kauphöllin stefni að því að kynna ýmsar nýjungar á skuldabréfamarkaði á næstunni, sem stuðli vonandi að meira lífi.

Enn lítið að gerast í hlutabréfunum

Einungis sex fyrirtæki mynda nú úrvalsvísitölu íslenska hlutabréfamarkaðarins; Icelandair, Marel og Össur ásamt þremur færeyskum fyrirtækjum. Hinn 2. janúar næstkomandi koma Hagar hins vegar inn í vísitöluna í stað færeyska flugfélagsins Atlantic Airways. Heildarmarkaðsvirði þessara félaga eru rúmir 250 milljarðar.

Vísitalan stóð rétt fyrir jól í 915,5 stigum og hafði þá lækkað um 1,6 prósent frá ársbyrjun. Þótt sú lækkun bendi til viðburðalítils árs hefur gengi fyrirtækjanna verið ólíkt. Þannig hefur hlutabréfaverð Icelandair Group hækkað um 63,8 prósent á meðan BankNordik hefur lækkað um 43,0 prósent. Hlutir í Marel hafa eins hækkað um 24,5 prósent á árinu en hlutir í Össuri lækkað um 6,9 prósent.

Velta á hlutabréfamarkaði var samtals rúmir 57 milljarðar á árinu út nóvember. Tvöfaldaðist veltan frá árinu áður en er þó enn aðeins brot af veltunni fyrir hrun. Væntar nýskráningar munu líklega stuðla að meiri veltu en ljóst er að hlutabréfamarkaðurinn getur vaxið talsvert áður en hann fer að reisa sér hurðarás um öxl.

Skuldabréfamarkaðurinn líflegri

Skuldabréfamarkaðurinn hefur verið talsvert líflegri en hlutabréfamarkaðurinn síðustu misseri og velta margföld. Fyrstu ellefu mánuði ársins 2011 var mánaðarleg velta 218 milljarðar króna að meðaltali. Það er þó heldur minni velta en í fyrra, þegar hún var 236 milljarðar á mánuði. Heildarmarkaðsvirði skráðra skuldabréfa er um 1.820 milljarðar króna og óx markaðurinn um tæpa 130 milljarða á árinu. Langstærstur hluti markaðarins eru skuldabréf útgefin af ríkissjóði eða Íbúðalánasjóði. Lítill hluti eru bréf útgefin af sveitarfélögum og Lánasjóði sveitarfélaga og þá eru viðskipti með fyrirtækjabréf hafin aftur í mýflugumynd eins og áður var vikið að. Alls voru nýir skuldabréfaflokkar skráðir fyrir 116 milljarða á árinu en auk þess voru eldri flokkar stækkaðir um 230 milljarða.

Á fyrri hluta árs 2011 lækkaði verð á meðallöngum og löngum óverðtryggðum ríkisskuldabréfum nokkuð en á haustmánuðum snerist þróunin við. Verð á stuttum óverðtryggðum ríkisskuldabréfum sveiflaðist nokkuð fyrri hluta árs án þess að víkja lengi frá stöðunni í upphafi. Í ágúst lækkaði verðið hins vegar skarpt í tengslum við ákvörðun peningastefnunefndar Seðlabankans um að hefja vaxtahækkunarfasa. Verðtryggð skuldabréf ríkissjóðs og Íbúðalánasjóðs hafa hins vegar hækkað nokkuð í verði á árinu, ekki síst síðustu mánuði. Þannig hefur tíu ára vísitalan hækkað um meira en 16 prósent á árinu og fimm ára vísitalan hefur hækkað um 18 prósent.

Áfram er búist við því að hiti og þungi viðskipta á skuldabréfamarkaði verði með ríkisskuldabréf þótt bundnar séu vonir við að fyrirtækjaútgáfum fjölgi.

FJÁRMÁLAMARKAÐIR

Skuldabréfavísitölur



Vikuleg velta á skuldabréfamarkaði í milljö. króna



Þróun hlutabréfamarkaðar 2004 til 2011



Þróun hlutabréfamarkaðar 2009 til 2011



HEIMILD: SEÐLABANKI ÍSLANDS

ÁRAMÓTASPRENGJA!

AÐEINS EINU SINNI Á ÁRI!

BRJÁLUÐ TILBOÐ Í ÖLLUM VÖRUFLOKKUM - TAKMARKAÐ MAGN!

TOSHIBA
Rauð 15.6" fartölva með Intel Core i5 örgjörva.

89.990
Fullt verð 129.990

16.990
Fullt verð 23.990

acer
Stílhreinn Full HD breiðtjaldsskjár á geggjuðu verði.

SanDisk
Ofurnettur minnislykill á 50% afslætti.

-40%
1.790
Fullt verð 2.990

139.990
Fullt verð 169.990

TOSHIBA
Örþunn og öflug fistölva með kraftmiklum Intel i5 örgörva og 13,3" skjá.

ASUS
Barebone turnkassi með móðurborði. Intel H61 Express kubbasett fyrir Intel i3/i5/i7

19.990
Fullt verð 29.990

Logitech
USB ferðahátalarar með góðum bassa. Taska fylgir.

9.990
Fullt verð 16.990

Seagate
Traustur 1TB flakkari fyrir gögnin, kvikmyndirnar og tónlistina.

14.990
Fullt verð 19.990

Logitech
Fullkomið leikjastýri með Force feedback stýri og gírstöng. PC/PS2/PS3

19.990
Fullt verð 26.990

Öflug 120mm vifta fyrir turnkassa eða örgjörvakælingu með blárri LED lýsingu.

990
Fullt verð 1.990

ace
Stílhreint og nett 2.1 hátalarakerfi með bassaboxi.

3.990
Fullt verð 5.990

149.990
Fullt verð 184.990

ASUS
Dúndur fisvél með 13,3" skjá með Intel i5 örgörva og öflugu skjákorti.

24.990
Fullt verð 34.990

CORSAIR
Hrikalega flottur Graphite 600TM leikjaturn. Hannaður fyrir kröfuharða.

SÚPERSPRENGJAN
CM Centurion s.1.0
Hrikalega öflug borðtölva á brjáluðu sprengjuverði. CoolerMaster Centurion 5 II turnkassi sem hannaður er fyrir mikið loftflæði og kemur með blárri LED viftu, 3.1GHz Intel Core i3 2100 örgjörva, 4 GB vinnsluminni og hljóðlátum 1 TB WD Blue SATA 3 hörðum disk. Kemur uppsett með Windows 7 Home Premium.

ASUS
AMD Radeon HD 6670 skjákort á fáránlegu verði.

10.990
Fullt verð 17.990

MANHATTAN
3ja viftu fartölvukæling sem tryggir betri afköst.

1.990
Fullt verð 3.990

AÐEINS BROT AF TILBOÐUNUM!

OPIÐ TIL KL. 19:00

tl.is

TÖLVU LISTINN

REYKJAVÍK	AKUREYRI	EGILSSTAÐIR	KEFLAVÍK	SELFOSS	HAFNARFJÖRÐUR
SUÐURLANDSBRAUT 26	GLERÁRGÖTU 30	MIÐVANGI 2-4	HAFNARGÖTU 90	AUSTURVEGI 34	REYKJAVÍKURVEGI 66
Sími 414 1700	Sími 414 1730	Sími 414 1735	Sími 414 1740	Sími 414 1745	Sími 414 1750

Kaup Búvalla í Högum eru viðskipti ársins

Hópur sem settur var saman af Stefni keypti 44% hlut í Högum í tveimur atrennum áður en félagið var skráð í Kauphöllina. Kaupin voru gerð í nafni Búvalla. Virði hlutarins hefur hækkað um tugi prósenta. Árni Hauksson og Hallbjörn Karlsson fóru fyrir hópnum og Sigþór Jónsson, forstöðumaður hjá Stefni, var lykilmaður í ferlinu.

BÚVELLIR Viðskiptafélagarnir Hallbjörn Karlsson og Á málið öðruvísi við.

VIÐSKIPTI ÁRSINS

Þórður Snær Júlíusson skrifar
thordur@frettabladid.is

Viðskipti ársins að mati dómnefndar Markaðarins eru kaup Búvalla á 44% hlut í Högum. Niðurstaðan var mjög afgerandi og viðskiptin fengu langflest atkvæði.

Í febrúar 2011 var tilkynnt að Arion banki hefði selt 34% hlut í smásölurisanum Högum til hóps sem kallaðist Búvellir slhf. Það var Stefnir, sjóðstýringarfyrirtæki í eigu Arion banka, sem kom hópnum saman til að kaupa hlutinn af bankanum. Sigþór Jónsson, forstöðumaður sérhæfðra fjárfestinga hjá Stefni, var lykilmaður í því ferli.

Eigendur Búvalla voru Hagamelur ehf. (í eigu Árna Haukssonar, Hallbjörns Karlssonar, Sigurbjörns Þorkelssonar og TM), nokkrir lífeyrissjóðir, tveir fagfjárfestasjóðir sem lúta stjórn Stefnis, Miranda ehf. (í eigu Berglindar Jónsdóttur) og Draupnir fjárfestingafélag (í eigu Jóns Diðriks Jónssonar). Árni og Hallbjörn settust í stjórn Haga eftir kaupin. Árni er stjórnarformaður Haga. Hópurinn greiddi 10 krónur á hlut og fékk auk þess forkaupsrétt á 10% hlut til viðbótar á genginu 11. Þann forkaupsrétt nýtti hópurinn sér í nóvember. Samtals greiddi hann um 5,4 milljarða króna fyrir alls 44% hlut.

Í kjölfarið klufu lífeyrissjóðirnir sig út úr Búvöllum og leystu til sín rúmlega helming af eign félagsins í Högum og halda nú á þeim hlutum í eigin nafni. Eftir þetta áttu þeir fjórir aðilar sem áfram standa að Búvöllum 20,9% hlut í Högum og eru stærsti einstaki eigandi félagsins. Um helmingur þess hlutar, 10,5%, er í eigu Hagamels.

Í lok árs var síðan tilkynnt að Hagar yrðu skráðir á markað í desember. Arion banki myndi þá selja allt að 30% af hlut sínum í félaginu, en um fyrstu nýskráningu í kauphöll eftir hrun var að ræða. Bréfin áttu að seljast á 11-13,5 krónur á hlut. Endanlegt verð átti að ráðast af eftirspurn.

Skemmst er frá því að segja að áttföld eftirspurn var eftir hlutabréfunum og 95% tilboðanna voru gerð á genginu 13,5. Miðað við það gengi var hlutur Búvallahópsins þegar orðinn 7,2 milljarða króna virði. Hann hafði því grætt um 1,8 milljarða króna áður en viðskipti með bréf í Högum hófust í kauphöll. Þau hófust síðan föstudaginn 16. desember. Í lok fyrsta viðskiptadags var gengi bréfanna komið í 15,95 krónur á hlut. Þau höfðu því hækkað um 18,1% frá því að útboðið fór fram og um tæp 60% frá því að Búvellir keyptu fyrst í Högum.

Viðskipti stjórnenda Haga með bréf líka nefnd

Búvellir eru ekki þeir einu sem hafa hagnast vel á Högum. Dómnefnd Markaðarins nefndi líka viðskipti stjórnenda Haga með hluti í félaginu sem bestu viðskipti ársins. Hluti þeirra seldi nefnilega bréf í Högum fyrir samtals rúman milljarð króna til félagsins sjálfs á árunum 2008 og 2009 og fékk síðan nýja hluti í því án endurgjalds seint á árinu sem senn er að líða.

Seldu fyrir milljarð

Hagar keyptu 3,74% hlut í sjálfum sér í þremur atrennum á árunum 2008 og 2009. Seljendurnir voru þrír lykilstarfsmenn; Finnur Árnason, forstjóri Haga, Guðmundur Marteinsson, framkvæmdastjóri Bónuss, og Jóhanna Waagfjörð, þáverandi fjármálastjóri Haga. Fyrst voru keypt bréf af starfsmönnunum þremur hinn 6. júlí og 6. september 2008. Samtals greiddu Hagar starfsmönnunum þremur 712,7 milljónir króna fyrir hlutina. Miðað við það var viðskiptagengið 25,01 krónur á hlut.

Í október 2009 keyptu Hagar síðan 1,4% hlut af starfsmönnunum þremur. Fyrir hann greiddi félagið 315 milljónir króna. Viðskiptagengið var 18,53 krónur á hlut. Alls greiddu Hagar því 1.027,7 milljónir króna fyrir samanlagt 3,74% hlut í sjálfu sér. Stór hluti af kaupverðinu fór í að greiða lán sem stjórnendurnir höfðu tekið til að eignast hlutabréfin til að byrja með.

Hinn 19. október 2009, í sama mánuði og

FINNUR ÁRNASON, FORSTJÓRI HAGA.

seinni kaupin áttu sér stað, leysti Arion banki til sín 95,7% hlut í Högum vegna skulda fyrri eigenda hans. Önnur útistandandi bréf voru annars vegar þau sem Hagar áttu sjálfir eftir að hafa keypt af eigendunum og 0,5% hlutur sem enn er í eigu Finns, Jóhönnu og Guðmundar, samkvæmt upplýsingum frá Arion banka.

Vert er að taka fram að samkomulag lá fyrir milli Haga og starfsmannanna þriggja um kaup á umræddum hlutabréfum áður en Arion banki leysti félagið til sín.

Án endurgjalds og engir skattar

Í febrúar 2010 var gert samkomulag við Jóhannes Jónsson, þáverandi stjórnarformann Haga, og helstu stjórnendur félagsins um forkaupsrétt á 15% hlut í því til að tryggja áframhaldandi starfskrafta þeirra á næstu árum. Í ágúst sama ár var síðan gert annað samkomulag við Jóhannes um að hann hyrfi frá félaginu. Eftir stóð samkomulag sem tryggði fimm lykilstjórnendum Haga forkaupsrétt að 5% hlut með afslætti. Auk þess var skaðleysisákvæði í samkomulaginu sem tiltók að Arion banki myndi greiða skatta þeirra vegna kaupanna.

Í tengslum við ákvörðun um sölu á 20-30% hlut í Högum í gegnum Kauphöll í nóvember 2011 var samið upp á nýtt við lykilstjórnendurna fimm. Nú var ákveðið að tveir þeirra, Finnur Árnason og Guðmundur Marteinsson, fengju gefins 0,4% hlut hvor og þeir Gunnar Ingi Sigurðsson, framkvæmdastjóri Hagkaupa, Kjartan Már Friðriksson, framkvæmdastjóri Banana, og Lárus Óskarsson, framkvæmdastjóri Aðfanga, 0,2% hlut hver. Samtals fengu stjórnendurnir fimm því gefins 1,4% hlut í Högum frá Arion banka, miðað við gengið 10. Virði þessa hlutar miðað við það gengi er 170 milljónir króna.

Erum ekki í spákaupmennsku

Óbeinn eignarhlutur Hagamels ehf. (í eigu Árna Haukssonar, Hallbjörns Karlssonar, Sigurbjörns Þorkelssonar og TM) í Högum er 10,5%. Hann er vistaður inni í Búvöllum slhf. sem er stærsti einstaki eigandi félagsins með 20,9% hlut.

Árni, sem er stjórnarformaður Haga, segir að hann og Hallbjörn, viðskiptafélagi hans, hafi upphaflega kannað að kaupa þann hlut sem Búvellir keyptu einir í gegnum fjárfestingarfélag sitt Vogabakka ehf. en hafi horfið frá því vegna stærðarinnar á hlutnum. „Við höfðum mikinn áhuga á fjárfestingu í Högum en þetta voru það stór kaup að við gátum ekki farið einir í þau. Því sögðum við okkur frá þeim. Síðan hafði Sigþór Jónsson hjá Stefni samband við okkur og hafði þá fengið til liðs við tilboðið lífeyrissjóði og aðra fjárfesta. Þá varð þetta gerlegt. En þetta átti sér ekki langan aðdraganda."

Spurður hvað hafi verið svona spennandi við að fjárfesta í Högum segir Árni það einfaldlega vera félagið sjálft. „Við þekkjum Haga og rekstur félagsins ágætlega og kynntumst stjórnendum þess ágætlega þegar við rákum Húsasmiðjuna á sínum tíma. Því höfðum við mikinn áhuga á fjárfestingu í Högum. Það sem gerir þetta áhugavert fyrir okkur er félagið sjálft, rekstur þess og stjórnendurnir sem stýra því. Þetta er stöðugur bransi, félagið er með sterka markaðsstöðu og skuldar lítið á íslenskan mælikvarða. Það er í traustum og góðum rekstri og með öfluga stjórnendur. Það hentar okkur vel og uppfyllti okkar helstu viðmið um fjárfestingar."

Virði bréfa í Högum hefur hækkað töluvert frá því að Búvellir keyptu sinn hlut í félaginu.

ÁRNI HAUKSSON, STJÓRNARFORMAÐUR HAGA.

Á fyrsta degi viðskipta með bréfin í Kauphöll Íslands hækkuðu þau til að mynda um rúm 18%. Árni segist þó ekki sjá eftir því að hafa ekki keypt stærri hlut þegar Vogabakka bauðst það. „Við erum ánægðir með það sem við eigum og höfum forðast að taka of stórar stöður í hlutfalli við okkar efnahagsreikning. Við viljum ekki veðja öllu á einn hest. Það getur verið voða gaman þegar vel gengur, en markaðir sveiflast. Þeir eru stundum upp og stundum niður. Þessi staða okkar í Högum er stór en ekki svo stór að við þyrftum að missa mikinn svefn yfir því ef illa færi. Þegar við fórum fyrst inn í Haga var þetta um fjórðungur af efnahagsreikningi Vogabakka. Staðan hefur eitthvað stækkað núna."

Að sögn Árna er stefna þeirra félaga að eiga í Högum til langframa. „Við lítum á þetta sem alvöru fjárfestingu en ekki spákaupmennsku. Félagið er að gera það sem við viljum að það sé að gera. Á meðan svo er erum við ánægðir."

2. SÆTI | Viðskip Vestia

Framtakssjóður Íslands (FSÍ), sem er í eigu Landsbankans, flestra lífeyrissjóða landsins og Vátryggingafélags Íslands, hefur verið stórtækasti fjárfestir landsins eftir bankahrun. Dómnefnd Markaðarins taldi kaup hans á eignarhaldsfélaginu Vestia af Landsbankanum, og viðskipti hans með bréf í Icelandair, vera næstbestu viðskipti ársins.

FSÍ keypti Vestia reyndar í ágúst 2010 en sjóðurinn og Samkeppniseftirlitið náðu ekki samkomulagi um skilyrði fyrir kaupunum fyrr en um miðjan janúar 2011. Sjóðurinn greiddi 15,5 milljarða króna fyrir, auk þess sem Landsbankinn keypti 27,5% hlut í FSÍ við sama tækifæri. Bankinn tryggði sér þar með hluta í framtíðararðsemi fyrirtækjanna sem áður tilheyrðu Vestia.

Með kaupunum á Vestia eignaðist FSÍ 81% hlut í sjávarútvegsfyrirtækinu Icelandic Group, 79% hlut í Vodafone, 79% hlut í upplýsingatæknirisanum Skýrr og allt hlutafé í Húsasmiðjunni og Plastprenti. Flestar eignirnar höfðu farið í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu og voru vel rekstrarhæf. FSÍ seldi síðan starfsemi Icelandic Group í Bandaríkjunum og Asíu til kanadíska sjávarútvegsfyrirtækisins High Liner Foods á 26,9 milljarða króna í nóvember. Sjóður hefur auk þess selt Húsasmiðjuna til danska fyrirtækisins Bygma og stefnir að því að skrá Skýrr og Icelandic Group á markað á næstu árum.

Gamlárshlaup ÍR verður þreytt í 36. sinn á gamlársdag. Lagt verður af stað frá Hörpu stundvíslega klukkan 12. Leiðin liggur um Sæbraut, Vatnagarða og Klettagarða og endað á upphafsstað. Hefð er fyrir því að hlaupa í skrautlegum búningum og verða verðlaun veitt fyrir besta kven- og karlbúninginn. Nánari upplýsingar á heimasíðu ÍR, www.ir.is.

;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512 5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457

FRÁBÆR Í ÁRAMÓTAVEISLUNA

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
Opið frá 10-12 á gamlársdag.

Vertu vinur

Teg. ROYAL - í D,DD,E,F,FF,G skálum á **kr. 7.680,-**

Flott nýársdress fyrir flottar konur

Vertu vinur á Facebook

belladonna

Stærðir 40-60.

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460
www.belladonna.is

ÚTSALAN ER HAFIN
30-50% AFSLÁTTUR

Vertu vinur okkar á Facebook

TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777

Bjarni Helgason grúskar í líffræðibókum og hannar náttúrumunstur á stuttermaboli.

Lífræn bómull í bílskúrnum

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þarna fæ ég útrás fyrir líffræðinördinn í mér," segir Bjarni Helgason, myndlistarmaður og grafískur hönnuður. „Ég hef mikinn áhuga á líf- og náttúrufræði og mig hafði líka lengi dreymt um að silkiþrykkja. Ég hafði engan tíma til að sinna áhugamálunum en þarna gat ég sameinað nokkur í eitt," bætir hann við, en Bjarni og eiginkona hans, Dagbjört Tryggvadóttir, framleiða stuttermaboli fyrir „náttúrunörda" undir merkinu Organella í bílskúrnum hjá sér.

Bjarni gerir teikningarnar og handþrykkir bolina sjálfur. Munstrin sýna fjölbreytileika náttúrunnar, svo sem bein, skordýr, grænmeti og tófu. „Ég hef mjög gaman af því að leggjast í rannsóknarvinnuna og fletta bókum."

Bolirnir eru úr lífrænni bómull. Litirnir og öll efni við framleiðsluna eru umhverfisvæn. Enn sem komið er þrykkja Bjarni og Dagbjört á boli í fullorðinsstærðum og á tautöskur úr lífrænni bómull en sjá fyrir sér að þrykkja myndir á boli í barnastærðum líka. „Enn er þetta áhugamál og ekki mikil framleiðsla hjá okkur en hefur samt aukist smám saman," segir Bjarni. „Við tókum þátt í handverkshátíðinni á Hrafnagili í sumar og vorum með á PopUp-markaðnum í Hörpu fyrir jól. Við fengum góð viðbrögð og fólki finnst flott að þetta sé allt lífrænt."

Organella er á Facebook og á www.organella.net

heida@frettabladid.is

Gerið gæða- og verðsamanburð

Svefn & heilsa

Sofðu vel um jólin

12 mánaða vaxtalausar greiðslur

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

www.svefn.is

Harald Harung, dósent við Høgskolen i Oslo, heldur fyrirlestur í húsnæði Íslenska íhugunarfélagsins í Skúlatúni 2 í dag klukkan 16. Þar fjallar Harung um niðurstöður rannsókna sem benda til að margt sé líkt með heilastarfsemi afreksfólks á ýmsum sviðum og þeirra sem stunda reglulega innhverfa íhugun. Sjá ihugun.is

MATUR

Sölufulltrúar:
Jóna María
jmh@365.is 512 5473
Brynja Dan
brynjadan@365.is 512 5465
Snorri
snorris@365.is 512 5457

Setja markið hátt á árinu

Ganga á eitt fjall á viku í góðum hópi á vegum Ferðafélags Íslands hefur veitt hjónunum Ingu Jakobínu Arnardóttur og Erni Guðmundssyni ómælda gleði. Þau eru orðin fjallageitur og geta ekki hætt.

„Þegar ég sá 52 fjalla verkefni Ferðafélags Íslands auglýst í fyrra hugsaði ég: Þetta væri eitthvað sem ég væri til í að gera. Við Örn, eiginmaður minn, vorum með þetta ár og það er búið að vera svo ótrúlega skemmtilegt að við ætlum áfram inn í framhaldslífið," segir Inga Jakobína Arnardóttir lyfjafræðingur og heldur áfram. „Þetta er ein besta ákvörðun sem ég hef tekið. Fyrir utan hversu góðar svona göngur eru fyrir sál og líkama hafa myndast svo góð tengsl í hópnum. Í honum er 60-80 manna kjarni og ég veit að það hljómar væmið en við erum orðin eins og ein stór fjölskylda."

Inga kveðst ekki hafa verið nein fjallafála áður en hún ánetjaðist Ferðafélagshópnum og henni hafi þótt vetrarferðir á fjöll fráhrindandi tilhugsun. Það breyttist. „Maður var alltaf undir styrkri leiðsögn og í öruggum höndum," lýsir hún og hrósar aðalleiðsögumönnunum Páli Ásgeiri Ásgeirssyni og Rósu Sigrúnu Jónsdóttur í hástert, að hinum ólöstuðum. „Það drífur mann líka áfram að labba í svona stórum hópi því fólk peppar hvert annað upp."

Inga Jakobína og Örn á Vörðuhnjúki í Landmannalaugum. Merkið á bolunum er eftir eina úr gönguhópnum.

Hápunktur líðandi árs var að mati Ingu að standa á hæsta tindi Íslands í heiðríkju um miðjan maí og hún hlakkar til að takast á við krefjandi göngur á nýju ári. Snæfellsjökull, Eyjafjallajökull, Tindfjöll og Hrútfjallstindar eru meðal þess sem er í sigti og einnig á að ganga Laugaveginn.

gun@frettabladid.is

Stelpur Konur
Staðurinn - Ræktin
STOTT PILATES®
STOTT PILATES
Ný námskeið hefjast 9. janúar
innritun í síma 581 3730

Frjáls aðgangur að opna kerfinu og tækjasal

STOTT PILATES er krefjandi æfingakerfi og frábær leið til að:
- Móta líkamann, bæta líkamsvitund og líkamsstöðu.
- Lengja vöðva og styrkja djúpvöðva í kvið og baki.
- Losa spennu, auka liðleika og bæta jafnvægi milli vöðvahópa.

6 vikna námskeið - Mánudaga og miðvikudaga kl. 10:30
Þriðjudaga og fimmtudaga kl. 16:30
Kennari: Agnes Amalía Kristjónsdóttir.
Verð kr. 19.900.

Barnagæsla - Leikland JSB

Velkomin í okkar hóp!

DANSRÆKT JSB
leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

Stelpur Konur
Staðurinn - Ræktin
Stutt og strangt
S&S stutt og strangt
Skráning alltaf í gangi
í síma 581 3730!

Frjáls aðgangur að opna kerfinu og tækjasal

Komdu þér í gang!
- 2ja vikna námskeið 5x í viku í tækjasal með persónulegri leiðsögn og aðhaldi
- Tilvalið að mæta með vinkonunum – hámark 6 í hóp
- Leiðbeiningar um mataræði
- Mæling og vigtun í byrjun og enda námskeiðs

Verð aðeins kr. 12.000.

Barnagæsla - Leikland JSB

Velkomin í okkar hóp!

DANSRÆKT JSB
leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

Stelpur Konur
Staðurinn - Ræktin
TT námskeið
Viltu ná kjörþyngd og komast í form?
Ný námskeið hefjast 8. janúar
innritun á fullu í síma 581 3730

NÁMSKEIÐUM FYLGIR FRJÁLS MÆTING Í TÆKJASAL

TT tímar í boði:			
6:15	A	mánu-, miðviku- og föstudagar	
7:20	C	mánu-, miðviku- og föstudagar	
10:15	D	mánu-, miðviku- og föstudagar	Barnapössun
14:20	G	mánu-, miðviku- og föstudagar	
16:40	H	mánu-, miðviku- og föstudagar	Barnapössun
17:40	I	mánu-, miðviku- og föstudagar	Barnapössun
18:40	J	mánudagar kl. 18:40, miðviku- og fimmtudagar kl. 18:25	
18:25	TT3	mánudagar kl 18:25 og miðvikudagar kl. 19:25 - (16-25 ára)	

Fundur fyrir alla TT flokka sunnudaginn 8. janúar kl. 16:30
15% afsláttur fyrir þær konur sem halda áfram!

Velkomin í okkar hóp!

DANSRÆKT JSB
leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

ELLA mun sýna haustlínuna 2012, sem er jafnframt þriðja kvenfatalína fyrirtækisins, hjá ISTOK á tískuvikunni í New York í febrúar á næsta ári. Elínrós Líndal, eigandi og listrænn stjórnandi ELLU, kveðst vera bjartsýn á góðar viðtökur ytra.

TÍSKA

Augnablik ársins

Þegar litið er yfir síðasta árið í tískuheiminum eru nokkur atriði sem standa upp úr að mati blaðamanna Wall Street Journal.

TÍSKUVIÐBURÐUR ÁRSINS: KONUNGLEGT BRÚÐKAUP
Katrín Middleton vakti óskipta athygli í brúðarkjól sínum sem hannaður var af Söruh Burton fyrir Alexander McQueen. Eftirlíkingar af kjólnum voru komnar á markað áður en langt um leið.

ÁHRIFAMESTU HÁRGREIÐSLURNAR
Hér fara fremst í flokki þau Justin Bieber og Emma Watson. Hárgreiðslufólk um allan heim hefur varla undan að anna stúlkum sem vilja álfahár Emmu eða drengjum sem þrá að líkjast hjartaknúsaranum unga.

FLOTTASTI NÝI STÍLLINN
Tískan frá árinu 1961 hefur rutt sér til rúms. Ástæðan eru vinsældir sjónvarpsþáttanna Pan Am sem eiga að gerast um miðja síðustu öld.

Christina Ricci í hlutverki sínu í Pan Am.

Kanye West þótti takast illa upp með frumraun sína á tískupallinum.

BESTA ENDURKOMAN
Þrískiptu jakkafötin eru aftur komin upp á yfirborðið eftir að þeim var spáð vísum dauða af mörgum tískuspekúlöntum. Einn þeirra sem hafa endurvakið vestið og jakkann er Justin Timberlake.

OFMETNASTA AXARSKAFTIÐ
Bandarískir hönnuðir áttu ekki til orð yfir kjólinn sem Michelle Obama forsetafrú klæddist í opinberum málsverði með kínverska forsetanum. Töldu sumir að hún hefði svikið málstaðinn með því að velja kjól frá breska merkinu Alexander McQueen.

STÓRKOSTLEGASTA FALLIÐ
John Galliano féll í mikla ónáð eftir að myndband af honum sauðdrukknum að

Justin Timberlake í þrískiptum jakkafötum.

Michelle Obama í breskum kjól.

kasta fram móðgandi kynþáttaníði birtist augum almennings. Hann var í kjölfarið rekinn frá Dior og dæmdur fyrir ummælin.

MISHEPPNAÐASTA TÍSKUSÝNINGIN
Þrátt fyrir stjörnum skrýddan fremsta bekk á tískusýningu Kanye West í París var ljóst að ferill hans sem tískuhönnuðar var dæmdur til að misheppnast. Klæðin þóttu klunnaleg og viðvaningslega gerð.

Osushi veisla um áramótin !

60 bita Sushi bakki

Kr. 8.900,-

Best er að panta með dags fyirvara

THE SUSHI TRAIN

OSUSHI -THE TRAIN
Lækjargötu 2a og Borgartúni 29 sími 561 0562 / www.osushi.is

ÚTSALAN BYRJAR Í DAG KL. 11

50% afsláttur af öllum fatnaði og skóm

AUSTURSTRÆTI 8 - 10 • SÍMI 534 0005
OPIÐ ALLA DAGA

GYLLTI KÖTTURINN

ALLT SEM ÞIG VANTAR

Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
smaar@frettabladid.is / visir.is

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

BÍLAR & FARATÆKI

TILBOÐ 1.790.000.-
MMC PAJERO GLS ANTERA. Árgerð 2003, ekinn aðeins 137.þ km, bensín, sjálfskiptur,7 manna. Verð áður 2.490.000.- Tilboð 1.790.000.- Rnr.245145.S:562-1717. Sjá fleiri myndir á www.bilalif.is

Bílalíf
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opið virka daga 10-18
www.bilalif.is

Bílafrágangur
Hlíðasmári 2, 201 Kópavogur
Sími: 651 3500
Opnunartími 10-21 alla virka daga
http://www.bilafragangur.is

TOYOTA Land cruiser 120 lx. Árgerð 2007, ekinn 130 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.800.000. Rnr.112037.

Nýja bílahöllin
Eirhöfða 11, 110 Rvk.
Sími: 567 2277
www.nyja.is

ARCTIC CAT F8 Sno Pro . Árg 2007, ek 6 Þ.KM, 800cc, 144hö, 264kg, Sleðinn lítur mjög vel út, í topp standi og með neglt belti, Ásett verð 890.000. Rnr.140587. Er á staðnum,

100 bílar ehf
Þverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16.
www.100bilar.is

Bílar til sölu

ER AÐ FLYTJA ÚR LANDI - ÁSETT 400 - TILBOÐ 290.000KR
Til sölu Toyota corolla árg.'98. 5 dyra BSK. Ek.243þús, nýleg tímareim og ný vetrardekk, sk.12! S.6615425 / 8220044

Vw Golf, árg. '03 og níu mán. 1.6 vél. ek. 150 þkm. 5.gíra, V. 650 þ. Uppl. 616 2597.

BMW 318 sjáfssk. árg. '01 ek. 200þús. Ný yfirfarin. Verð 750 þús. Uppl. s. 662 0510.

Land Cruiser árg. 07, ek. 100 þkm. ssk. 33" dekk. V. 6.1 m. Uppl. 692 7091

Til sölu vw golf 1,6, station árg '97. sk 12, 5 gíra, krókur, cd, álfelgur, góður bíll v.180staðg uppl í s. 896 8568

1-2 milljónir

Chevrolet Aveo LS bs. árgerð '09 ekinn 20 þús. verð 1450 þús. Flugeldapakki að eigin vali að verðmæti 50 þúsund fylgir með. Uppl. í síma 695-2960.

Bílar óskast

Bíll óskast á 25-250þús.
Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms.

Sendibílar

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Vörubílar

Vörubíla og vinnuvéladekk
Eigum á lager 315/80R22,5 vörubíladekk á góðu verði Höfum einnig gott úrval af vinnuvéladekkjum O.K. Varahlutir ehf sími 696-1050-okspares@simnet.is

Reiðhjól

Veturinn er kominn!
Ljós, nagladekk og allt hitt. KRÍA HJÓL, reiðhjóla verslun og verkstæði Hólmaslóð 2, s.5349164

Bátar

Vantar báta og skip á söluskrá okkar. Mikil eftirspurn. Bátar og búnaður, Sími 663-4865 og 861-9188. www.batarogbunadur.is

Vélsleðar

Vinnuvélar

Varahlutir

Bílapartasala
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

Varahlutir, dekk og felgur á ýmsa bíla. Dráttarbeisli í Primera '98, Elantra '98, Almera '98. S. 896 8568.

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Hyundai Sonata '97, Accent '01, Impreza '99 og felicia '99, Peugeot 306 '99, 206 og 406 ST. Almera '97, Ford 250 '99, Megane 01. Vectra '98, Astra '97, Corsa '98, Baleno '98. Kia Rio '02. Benz 230 '97. Kaupi bíla til niðurrifs. sími 661 5270.

Japanskar vélar Bílapartasala
Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum bíla. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

Viðgerðir

Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Uppl. s. 555 6020

ÞJÓNUSTA

Pípulagnir

Faglærðir Píparar
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

Hreingerningar

Vy-þrif ehf.
öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. Sími 512-4010 www.vy.is

Garðyrkja

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Bókhald-ársreikningar-framtöl-VSKuppgjör-launauppgjör-stofnun félaga-erfðarfjárskýrslur o.fl. S 517-3977 www.fob.is fob@fob.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Tölvur

Húsaviðhald

Sími 896 4947 Netfang: hamraborg @ simnet.is

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899 4254.

Spádómar

Spásíminn 908 5666
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Önnur þjónusta

Blekhylki.is
Blekhylki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhylki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150

KEYPT & SELT

Til sölu

Allt fyrir áramótin!
Hattar, kórónur, gleraugu, hálsfestar, glös, borðbúnaður, borðar, hengi, óáfengt freyðivín, gasblöðrur, þurrís, o.fl. Knöll, lúðrar, ýlur og innisprengjur í stykkjatali á smáhlutabar. Opið til kl. 21 fim og fös og til kl. 17 á gamlaársdag. Partýbúðin, Faxafeni 11 (Hagkaupsplaninu), s. 534-0534

Til sölu

Til sölu tveir Skidoo Summit X '08

Björgunarsveit Hafnarfjarðar auglýsir til sölu tvo Skidoo Summit X árg. 2008, 146" og 154". Eknir um 2900 km og um 2700 km. Sleðarnir eru með rafstarti, hlífðarpönnu,12v tengi, búkkaríf-urum auk fjölda fleiri auka-hluta. Vel með farnir sleðar sem fengið hafa toppviðhald og umhirðu.

Tilboðsverð per sleða kr. 1.490þ.
Uppl. í síma 8988773 - Pálmi
palmi.masson@gmail.com
eða 8920402 - Sigurjón
sigurjon@btnet.is

TIL SÖLU

Eggið eftir Arne Jacobsen til sölu!

Eggið og skemill úr svörtu leðri eftir Arne Jacobsen til sölu. Verð er 1,5 millj. kr. staðgr. Stóll og skemill kosta út úr búð 2.2 millj. kr. Upplýsingar í gsm. 699 3799

CooperVision
Dagslinsur
Kr: 2.500.-
OPTIC REYKJAVÍK
SJÓNTÆKJAVERSLUN
S: 552 2002
Hamrahlíð 17 105 Rvk.
Húsi Blindrafélagsins

6 innihurðir V. 10 Þ. stk. ískápur V. 5 þ. Hyundai H100 árg. '95 v. 100 þ. Uppl. 697 5850.

Ódýr heimilisraftæki

Sími 896 8568.

Óskast keypt

Kaupi gull !

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll),
Verið velkomin

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

Verslun

Flott föt á flottar konur.Tökum vel á móti þér. Verslunin Emilía Bláu húsin Faxafenis: 588-9925 emilia.is

HEILSA

Líkamsrækt

Yoga bekkur til sölu á hálfvirði. Upplýsingar í síma 895 2490.

Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd

TANTRA NUDD

Snerting heilar líkaman og sál. Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. Nálægt Foldatorg. Tímapöntun nauðsynleg. Sími: 698 8301 www.tantra-temple.com

NUDD - DEKUR - ÍÞRÓTTANUDD

Íþróttanudd, Gigtarnudd (krepptir fingur), Svæðanudd, Dekur f. pör, vini og hópa, skrúbb, pottur, nudd og máltíð. Góð tilboð. JB Heilsulind. S. 823 8280.

Vandaðir og ódýrir ferðanuddbekkir og óléttubekkir til sölu. Uppl í 8916447 Óli

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

HEIMILIÐ

Húsgögn

Mjög fallegur Amerískur rúmgafl úr Palexander við til sölu v/flutnings, er einnig með bakaraofn, hellu og gufugleypir. Uppl. í S. 898 5256.

Chesterfield sófasett

Til sölu Chesterfield sófasett með sófaborði og hornborði, nánast ekkert notað og lítur út eins og nýtt. Kostar nýtt 1,3 mil, verð 850þús. S. 692-2323

Dýrahald

ENGLISH SPRINGER SPANIEL Hvolpar til sölu. S. 896 9478 Gunnar.

DVERG SCHNAUZER

Dverg schnauzer til sölu hreinræktaðir með ættbók frá HRFÍ. Bæði svartir og pipar/salt. Uppl í s. 897 6229

Gerðu góðverk í dag
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Gleðilegt ár!
Sími 512 5407

FJARSTÝRÐ MÓDEL Í ÚRVALI.
TOMSTUNDAHÚSIÐ
Nethyl 2, Sími: 587 0600,
www.tomstundahusid.is
Finnið okkur á facebook.

Tveir fyrir einn af bjór með mat alla föstudaga!
Italiano Pizzeria
Italiano Pizzeria • Hlíðasmári 15 fyrir ofan smáralind • Sími 55 12345

Útsalan er hafin

Ynja UNDIRFATAVERSLUN
HAMRABORG 20A • KÓPAVOGI 544-4088 • YNJA.IS

HÚSAVIÐGERÐIR.IS
Viðgerðir og viðhald fasteigna!
Alhliða húsaviðgerðir - Flísalagnir
Veggjakrotsvarnir - Múrverk
Fyrirbyggjandi varnir
Sími: 565-7070

[AIS Fyrir Báta og Skip]

AIS Class – A AIS Class – B AIS Class – B með skjá
Betri búnaður - Betra verð
Elcon ehf • sími 5529510 • elcon@simnet.is

Frábær GSM myndavél og öryggiskerfi
Hægt er að tengja 10 skynjara við myndavélina. Sendir myndir í símann eða á e-mail.
Dalvegur 16b s: 554-2727
Hugna.is
verð frá kr. 48.346

BRA BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510
TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

• Steypusögun
• Kjarnaborun
• Múrbrot
• Hellulagnir
• Jarðvegsvinna
• Öll almenn-verktakavinna
BROTAFL STEINSÖGUN - BORUN - BROT
Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
Netfang: brotafl@simnet.is

CABAS tjónaskoðun
BÍLASPÍTALINN
Lagfærum flestar tegundir bifreiða
ALMENNAR VIÐGERÐIR · INGVI ÞÓR SIGFÚSSON
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR · SÍMI 565 4332
HJÓLASTILLINGAR · bsp@bsp.is
Bílaspítalinn · Kaplahrauni 1 · 220 Hfj · Sími 565 4332

· Hjólbarðaviðgerðir
· Smurþjónusta
· Bremsur
· Demparar
· Rafgeymar
· o.fl.
HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

LOK Á HEITA POTTA
FJARÐARBÓLSTRUN
SÍMI 8644188
Sérsaumum einangrunalok og yfirbreyðslur á allar tegundir potta. Metum og gerum við. Margra ára reynsla.
Flatahraun 29, 220 Hfj. fjardarbolstrun@gmail.is
www.fjardarbolstrun.is

LP VERK ehf. BYGGINGAFÉLAG
Rafvirkjar - Smiðir
Flísalagnir - Múrarar
Málarar - Píparar
Allar almennar húsaviðgerðir!
698 6738
www.lp-verk.is

BÍLAVERKSTÆÐI AUÐUNS

TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
FOSSALEYNI 16 • GRAFARVOGI
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
S. 587 1350

ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR
ÞARFT ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?

HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ
FRÉTTABLAÐIÐ
Sími 512 5407 | thjonusta@365.is

Gleðilegt ár!
gunny@365.is arnarut@365.is sigrunh@365.is

Til sölu

Allt hráefni til austurlenskarar matargerðar,
svo sem krydd, núðlur, grjón, olíur o.fl.

VIETNAM MARKET

Suðurlandsbraut 6,
108 Reykjavík s. 534-7268

Opið virka daga 11-20
og um helgar 12 - 18.

Á FERÐINNI

Sölufulltrúar:
Jóna María
jmh@365.is 512 5473
Brynja Dan
brynjadan@365.is 512 5465
Snorri
snorris@365.is 512 5457

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Gistiheimili - Guesthouse

www.leiguherbergi.is

1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.

Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is

GÓÐ GISTING Í MIÐBÆ RVK
Gott verð, dags, viku- og mánaðarleiga.

www.hotel105.com
GISTIHÚSIÐ VÍKINGUR
sími 896 4661

Herbergi til leigu með eldhúsi og baði með þvottavél. Mið Reykjavík. S. 661 5219.

Húsnæði við Lund í Svíþjóð og við kringluna- Rvk, gott fyrir háskólastúdenta. Uppl. í S: 499 2072.

Leigjendur, takið eftir!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Sumarbústaðir

GISTING - AKUREYRI
orlofshus.is S. 897 5300.

TILKYNNINGAR

Fundir

Aðalfundur Íslensk - ameríska félagsins verður haldinn í húsnæði Arion banka, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, mánudaginn 2. janúar kl. 17. Venjuleg aðalfundarstörf. Stjórnin.

Einkamál

SÍMAÞJÓNUSTUR

Stefnumót
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
Sögur
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
Spjalldömur
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

KK um fertugt
leitar ljúfrar stundar með KK sem hefur aðstöðu. Rauða Torgið, s. 905-2000, 535-9930.

ATVINNA

Atvinna í boði

Snyrtivöruverslunin Zebra leitar að metnaðarfullum og hressum starfskrafti

Með reynslu við sölustörf og góða þekkingu á snyrtivörum. Starfið er laust í byrjun janúar og þurfa umsækjendur að hafa náð 25 ára aldri. 100% íslenska skilyrði.

Umsókn ásamt ferilskrá sendist á atvinna@zebrashop.is, en þeir metnaðarfullu geta að sjálfsögðu mætt í verslun.

Ræstingar í hótelíbúðum í miðbæ Reykjavíkur

Vinnutími er 4 til 6 tímar á dag virka daga og aðra hvora helgi. Við leitum að heiðarlegum, stundvísum og reyklausum starfskrafti 19 ára eða eldri. Þurfa að vera vön þrifum og vönduðu vinnubrögðum og geta tjáð sig á íslensku og ensku.

Vinsamlega sendið upplýsingar í tölvupósti á 4@4.is
Kastalinn Lúxusíbúðir og Embassy Lúxusíbúðir http://4.is

DREIFINGARKASSAR FRÉTTABLAÐSINS

Vegna aukinnar hættu á skemmdarverkum í kringum áramót verða dreifingarkassar fyrir Fréttablaðið teknir niður en settir aftur upp í janúar. Í millitíðinni verður hægt að nálgast blaðið í strætóskýlum, íþróttahúsum og sundlaugum og í einhverjum tilfellum á stórum vinnustöðum á þeim svæðum þar sem blaðinu er venjulega dreift í Fréttablaðskössum. Dreifing í hús verður óbreytt.

Nánari upplýsingar fást á visir.is/dreifing

Lesendur eru beðnir afsökunar á óþægindum vegna þessa.

Fréttablaðið er aðgengilegt fyrir alla á pdf eða html formi á Vísi.

Allt sem þú þarft

Jói Fel

Hjá Jóa Fel Holtagarðar

Óskum eftir að ráða hörkuduglega manneskju í afgreiðslu í Bakarí hjá Jóa Fel Holtagörðum. Vinnutími 11:30-18:30 og önnur hver helgi. Íslensku kunnátta skilyrði.

Áhugasamir geta sent umsókn á linda@joifel.is eða í (s. 863 7579 Linda)

Fjarðarbakarí

Óskar eftir starfsfólki til afgreiðslu í verslanir okkar í framtíðarstörf. Starfsmaður þarf að vera stundvís og snyrtilegur. Íslensku kunnátta nauðsynleg. Umsóknir sendist á sjofn@fjardarbakari.is eða í síma 898 0445 / 554 6729 - Sjöfn

Lærður smiður óskast!
Lærður smiður óskast til Noregs. Uppl. í s. 004770021212.

Gæludýr.is óskar eftir starfsmanni í útkeyrslu 4 daga vikunnar og allar helgar í verslun okkar á Korputorgi. Þarf að geta hafið störf strax. Vinsamlegast sendið umsókn á inga@gaeludyr.is. Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg í síma 616-9124

Fasteignir

ATVINNUHÚS EHF

VERSLUNARHÚSNÆÐI OG LAGER TIL LEIGU VIÐ FÁKAFEN

Frábærlega vel staðsett verslunarhúsnæði með fjölda bílastæða á áberandi stað á Skeifusvæðinu. Verslunarrými 809 fm. Lagerpláss með mikilli lofthæð í kjallara 672 fm. **Laust 10. jan. n.k.**

Atli Vagnsson hdl. og löggiltur fasteignasali
HVERFISGATA 4 – 101 REYKJAVÍK - SÍMI: 698-4611 / 561-4433 – ATLI@ATVINNUHUS.IS

Fundir / Mannfagnaður

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Sjómannafélags Íslands verður haldinn í Iðnó fimmtudaginn 29. desember kl. 17:00

Fundarefni:
1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Önnur mál.

Gestur fundarins verður Árni Guðmundsson framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðsins Gildis.

Trúnaðarmannaráð SÍ.

Atvinna

FISKMARKAÐUR VESTMANNAEYJA

Botni Friðarhöfn
Po.box 223 902 Vestmannaeyjum
S: 481-3220 og 481-3221 fax: 481-3222
Tölvupóstfang: fmv@fiskmarkadur.is

FISKMARKAÐUR VESTMANNAEYJA HF

Fiskmarkaður Vestmannaeyja óskar eftir að ráða starfsmenn, þurfa að geta byrjað sem fyrst.

Í starfinu felst m.a. að taka á móti fisk og aðstoða við löndun, vigta fisk og skrá til sölu í sölukerfi RSF. Frágangur og afgreiðsla á fiski eftir sölu, slæging og fleiri tilfallandi verkefni.

Mjög æskilegt er að viðkomandi hafi lyftararéttindi og gott er ef viðkomandi hefur vigtarréttindi, þá er einhver tölvukunnátta er æskileg.

Nánari upplýsingar er hægt að fá hjá framkvæmdastjóra í síma 868-2898 eða á fmvkari@fiskmarkadur.is, og umsóknum skal skilað á netfangið fmvkari@fiskmarkadur.is

Fasteignir

Gleðileg jól
og farsælt komandi ár
þökkum samstarfið á árinu

101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA

STOFA 53

101 Reykjavík Fasteignasala • Laugavegur 66 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3909 • www.101.is • 101@101.is

Leifur Aðalsteinsson, löggildur fasteignasali



Skólavörðustígur – 101 Rvk.
Glæsileg efri hæð og ris auk 3-4 herb. íbúðar í kjallara samtals 298 fm. Um er að ræða sérlega glæsilega eign. Hæðin skiptist í hol, stofu, eldhús, svefnherbergi og baðherbergi. Risið er eitt opið rými. Glæsilegt útsýni. Í kjallara er innréttuð 3-4ra herberga íbúð sem er í útleigu. **Eignin er mjög mikið endurnýjuð.**

Klapparstígur – 101 Rvk.
Um er 3 íbúðir í nýju húsi í miðborginni. 2 íbúðana eru á 2 hæð skiptist í: 73,9fm 3 herb. **V-26,9millj.** og 87,6fm 3 herb. **V-30,9millj.** Á efstu hæðinni er 156,2fm 5-6 herb. íbúð. **V- 59,9millj.** Íbúðirnar eru allar í útleigu.
Frábær staðsetning.

Laugarnesvegur – 104 Rvk.
Glæsileg 64,8fm 2 herbergja íbúð á 2 hæð í nýuppgerðu fjölbýlishúsi með stórum vestur svölum. Glæsilegt útsýni til sjávar, yfir Snæfellsjökull, Akrafjall, Engey og Esjunar. Ísskápur, þvottavél fylgir með í kaupunum. **Eignin er laus eftir miðjan janúar 2012. V- 17,9millj.**

Laugarnesvegur – 104 Rvk.
Glæsileg mikið endurnýjuð 101,6fm 3 herbergja endaíbúð með glæsilegu útsýni til sjávar, fjallgarðinn og borgina. Íbúðin er á 4. (efstu) hæð í litlu fjölbýli og það er bara þessi íbúð á hæðinni. Ísskápur, þvottavél/þurrkari og uppþvottavél fylgir með í kaupunum. **Eignin er laus eftir miðjan janúar 2012. V- 25,9millj.**

skemmtilegri

KALLI BERNDSEN Í NÝJU LJÓSI

Nýr þáttur um lífsstíl og tísku. Kalli Berndsen gefur áhorfendum og gestum sínum góð tískuráð og kemur með áhugaverðar hugmyndir um fataval, hár og förðun. Sjáðu þig í nýju ljósi með Kalla á miðvikudögum á Stöð 2 í vetur.

FYRSTI ÞÁTTUR MIÐVIKUDAG KL. 20:30

STÖÐ 2 Á AÐEINS
244 KR.
Á DAG

Allir áskrifendur Stöðvar 2 safna punktum

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

ANNAÐ SEM VAR NEFNT

Kaupin á MP banka

Kaup FSÍ á N1

Viðskipti erlendra fjárfesta sem vegna afglapa SÍ geta nýtt sér aflandskrónur til að kaupa stutt verðtryggð íbúðabréf og komist þar með út á seðlabankagenginu

Hæstaréttardómur sem úrskurðaði um lögmæti neyðarlaganna. (Innlán gerð að forgangskröfum). Tryggði íslenskum innstæðueigendum þúsundir milljarða

Salan á Latabæ til Turner

Kaup lífeyrissjóða á 25% hlut í HS Orku af Magma Energy

Risasamningur Marorku við Kongsberg

Árni Hauksson hættu upphaflega við að kaupa í Högum vegna þess að þeim fannst hluturinn of stór. Þegar Sigþór Jónsson, forstöðumaður sérhæfðra viðskipta hjá Stefni, leitaði til þeirra og vildi fá þá sem hluta af Búvallahópnum horfði

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

...ti FSÍ með ...og Icelandair

...NBOGI JÓNSSON Framkvæmdastjóri Framtakssjóðs Íslands.

...SÍ eignaðist 30% hlut í Icelandair ...tveimur útboðum á árinu 2010. ...óðurinn greiddi 2,5 krónur á ...ut í þeim útboðum og því fjár...esti hann samtals fyrir um 3,6 ...illjarða króna í Icelandair á þeim ...ma. Í byrjun nóvember tilkynnti ...óðurinn að hann hefði selt 10% ...eignarhlut sínum á 2,7 milljarða ...róna, á genginu 5,42. Bréfin höfðu ...á ávaxtast um 120% frá því að ...au voru keypt í júní og desember 2010. Kaupendurnir voru reyndar að mestu þeir sömu og eiga FSÍ en andvirði sölunnar rann beint til eigenda FSÍ í samræmi við skilmála sjóðsins, sem gera ráð fyrir því að allir eigendurnir fái strax greitt við sölu í samræmi við eignarhlut sinn. Það þýddi að Landsbankinn, stærsti eigandi FSÍ, sem keypti ekki hlut, fékk um 745 milljónir króna greiddar vegna sölunnar.

3. SÆTI | Kaup Samherja á starfsemi Brims á Akureyri

Samherji keypti eignir Brims á Akureyri í byrjun maí. Um var að ræða fiskvinnslu á Akureyri og Laugum, tvo ísfisktogara og veiðiheimildir í þorski, ýsu, steinbít og skarkola. Eignirnar voru settar í dótturfélag sem fékk hið gamalgróna nafn Útgerðarfélag Akureyringa (ÚA).

Samherji greiddi 14,5 milljarða króna fyrir og lagði auk þess fram 3,6 milljarða króna fram í nýtt eigið fé sem fjármagnað var að hluta til með sölu erlendra eigna. Landsbankinn lánaði 10,9 milljarða króna til kaupanna. Viðskiptin eru þau stærstu sem átt hafa sér stað í íslenskum sjávarútvegi um árabil.

Guðmundur Kristjánsson, forstjóri Brims, neitaði því í samtali við Fréttablaðið hinn 3. maí að kaupin tengdust skuldauppgjöri við Landsbankann. Viðskiptin hefðu verið að frumkvæði Brims.

Eftir kaupin er Samherji næstkvótahæsta útgerð landsins, með um 8% af kvótanum mældum í þorskígildistonnum. Aðaleigendur Samherja eru frændurnir Þorsteinn Már Baldvinsson og Kristján Vilhelmsson.

GAMLI OG NÝI Þorsteinn Már Baldvinsson, einn eigenda Samherja, og Guðmundur Kristjánsson, eigandi Brims.

NBA komin upp úr skotgröfunum

NBA-deildin er komin af stað eftir harðar deilur. Leikmenn sýndu mikla samstöðu. Framkvæmdastjóri NBA, David Stern, segir verkfallið hafa valdið „óbætanlegu tjóni“ en það muni styrkja deildina þegar fram í sækir.

ÍÞRÓTTIR
Magnús Halldórsson
magnush@365.is

NBA-deildin í körfubolta er loksins skriðin af stað eftir harðar deilur leikmanna og forsvarsmanna NBA-deildarinnar. Leikmenn fóru í verkfall vegna deilna sem snerust um peninga, en eru nú komnir upp úr skotgröfunum eftir að hafa sýnt mikla samstöðu í deilunum við forsvarsmenn deildarkeppninnar sem að lokum leiddi til samkomulags.

Leikmenn vildu fá meiri hlutdeild í tekjunum sem NBA-deildin fær en forsvarsmenn deildarinnar töldu kröfur leikmanna ganga alltof langt. Eftir meira en hálfs árs daglegar samningaviðræður, ýmist bak við tjöldin eða á opinberum samningafundum, tókst að ná samkomulagi sem báðir deilendur gátu sætt sig við. „NBA-deildinni hefur verið bjargað,“ sagði David Stern, stjórnandi NBA-deildarinnar, þegar samkomulagið var undirritað. Derek Fisher, fyrrverandi leikmaður LA Lakers, Utah og Golden State Warriors, leiddi samningaviðræðurnar fyrir hönd leikmanna deildarinnar. „Við tókum mikilvægt skref fram á við, en sjálfir teljum við að leikmenn deildarinnar eigi að fá stærri hlutdeild í þeim miklu tekjum sem verða til í kringum NBA-deildina,“ sagði Fisher.

NBA-deildin risaiðnaður

Þó liðin 30 sem eru í NBA-deildinni keppi sín á milli í íþróttahöllum í Bandaríkjunum og Kanada þá er heimavöllur NBA í reynd heimurinn allur. Áætlað er að heildar efnahagsleg áhrif NBA-körfuboltans á ári séu yfir 5 milljarðar dollara, eða sem nemur tæplega 600 milljörðum króna. Þá er horft til sjónvarpsáhorfs á leiki og áhrifa á auglýsingaiðnaðinn, sölu á varningi liðanna, sölu á miðum á leiki og þess háttar.

Meginröksemd leikmannasamtakanna í samningaviðræðunum við NBA-deildina var ekki síst að horfa yrði til þess aðdráttarafls sem leikmennirnir sjálfir hefðu. „NBA á allt undir leikmönnunum, það væri enginn körfubolti án leikmanna,“ sagði Fisher þegar deilan var í sem mestum hnút, og lagði þannig áherslu á að leikmenn ættu rétt á að fá meiri hlutdeild í heildartekjum. Svo einfalt er þó málið ekki. NBA-liðin hafa mörg hver verið að berjast við erfiðan rekstur undanfarin ár og þar vega þyngst himinhá laun leikmanna. Þau hafa hækkað mikið og eru að meðaltali á bilinu 50 til 60 prósent af heildar rekstrarkostnaði liðanna, samkvæmt frétt New York Times. Stern hefur sagt að þetta hlutfall ætti að vera nærri 30%.

DEREK FISHER

Styrkur til framtíðar

NBA-deildin hefur vaxið jafnt og þétt undanfarin ár eftir fremur dapran tíma. Eftir að hetjurnar, sem m.a. mynduðu Draumaliðið á Ólympíuleikunum í Barcelona 1998, hættu ein af annarri minnkaði áhuginn á NBA-deildinni töluvert mikið á heimsvísu. Miðasala datt niður um tíma, en tók síðan kipp upp á við aftur og hefur farið vaxandi frá ári til árs, ekki síst vegna nýrrar kynslóðar frábærra leikmanna með mikið aðdráttarafl. Þar fara ekki síst fremstir í flokki Lebron James hjá Miami Heat, Kobe Bryant hjá LA Lakers og Derek Rose hjá Chicago Bulls.

LOKSINS SÁTT David Stern, stjórnandi NBA-deildarinnar og Derek Fisher, sem leiddi samningsviðræðurnar fyrir hönd leikmanna deildarinnar, hafa staðið í ströngu undanfarna mánuði. MYND/AFP

Miklar áhyggjur eru þó af stöðu mála núna, vegna þeirra áhrifa sem verkfall leikmanna hefur þegar haft á NBA-deildina. Markaðsstarf hefur ekki getað farið af stað, nema að litlu leyti, sem hefur valdið liðunum í deildinni miklum erfiðleikum. „Við munum koma sterkari út úr þessu í framtíðinni en tjónið er óbætanlegt,“ svaraði David Stern er hann var spurður um hver hefðu verið áhrifin af verkfallinu.

www.meiraprof.is

Farðu ekki án **réttinda** á vinnuvélar til **Evrópu**, vertu klár í allt, heima sem erlendis

Skjót leið
til **starfs**menntunar

Réttindanámskeið fyrir stjórnendur vinnuvéla, kláraðu þetta á móðurmálinu ef þú hefur hug á starfi í Evrópu. Hægt er að byrja alla föstudaga kl. 17.30, námið tekur 3 helgar, sjá nánar á heimasíðunni **meiraprof.is** eða hringdu í síma 588 45 00

NÁMSKEIÐ SEM GEFA RÉTTINDI UM GJÖRVALLA EVRÓPU

ÖLL ÖKURÉTTINDI - ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI

Skapaðu þér þitt eigið góðæri

Námskeið til aukinna ökuréttinda og vinnuvélanámskeiðið gefur aðgang að þúsundum áhugaverðra starfa. Fyrir þá sem ekki eru með umtalsverða framhaldsmenntun er það ekki spurning að afla sér þeirra réttinda sem þessi námskeið veita. Fjöldi fólks með mikla sérmenntun sækir þó þessi námskeið til að eiga möguleika á að komast út frá pappír og tölvum og láta til sín taka á sverum trukkum og öflugum vinnuvélum, þó ekki sé nema í sumarfríum.
Starfsmenn skólans eru með áralanga reynslu í kennslu á þessu sviði og þjálfaðir í að kenna fólki sem að öllu jöfnu hefur skóla ekki efst á vinsældarlistanum. Við starfsmenn skólans kappkostum að flytja hagnýtan fróðleik sem kemur nemendum og vinnuveitendum þeirra (og öllum vegfarendum) að gagni alla daga. Við kennararnir trúum líka á líf **fyrir** dauðann og leggjum okkur fram um að námið sé ekki bara hagnýtt, heldur einnig skemmtilegt.
Ekki bíða eftir tíma til að framkvæma þetta sem þú hefur hugsað lengi um, það er annað orð yfir aldrei. Búðu tímann til, stattu með sjálfum þér og byrjaðu strax. Við fögnum því að fá að hitta þig og að fá þannig tækifæri á að auka árangur þinn í lífinu.

NÝI ÖKUSKÓLINN

KLETTAGÖRÐUM 11 (et-húsinu) REYKJAVÍK

ALLAR FREKARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 588 45 00

SÉRSTAÐA NBA-DEILDARINNAR



Ólíkt mörgum af stærstu deildarkeppnum heimsins í knattspyrnunni eru peningarnir í NBA-deildinni ekki mestir í viðskiptum með leikmenn. Reglur deildarinnar gera ráð fyrir að leikmenn gangi ekki kaupum og sölum fyrir hærri fjárhæðir en 1 milljón dollara, eða sem nemur 115 milljónum króna. Algengast er því að leikmenn fari á milli liða í skiptum fyrir aðra leikmenn. Deildarkeppnin er löng og ströng. Hvert lið spilar yfir 80 leiki á tímabili, og um 100 leiki fari það alla leið í úrslit.

Óheimilt er að reka félög með botnlausu tapi, ólíkt því sem þekkist t.d. í ensku úrvalsdeildinni í fótbolta. Manchester City setti á dögunum met í taprekstri þegar tilkynnt var um yfir 190 milljóna punda tap félagsins í fyrra. Þar vega kaup á leikmönnum langsamlega þyngst. Til þess að sporna gegn þessu samþykkja öll félögin að hafa eftirlit með rekstri hjá hverju öðru. Þetta er m.a. útfært með sérstöku ráði innan NBA sem hefur það verkefni eitt að hafa eftirlit með rekstri félaganna. Brjóti þau gegn reglunum hefur deildin heimild til þess að hindra þátttöku þeirra í keppni deildarinnar.

Helsti drifkraftur deildarinnar hefur ávallt verið öflugt markaðsstarf. Það er að hluta borið uppi af NBA-deildinni sjálfri og síðan af félögunum. Þau vinna saman að dreifingu á vörum inn á markaði um allan heiminn, til þess að auka hagkvæmni og halda í gildin um að orðspor NBA gangi framar orðspori félaga eða einstakra leikmanna.

Ekki er langt síðan það náðist samkomulag um að taka leikmenn í lyfjapróf. David Stern náði því í gegn eftir mikla baráttu. Prófin eru þó ófullkomin enn sem komið er, og fara ekki fram með sama hætti og í mörgum öðrum íþróttagreinum. Sérstaklega er prófað fyrir fíkninefnanotkun, en síðan eru leikmenn teknir í skipulagðar prófanir á fyrirframákveðnum tímasetningum. Þetta hefur verið gagnrýnt nokkuð, þar sem leikmenn geta einfaldlega passað upp á að ná prófunum þegar þau eru tekin. En verið síðan á sterum þess á milli.

GAMLA BÍÓ
LEIKHÚS

Síðan við opnuðum GAMLA BÍÓ LEIKHÚS 23. september hafa **15.000** manns komið og notið þess að eiga stund í þessu einstaka húsi.

Um leið og við þökkum fyrir komuna sendum við öllum landsmönnum okkar bestu hátíðar- og nýárskveðjur. Hlökkum til að sjá ykkur hress á nýju ári!

www.gamlabio.is | 563 4000

Lykilatriðið er að fá gott fólk með sér

Framkvæmdastjóri Innovit segir að margt sé í gangi í nýsköpun hér á landi. Fjárfestingar séu þó erfiðar, sérstaklega vegna lægri upphæða.

NÝSKÖPUN
Þorgils Jónsson
thorgils@frettabladid.is

Árið sem er að líða hefur verið nokkuð blómlegt hér á landi hvað varðar nýsköpun og sprotafyrirtæki. Kristján Freyr Kristjánsson, framkvæmdastjóri nýsköpunar- og frumkvöðlasetursins Innovit, segir margt áhugavert vera í gangi í nýsköpunarumhverfinu hér á landi.

„Það hefur verið mikið í gangi í ár miðað við þátttöku í viðburðum hjá okkur," segir Kristján í samtali við Markaðinn.

„Árið byrjaði með Gullegginu, þar sem rúmlega 250 verkefni tóku þátt og tíu þeirra voru valin til að vera þróuð og kynnt áfram í lokakeppninni. Svo sáum við líka mörg áhugaverð fyrirtæki koma upp úr atvinnu- og nýsköpunarhelgum sem hófu göngu sína í ár. Þar getur hver sem er mætt á föstudegi með nýsköpunarhugmynd og fengið hjálp við þróun og unnið að henni alla helgina."

Sem dæmi um nýleg sprotaverkefni sem hafa tekið stór skref fram á við í ár tiltekur Kristján Datamarket, sem Frumtak fjárfesti í, og tungumálaforritið Cooori, sem kom upp í frumkvöðlakeppninni Gullegginu í fyrra og er núna komið á fullt í Japan.

„En sjálfur er ég ánægðastur með atvinnu- og nýsköpunarhelgarnar sem koma því til leiða að þau sem eru með viðskiptahugmynd þurfa ekki að bíða lengur en einn mánuð eftir tækifæri til að kynna hugmyndina fyrir öðrum og vinna að henni eins og þau geta á einni helgi."

Fjölbreyttur vettvangur til kynningar á vöru

Þess utan segir Kristján að margvísleg svipuð tækifæri séu í boði, til dæmis Gulleggið sem verður afhent í upphafi árs og Seed Forum-fjárfestaráðstefnurnar sem Klak stendur fyrir tvisvar á ári. Þar getur fólk fengið sjö mínútur til að kynna hugmyndina sína fyrir fjárfestum og öðrum sem geta lagt lið í þessum efnum.

„Svo eru margir áhugaverðir viðburðir allt árið í sambandi við tengslanet og þess háttar. Við sáum til dæmis um Alþjóðlega athafnaviku með fjölmörgum viðburðum, TEDx var í Reykjavík í nóvember og verður hér árlega héðan í frá."

Erfiðara að fá lægri upphæðir í fjárfestingu

Kristján segir margt gott í boði hér á landi en fjármögnun sé enn erfið, sérstaklega varðandi lægri upphæðir.

„Tækniþróunarsjóður veitir um 40 verkefnum á ári styrki og það eru fleiri sjóðir, til dæmis Nýsköpunarsjóður, Eyrir Invest og Frumtak. Þeir eru best fallnir fyrir verkefni sem eru komin ákveðið langt á leið og hafa jafnvel einhverja starfsemi. Fjárfestaumhverfið fyrir lægri upphæðir er hins vegar frekar veikt. Þau verkefni sem vantar lægri fjárhæðir, til dæmis eina til þrjátíu milljónir, eru of lítil fyrir sjóðina og háð hinum svokölluðu viðskiptaenglum. Það eru fjársterkir einstaklingar sem fjárfesta í frumkvöðlaverkefnum, en það er erfitt að finna þá einstaklinga."

NÝSKÖPUNARFRÖMUÐUR Kristján Freyr Kristjánsson, framkvæmdastjóri frumkvöðlasetursins Innovit, segir starf þess miða að mestu að því að gefa frumkvöðlum tækifæri til að koma hugmyndum sínum á framfæri. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Kristján bætir því við að íslenskir frumkvöðlar mættu vera duglegri við að rækja tengsl til útlanda, auk þess sem áherslan mætti vera meiri á lokaafurð hugmyndanna.

„Það er mikið af áhugaverðum verkefnum í gangi en þetta snýst mikið um framkvæmdina. Þegar fólk fær hugmynd skiptir langmestu máli að fá gott fólk með sér í teymi. Það er mjög sjaldgæft að einn einstaklingur komi hugmynd á endastöð einn og óstuddur."

Hann segir árið í fyrra hafa verið hið stærsta frá upphafi, þar sem fjárfest hafi verið fyrir hálfan milljarð í fyrirtækjum sem farið hafi í gegnum Gulleggið.

„Það hefur verið aðeins minna um fjárfestingar í ár en við bindum miklar vonir við að þau fyrirtæki sem hafa fengið fjármagn undanfarið fari að komast áfram á næsta stig."

Frestur til að senda tilnefningar er til miðnættis þann 31. janúar

HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VITNI AÐ GÓÐVERKI?

ÓSKAÐ ER EFTIR TILNEFNINGUM TIL SAMFÉLAGSVERÐLAUNA FRÉTTABLAÐSINS 2012

Til greina koma allir sem hafa lagt umtalsvert af mörkum til að bæta íslenskt samfélag. Skorað er á lesendur Fréttablaðsins að senda inn tilnefningar um fólk og félagasamtök sem eiga skilið virðingarvott fyrir verk sín. Allir koma til greina, jafnt óþekktir einstaklingar sem vinna störf sín í hljóði, félagasamtök og þjóðþekktir karlar og konur sem hafa með gjörðum sínum og framgöngu verið öðrum fyrirmynd.

Sendið tilnefningar á hlekknum Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins á **visir.is/samfelagsverdlaun,** með tölvupósti á netfangið samfelagsverdlaun@frettabladid.is, eða bréfleiðis merkt: Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík. Dómnefnd tekur allar innsendar tillögur til skoðunar. Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt í mars.

SAMFÉLAGSVERÐLAUN FRÉTTABLAÐSINS ERU VEITT Í FIMM FLOKKUM.

1 Hvunndagshetjan
Einstaklingur sem sýnt hefur sérstaka óeigingirni eða hugrekki, hvort sem er í tengslum við einn atburð eða með vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma.

2 Frá kynslóð til kynslóðar
Hér koma til greina kennarar, leiðbeinendur, þjálfarar eða aðrir uppfræðarar sem skarað hafa fram úr á einhvern hátt. Einnig koma til greina félagasamtök sem sinna börnum af sérstökum metnaði og alúð.

3 Til atlögu gegn fordómum
Einstaklingur eða félagasamtök sem hafa unnið ötullega að því að eyða fordómum í samfélaginu.

4 Heiðursverðlaun
Einstaklingur sem með ævistarfi sínu hefur stuðlað að betra samfélagi.

5 Samfélagsverðlaunin
Félagasamtök sem hafa unnið framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll.

SAMFÉLAGSVERÐLAUN FRÉTTABLAÐIÐ

40%
afsláttur
af öllum útsöluvörum
ÚTSALAN
HEFST Í DAG KL. 10
COMPANYS
Kringlunni | s. 512 1766 | www.ntc.is | erum á facebook
InWear
SAINT TROPEZ
PART TWO
SOAKED IN LUXURY
BY MALENE BIRGER

Þungbær skuldakreppa þrengir hratt að ríkjum evrusvæðisins

Árið 2011 hefur að nokkru markast af vaxandi áhyggjum af framtíð evrunnar, jafnvel ótta við hugsanlegt hrun hennar eða upplausn myntbandalags Evrópusambandsins. Ástandið hefur verið verst í Grikklandi. Þriðja stærsta hagkerfi evrusvæðisins, Ítalía, er líka í hættu.

ÓEIRÐIR Í GRIKKLANDI Almenningur í Grikklandi hefur óspart í ljós látið óánægju sína með allar þær aðhaldsaðgerðir sem stjórn landsins hefur neyðst til að samþykkja.

ERLENT
Guðsteinn Bjarnason
gudsteinn@frettabladid.is

Árið hófst reyndar á því að evrusvæðið stækkaði úr 26 ríkjum í 27 þegar Eistland tók upp evruna, einmitt þegar vandræði evrunnar voru meiri en nokkru sinni – og áttu þau þó eftir að versna mjög þegar leið á árið.

Ríkisskuldir nokkurra evruríkja hafa smám saman orðið æ óviðráðanlegri. Biðin eftir nýjum og nýjum björgunaraðgerðum Evrópusambandsins hefur aukið á vandann fremur en hitt og ekki bætti úr skák að margboðaðar björgunaraðgerðir hafa hvað eftir annað gengið skemmra en vonir höfðu staðið til.

Grikkland

Ástandið hefur verið verst í Grikklandi, þar sem stjórnvöld höfðu árum saman sankað að sér skuldum til að auðvelda íbúum landsins lífið – með tilætluðum árangri í kosningum. Vorið 2010 höfðu evruríkin samþykkt, ásamt Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, að greiða Grikkjum 110 milljarða evra gegn því skilyrði að þeir skæru verulega niður ríkisútgjöld og hækkuðu jafnframt skatta til þess bæði að ná niður fjárlagahalla og stytta í skuldahalanum, sem stefndi í að fara upp í 180 prósent af landsframleiðslunni.

Greiðslurnar til Grikkja komu þó aldrei að fullu til framkvæmda vegna þess að Grikkir stóðu sig ekki nógu vel í að framkvæma þær aðhaldsaðgerðir sem þeir höfðu lofað að ráðast í. Þegar leið á árið 2011 varð ljóst að vandi Grikkja hafði vaxið og þeir þyrftu enn meiri aðstoð. Í júlí samþykktu ESB og AGS því að veita Grikkjum 109 milljarða evra aðstoð, til viðbótar við þá 110 milljarða sem áður höfðu verið samþykktir, en að þessu sinni tóku einkabankar á sig hluta skaðans.

Almenningur í Grikklandi hefur verið afar ósáttur við aðhaldsaðgerðirnar og óeirðir hafa ítrekað brotist út. Í nóvember sagði Georg Papandreú forsætisráðherra, leiðtogi sósíalistaflokksins PAKOS, af sér. Mynduð var þjóðstjórn undir forystu „tæknikratans“ Lúkas Papademos, sem hafði verið seðlabankastjóri Grikklands og aðstoðarseðlabankastjóri Evrópusambandsins.

Írland

Í febrúar varð kreppan til þess að ríkisstjórn Fianna Fáil féll í þingkosningum á Írlandi, en haustið áður hafði írska stjórnin þurft að leita á náðir Evrópusambandsins og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um fjárhagsaðstoð. Kreppan á Írlandi stafaði hins vegar ekki af því að ríkið hefði skuldsett sig í óhófi, heldur voru það bankarnir á Írlandi sem töpuðu um 100 milljörðum evra, einkum á áhættusömum húsnæðislánum, með þeim afleiðingum að ríkið þurfti að hlaupa undir bagga og taka á sig miklar skuldabyrðar.

Portúgal

Undir vorið komst Portúgal einnig í hann krappan, þegar uppsafnaður vandi frá innistæðulitlum bóluviðskiptum til margra ára var farinn að sliga ríkissjóð. Í maí hlupu ESB og AGS undir bagga, nokkrum vikum eftir að José Socrates forsætisráðherra sagði af sér og boðaði til kosninga, sem haldnar voru í júní. Þar tapaði Sósíalistaflokkur hans þingmeirihluta og hægrimenn tóku við keflinu.

Fleiri í hættu

Vandræði Grikklands, Írlands og Portúgals hafa verið evrusvæðinu í heild þungbær, en samanlögð þjóðarframleiðsla þeirra nemur þó aðeins sex prósentum af heildarframleiðslu evruríkjanna sautján. Vandi þeirra er þar af leiðandi sæmilega viðráðanlegur, breiðist hann ekki mikið víðar út á evrusvæðinu.

HARÐAR RIMMUR Georg Papandreú, þáverandi forsætisráðherra Grikklands, Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti og Angela Merkel Þýskalandskanslari í áköfum samræðum snemma á árinu.

Deloitte.

Bílaleigan Sixt
Söluferli

Boðið er til sölu hlutafé í Bílaleigunni Berg ehf.

Bílaleigan Berg ehf. var stofnuð árið 1999. Árið 2002 tók Bílabúð Benna við rekstri félagsins. Í apríl 2009 tók bílaleigan við **Sixt** vörumerkinu sem er eitt þekktasta vörumerki í heimi á sínu sviði. **Sixt** er það fyrirtæki sem hefur sýnt mestan vöxt bílaleigufyrirtækja í Evrópu á síðustu árum og hefur möguleika á að keppa við stærstu aðilana á íslenskum markaði.

Seljandi áskilur sér rétt á að óska eftir staðfestingu á fjárhagslegum styrk tilboðsgjafa. Fjármálaráðgjöf Deloitte, sem er umsjónaraðili söluferlisins fyrir hönd seljanda, mun taka við óskuldbindandi tilboðum til **kl.16.00, fimmtudaginn 12. janúar 2012.**

Í kjölfarið verða tilboðin metin og völdum fjárfestum boðin áframhaldandi þátttaka í söluferlinu, þar sem þeim er veittur aðgangur að frekari upplýsingum. Seljandi áskilur sér rétt til að takmarka aðgang að söluferlinu.

Áhugasamir fjárfestar eru beðnir um að hafa samband við Fjármálaráðgjöf Deloitte í gegnum netfangið **sixt@deloitte.is** til að fá senda kynningu á félaginu og frekari upplýsingar um söluferlið.

SIXT rent a car

Með haustinu óx hins vegar verulega þrýstingur á Ítalíu vegna ótta markaða við hugsanlegt gjaldþrot landsins, sem er þriðja stærsta hagkerfi evrusvæðisins, næst á eftir Þýskalandi og Frakklandi. Í nóvember var svo komið að Silvio Berlusconi forsætisráðherra sá sér ekki annað fært en að segja af sér og gefa Mario Monti, sem rétt eins og Papademos á Grikklandi telst til „tæknikrata“, færi á að koma aðhaldsaðgerðum í framkvæmd sem myndu duga til að róa markaðina.

Hætta hefur þótt á því að vandinn breiðist út til enn fleiri evrulanda, svo sem Spánar, Belgíu og jafnvel Frakklands. Nú í desember varaði matsfyrirtækið Fitch við því að lánshæfismat sex evruríkja gæti lækkað.

Stöðugleikasjóður ESB

Þegar líða tók á sumarið jókst umræða um hugsanlegt brotthvarf Grikklands og jafnvel fleiri ríkja frá evrusvæðinu. Þrýstingur óx mjög á Evrópusambandið að finna lausnir, en harðar deilur voru milli Angelu Merkel Þýskalandskanslara og annarra leiðtoga evruríkjanna um réttu leiðirnar. Merkel lagði alla áherslu á hertar kröfur um aðhald í ríkisfjármálum en önnur ríki vildu nota opinbera sjóði.

Í júlí samþykktu Evrópusambandsríkin að stofna varanlegan stöðugleikasjóð í staðinn fyrir bráðabirgðasjóð, sem settur var á laggirnar árið áður. Jafnframt átti að stækka þennan neyðarsjóð evruríkjanna verulega, en útfærslu þeirrar stækkunar var frestað fram á haustið.

Fjármálabandalag ESB

Fljótlega varð ljóst að þessar ráðstafanir myndu ekki duga til og smám saman byggðust upp miklar væntingar um að á næsta leiðtogafundi í desember myndu leiðtogar Evrópusambandsins grípa til stórtækari ráða. Þjóðverjar og Frakkar höfðu tekið forystu í málinu og á endanum fengust flestir leiðtogarnir, en þó ekki sá breski, til að stofna nýtt fjármálabandalag til að styrkja myntbandalagið með ströngum reglum um fjárlagahalla og sjálfvirkum refsiákvæðum.

Illa gekk hins vegar að ná samkomulagi um lausn á bráðavanda evrusvæðisins og stækkun neyðarsjóðsins var látin bíða betri tíma.

Skuldaþak Bandaríkjanna

Meðan þessar hamfarir dundu á evrusvæðinu deildu bandarískir þingmenn lengi fram eftir árinu hart um það hvort hækka ætti 14,3 billjóna skuldaþak landsins. Þegar nær dró frestinum, sem rann út 2. ágúst, æstust leikar enda stefndi í greiðsluþrot Bandaríkjasjóðs fengist ekki heimild til að hækka skuldirnar. Samkomulag tókst á síðustu stundu í lok júlí en breytti samt ekki því að matsfyrirtækið Standard & Poor's lækkaði lánshæfismat Bandaríkjanna í fyrsta sinn úr AAA í AA+.

Efnahagsbati í Bandaríkjunum hefur látið á sér standa, þótt fjögur ár séu liðin frá upphafi lánsfjárkreppunnar miklu. Hagvöxtur á fyrri helmingi ársins nam aðeins 0,9 prósentum, reiknaður á ársgrundvelli, en hefur samt heldur tekið við sér og komst upp í tvö prósent á þriðja ársfjórðungi og stefnir í þrjú prósent á þeim síðasta. 25 milljónir manna eru atvinnulausar.

Hertökum Wall Street

Mikil ólga hefur verið víða um heim út af þessu umróti öllu, með fjölmennum mótmælasamkomum, verkföllum og óeirðum, ekki síst í Grikklandi og fleiri bágstöddum ríkjum evrusvæðisins. Hinn 17. september komu mótmælendur fyrst saman skammt frá kauphöllinni í New York undir merkjum hreyfingarinnar Hertökum Wall Street, sem beinir spjótum sínum að stóru fjármálafyrirtækjunum. Hreyfingin óx hratt næstu vikurnar og breiddist út til margra helstu borga Bandaríkjanna og Evrópu. Mótmælendur berjast gegn græðgi, spillingu og óhófi og krefjast meiri jöfnuðar í samfélagi þar sem eitt prósent þjóðarinnar þénar meira en fimmtung allra tekna.

Steve Jobs

Hinn 5. október, mitt í öllu þessu umróti í efnahagslífi heimsins, lést síðan Steve Jobs, stofnandi tölvufyrirtækisins Apple. Það var krabbamein í brisi sem dró hann til dauða aðeins 56 ára gamlan. Daginn áður en hann lést var kynnt til sögunnar nýjasta afurð fyrirtækisins, iPhone 4S, í staðinn fyrir hinn byltingarkennda iPhone 5 sem Jobs er sagður hafa unnið að alveg þangað til heilsan brást honum.

Símhleranir Murdoch-blaðanna

Af öðrum fréttum sem tengjast fjármálaheiminum má loks nefna að í Bretlandi beindust sjónir manna mjög að æsifréttablöðum Murdoch-samsteypunnar, sem urðu enn á ný uppvís að því að stunda símhleranir í nokkuð stórum stíl. Murdoch-feðgarnir voru dregnir fyrir rannsóknarnefnd, útgáfu eins helstu blaðanna var hætt og framkvæmdastjórar, blaðamenn og einkaspæjarar þeirra hafa verið handteknir.



Billund

á lægsta verðinu árið 2012!

flug frá 13.900 kr.*

Heimsferðir bjóða þér beint flug til Billund á næsta ári. Flogið verður alla mánudaga frá 21. maí til 10. september frá Billund til Keflavíkur. Flug frá Keflavík til Billund verður alla miðvikudaga frá 23. maí til 12. september.

Nú er tækifæri til að bregðast skjótt við og næla sér í fyrstu sætin á lægsta verðinu á **www.heimsferdir.is**

Skráðu þig í netklúbb Heimsferða og fáðu send öll tilboð.

Forsala

Fyrstu 400 sætin á þessu frábæra verði

bókaðu strax á www.heimsferdir.is

Flug með Primera Air

Primera Air annast þessi leiguflug fyrir Heimsferðir á Íslandi eins og fyrir önnur dótturfyrirtæki Primera Travel Group í Skandinavíu. Þjónusta um borð er fyrsta flokks og að sjálfsögðu á íslensku.

* Flugsæti aðra leið með sköttum.

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is

Heimsferðir

ENNEMM / SÍA • NM47751 Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

MARKAÐURINN

Netfang
ritstjorn@markadurinn.is
Sími **512 5000** Fax 512 5301

Netfang auglýsingadeildar
auglysingar@markadurinn.is
Veffang **visir.is**

klinkið
Viðtal við Steinþór Pálsson – visir

ERLENT MYNDBAND
Efnahagur Argentínu féll með látum árið 2001 – visir

BANKAHÓLFIÐ

Þórður Snær Júlíusson

Velkomin í bóluna á árinu 2012

Í byrjun þess árs sem nú er að líða voru margir á því að nú myndi allt gerast. Búið væri að eyða rúmum tveimur árum í tiltekt, jafnvægismyndun í ríkisfjármálum, almenna vænisýki og Icesave. Á árinu 2011 myndi erlend fjárfesting streyma inn í landið, hlutabréfamarkaðurinn fara á fullt aftur og fjárfestingarbankastarfsemi fjármálastofnana komast í gang. Þeir allra hörðustu vonuðust meira að segja eftir því að gjaldeyrishöftin yrðu óvænt afnumin. Síðan gerðist mest lítið.

Sami kór fullyrðir nú í einkasamtölum að árið 2012 verði árið þegar góðærið hefji endurkomu sína. Í desember fór enda hlutabréfamarkaðurinn loks aftur af stað og virði fyrsta félagsins sem skráð var á hann rauk samstundis upp. Fólk er farið að taka bílalán aftur, allt bendir til þess að hundruð íbúða verði byggð á næsta ári og gerðardómar eru farnir að knýja orkufyrirtæki til að eiga óarðbær viðskipti. Við slíkar aðstæður hljóti fjárfestingartækifærum að fjölga til muna.

Það er enda til nóg af peningum í landinu. Lífeyrissjóðirnir eiga 160 milljarða í sjóðum og bankainnstæðum, eigið fé stóru viðskiptabankanna þriggja er samanlagt yfir 460 milljarðar króna, rúmlega 400 milljarðar króna af aflandskrónum bíða eftir að geta farið að vinna fyrir eigendur sína og heimilin í landinu eiga vel á sjötta hundrað milljarða króna sem eru að tapa verðgildi sínu á innstæðureikningum. Þá eru ótaldir allir þeir fjölmörgu sjálfskipuðu viðskiptasnillingar sem fóru mikinn fyrir bankahrun og komust út úr fjárhagslegum endurskipulagningum sínum með gommu af eignum og vörubílahlöss af reiðufé.

Í þessu liggur ójafnvægi íslensks samfélags. Vegna þess að það er til nóg af peningum, læstum inni í gjaldeyrishöftum, sem þrá að leita í betri ávöxtun verður eftirspurn eftir fjárfestingum mun meiri en framboðið. Afleiðingin er sú að þrýstingurinn sem skapast vegna skorts á fjárfestingartækifærum hækkar einn og sér virði eignanna. Undirliggjandi verðmæti þeirra hættir að skipta máli. Bólur blásast mjög hratt upp við slíkar aðstæður.

Bólur eru sérstaklega hættulegar í samfélögum eins og því íslenska þar sem þú annað hvort þekkir einhvern eða þekkir einhvern sem þekkir hann. Nálægðin gerir það að verkum að okkar litla land er gróðrarstía fyrir spillingu þegar möguleikum til að græða mikla peninga á mjög skömmum tíma er stráð í jarðveginn.

Svo góðir landsmenn, haldið ykkur fast. Rússíbaninn er að fara aftur af stað. Nú er bara spurning hvort raunveruleikatenging þjóðarinnar hafi aukist við atburði síðustu ára eða hvort við munum bara fljóta með eins og síðast. Árið 2012 ætti að leiða það í ljós.

BYLGJAN 25 ÁRA 989

Heimir & Kolla
vakna með þér í bítið

Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00

Þráinn á tökkunum og Gissur með fréttirnar

Eru ráðamenn þjóðarinnar veruleikafirrtir ?

Fjármál

Vilhelm Jónsson
fjárfestir og fv. atvinnurekandi

Það er uppgangur í útflutningsgreinum okkar svo sem álútflutningi sem hefur aldrei verið meiri, ásamt hagstæðu verði, einnig í sjávarútveginum sem er ranglega skipt. Atvinnustiginu hefur verið haldið uppi með lántökum síðustu 20 ár ef ekki lengur, svo sem hjá sveitarfélögum, fyrirtækjum og heimilum sem eru skuldsett upp í rjáfur. Okkur stendur ekki lengur til boða að halda byggingariðnaðinum í gangi með skuldasöfnun, sem er búin að vera mikið lengur en 2007 bólan og við getum síðan ekki borgað.

Því miður er allt sem bendir til að fyrirhyggjuleysið viðgangist áfram, með tilheyrandi eyðslu og sinnuleysi, sem er einungis til þess fallið að auka til muna á erfiðleika almennings og heimila. Ef fram fer sem horfir munu þúsundir heimila flosna upp á næstu árum vegna fjárhagserfiðleika með tilheyrandi erfiðleikum fyrir þjóðina.

Verðtrygging var tekin upp 1979, fljótlega eftir það fór allt á hvolf með kollsteypu og verðbólgu upp á tugi prósenta allan níunda áratuginn. Ef við berum ekki gæfu til að koma verðtryggingunni í betra horf eigum við ekki möguleika á að koma hagkerfinu í lag, ekki væri óeðlilegt að bæði skuldari og lánveitandi bæru 50% áhættu af verðtryggingu, sem myndi stuðla að því að hafa hemil á verðbólgunni.

Það er kominn tími til að þjóðin axli ábyrgð og átti sig á að ráðamenn virðast vera takmarkaðir ef ekki siðblindir, sem hefur sýnt sig í gegnum árin með byggingum og mannvirkjum sem við höfðum aldrei efni á. Svo sem hringleikahúsið í Öskjuhlíðinni, Héðinsfjarðargöng, Landeyjahöfn, Tónlistarhúsið Hörpu, Orkuveituhúsið og varðskipið Þór sem við getum ekki einu sinni rekið. Nýtt Háskólasjúkrahús er á döfinni með sína traustu kostnaðaráætlun að ógleymdum Vaðlaheiðargöngum í sárabætur fyrir álver á Bakka.

Það stendur til að byrja að byggja nýtt fangelsi á Hólmsheiði, þó að búið sé að benda ráðamönnum á mun ódýrari leið, eins og að flytja nýlegar gámabúðir frá Reyðarfirði sem Alcoa á, að Litla-Hrauni. En þessar vinnubúðir eru víst ekki nógu fínar eða boðlegar föngum þar sem flottræfilsháttur inn er alger. Að minnsta kosti sækjast háttvirtur fangelsisstjóri og aðrir ráðamenn eftir því að stórt og flott fangelsi verði byggt, með stórum turni og fangelsisgarði í anda Ameríku með tilheyrandi lúðraþyt ef einhver fangi skyldi verða leiður og vilja útskrifa sig sjálfur. Með auknu fangelsisplássi væri hægt að kalla inn nýja sakamenn til refsingar sem myndi gera kleift að ná sektargreiðslum í ríkiskassann upp á fleiri hundruð milljónir ef ekki milljarða, þar sem sektirnar yrðu greiddar til að sleppa við afplánun.

Það er með ólíkindum að Landsvirkjun skuli þurfa 11% arðsemi þegar arðsemi hefur aðeins verið 2% og lífeyrissjóðir hafa viljað 3,5% og hefur þótt mikið. Þessi arðsemiskrafa virkar helst sem lélegur pólitískur kattarþvottur til að verja að ekki náðist samkomulag um raforkuverð fyrir álverið að Bakka við Húsavík, að minnsta kosti væri ekki óeðlilegt að þessi 11% arðsemiskrafa yrði líka leiðandi fyrir raforkusölu til Norðuráls í Helguvík og aðra stóriðjukaupendur.

Reyndar er ekki ósennilegt að raforkuverðið sé of lágt til álbræðslu Alcoa á Reyðarfirði miðað við afkomu Kárahnjúkavirkjunar, þar sem raforkuverð er tengt álverði sem hefur verið mjög hátt síðustu ár. Gefur það til kynna vafasamt orkuverð þó forstjóri Landsvirkjunar telji ekkert athugavert við fyrri raforkusamning!

Þjóðartekjur koma aldrei til með að standa undir þessari óráðsíu sem virðist viðgangast hvert sem litið er, t.d. með því að vitna í Ríkisendurskoðun sem gerir alvarlega athugasemd við innkaup Ríkislögreglustjóra vegna löggæslustofnana og Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra segir í versta falli óheppilega hafa verið staðið að!

Eðlilegast væri að núverandi flokksforingjar færu frá eins og Ingibjörg Sólrún og Geir Haarde gerðu eftir að þau voru búin að ferðast um allan heim að reyna að fullvissa umheiminn um að allt væri í himnalagi á Íslandi í aðdraganda á hruninu, við ættum nóg af peningum og þetta væri bara allt einn misskilningur.

> Því miður virðist allt hagkerfið í landinu vera gegnumsýkt og einkennast af spillingu og óráðsíu hvert sem litið er...

Það er búið að viðgangast hér í áraraðir óábyrg og galin fjármálastjórnun, sem Sjálfstæðisflokkurinn ber höfuðábyrgð á, til dæmis með afskriftum, kúlulánum, kvótabraski, kennitöluflakki og hruni fjármálakerfisins. Flokkurinn er gjörsamlega í afneitun með að bera ábyrgð þó þjóðin sé nánast komin að fótum fram. Því miður virðist allt hagkerfið í landinu vera gegnumsýkt og einkennast af spillingu og óráðsíu hvert sem litið er þannig að manni dettur helst til hugar að líkja því við Simbabve.

Er hægt að koma í veg fyrir alvarleg vinnuslys?

Öryggismál

Kristján Kristinsson
öryggisstjóri nýframkvæmda hjá Landsvirkjun

Það er því miður fátt um stór-framkvæmdir hér á landi um þessar mundir. Þó eru nokkrar í gangi og ein þeirra er bygging Búðarhálsvirkjunar. Tæplega 300 manns hafa á haustmánuðum unnið að þessu verkefni. Bygging virkjunar er flókið og hættulegt verk burtséð frá því að unnið er allt árið um kring og nánast í öllum veðrum. Áhættuþættir eru margir, s.s. langir vinnudagar, löng úthöld og síbreytilegar aðstæður.

Eðlileg spurning er hvort hægt sé að koma í veg fyrir alvarleg vinnuslys við framkvæmdir sem þessar. Hafa ber í huga að aðstæður við byggingu virkjana á hálendinu eru á margan hátt ósambærilegar við störf í byggð eða þar sem framkvæmdir eru meira og minna staðlaðar.

Þegar Landsvirkjun hóf undirbúning Búðarhálsvirkjunar var litið til reynslunnar frá Kárahnjúkavirkjun. Sú framkvæmd var risaframkvæmd á íslenskan mælikvarða en þar urðu því miður allt of mörg slys á framkvæmdatímanum. Í framkvæmdinni sjálfri og tengdum verkefnum urðu samtals 5 banaslys og nokkur mjög alvarleg slys, auk fjölda smærri óhappa og slysa. Þótt Kárahnjúkavirkjun sé margfalt stærri framkvæmd en Búðarhálsvirkjun er í grunninn um sömu verkþætti að ræða, þ.e. stöðvarhús, jarðgöng og stíflur.

Í ljósi reynslunnar frá Kárahnjúkum var því ákveðið að setja öryggismál í Búðarhálsvirkjun í forgang, allt frá hönnun mannvirkja til framkvæmda á verkstað. Til að tryggja betur framgang öryggisstarfs var ákveðið að gera öryggismál að sérstökum greiðslulið í samningum við verktaka, en slíkt er nýjung í verkum Landsvirkjunar. Landsvirkjun greiðir þar með fyrir vinnu ákveðinna starfsmanna verktakans sem sinna eingöngu öryggismálum, bæði fræðslu og eftirliti. Að auki fylgjast allir eftirlitsmenn Landsvirkjunar með því að öryggismálum sé sinnt í hverjum verkþætti. Hver vinnudagur hjá verktökum hefst með umræðum um verkefni dagsins með sérstakri áherslu á öryggismál. Í Búðarhálsvirkjun er unnið eftir hugmyndafræði s.k. núll-slysastefnu. Hún gengur út á eftirfarandi atriði:

- Núll-slysastefna snýst um umhyggju fyrir starfsmönnum.
- Við stefnum að vinnustað án slysa með sérstakri áherslu á að koma í veg fyrir alvarleg slys.
- Við teljum að flest vinnuslys séu fyrirsjáanleg og ef eitthvað er fyrirsjáanlegt er líklegt að hægt sé að koma í veg fyrir það með markvissum aðgerðum.
- Óhöpp eru sjaldnast slys sem gerast bara eða verða skýrð með óheppni. Flest alvarleg slys eiga sér orsakir sem annað hvort eru vegna hættulegra aðstæðna á vinnustað eða meðvitaðrar áhættuhegðunar sem felst í broti á öryggisreglum vinnustaðarins.
- Með því að útiloka hættulegar aðstæður í vinnuumhverfinu og meðvitaða áhættuhegðun starfsmanna getum við komið í veg fyrir alvarleg slys.

> Að auki fylgjast allir eftirlitsmenn Landsvirkjunar með því að öryggismálum sé sinnt í hverjum verkþætti. Hver vinnudagur hjá verktökum hefst með umræðum um verkefni dagsins með sérstakri áherslu á öryggismál.

- Öryggismenning er til staðar þegar búið er að útrýma meðvitaðri áhættuhegðun starfsmanna. Mjög erfitt er hins vegar við þær erfiðu aðstæður sem eru á virkjunarstað að koma í veg fyrir ýmis óhöpp sem stafa af ómeðvitaðri hegðun starfsmanna sem ekki er brot á öryggisreglum vinnustaðarins. Dæmi um slíkt er fall á jafnsléttu og ýmis handa- og fingraslys.

Núll-slysastefna í verki er:

- Að sýna umhyggju og virðingu gagnvart samstarfsfélögum, sem sýnd er í verki á hverjum degi.
- Að starfsmenn komi heilir á húfi og án áverka frá vinnu.
- Að samþykkja ekki að slys séu eðlilegur atburður í vinnunni, jafnvel þótt þau séu smá.
- Að öll slys og óhöpp séu skráð og krufin til mergjar og viðeigandi úrbætur settar í gang.
- Að bera ábyrgð á eigin öryggi og þeirra sem vinna með þér.
- Að spyrja sjálfan sig spurninga eins og hvað er það hættulegasta sem ég er að fara að fást við í dag og hvernig get ég dregið úr áhættunni?
- Að ákveða að fara að reglum um öryggismál sjálfs sín vegna, en ekki bara af því að það er skylda.
- Að láta vita ef maður verður vitni að hættulegu vinnulagi eða hættulegum aðstæðum.

Vel hefur gengið að fá starfsmenn til að vinna eftir þessari hugmyndafræði, en þungamiðjan í henni er velferð starfsmanna. Nú eru liðnir 14 mánuðir af framkvæmdatímanum, sem alls er áætlaður 38 mánuðir, og unnar hafa verið um 400 þúsund vinnustundir í verkinu. Á þeim tíma hefur ekkert alvarlegt vinnuslys orðið á vinnusvæðinu. Aðeins hefur orðið eitt slys sem leiddi til fjarvista frá vinnu, auk nokkurra óhappa sem ekki leiddu til fjarvista.

Þetta er mjög viðunandi árangur við erfiðar aðstæður en hafa ber í huga að enn er langur framkvæmdatími eftir og ekki má slaka á kröfunum. Árangurinn hingað til má að stórum hluta rekja til þess að verktakar hafa verið mjög áhugasamir um að setja þennan málaflokk í forgang. Þetta er mikið hagsmunamál fyrir þá þar sem erlendir verkkaupar horfa í auknum mæli til árangurs þeirra í öryggismálum. Það er því eftir miklu að slægjast að hafa góðan skráðan feril í öryggismálum. Sem svar við spurningunni í fyrirsögn greinarinnar þá teljum við að með markvissum forvarnaraðgerðum, þjálfun og samvinnu verkkaupa og verktaka sé hægt að koma í veg fyrir alvarleg slys í stórframkvæmdum. Þegar verkefninu lýkur kemur í ljós hvort þetta var raunhæft mat. Núll-slysastefnan leiðir jafnframt til meiri gæða framkvæmdarinnar í ljósi færri slysa og óhappa, meiri framleiðni, minni kostnaðar, betri samskipta og ánægðari starfsmanna. Allir græða á slysalausum vinnustað.

LISTVINAFÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU - 30. STARFSÁR

JÓLATÓNLISTARHÁTÍÐ
Í HALLGRÍMSKIRKJU 2011

FIMMTUDAGUR 29. DESEMBER KL. 20

JÓL MEÐ MÓTETTUKÓR HALLGRÍMSKIRKJU
OG ÞÓRU EINARSDÓTTUR SÓPRAN

Á sínum eftirsóttu jólatónleikum, sem nú eru haldnir í 30. sinn, býður Mótettukórinn áheyrendum sínum upp á hugljúfa tónlist frá ýmsum löndum. Erlendir kórfélagar leggja til jólalög frá sínum heimalöndum, Póllandi, Tékklandi, Hollandi og Þýskalandi og er sungið á móðurmáli þeirra.

Einnig er flutt ný jólatónlist eftir Hreiðar Inga Þorsteinsson, Halldór Hauksson og Martin J. Cieslinski og jólalög eftir Áskel Jónsson, Sigvalda Kaldalóns, Hörð Áskelsson, aría úr Jólaóratóríunni eftir J.S. Bach o.fl.

Björn Steinar Sólbergsson leikur á Klaisorgelið. Daði Kolbeinsson óbó, Áshildur Haraldsdóttir flauta. Stjórnandi er Hörður Áskelsson.

Aðgangseyrir: 3.900 kr. / 3.000 kr.

GAMLÁRSDAGUR 31. DESEMBER KL. 17

HÁTÍÐAHLJÓMAR VIÐ ÁRAMÓT
ÞRÍR TROMPETAR, ORGEL OG PÁKUR!

Ásgeir H. Steingrímsson, Eiríkur Örn Pálsson og Einar St. Jónsson trompet,
Eggert Pálsson pákur og Hörður Áskelsson orgel
Flutt verður hátíðatónlist eftir Vivaldi, Pezel, J.S. Bach, Albinoni og Charpentier.

Aðgangseyrir: 2.900 kr. / 2.500 kr.

Miðasala og nánari upplýsingar í Hallgrímskirkju: sími 510 1000 • www.listvinafelag.is

Að synda í skítköldum sjó

Íþróttir

Sigrún Þ. Geirsdóttir
þroskaþjálfi

Fyrir rúmum þrem árum hringdi systir mín í mig og sagði mér að hún hefði skellt sér í sjósund. Mér fannst það frekar kjánalegt en var svo sem ekkert að láta hana heyra það. Gretti mig pínulítið hinum megin á símalínunni og sagði „ó, en frábært“ án þess að meina það alveg frá hjartanu. En systir mín fór aftur og aftur í sjósund og dásamaði þetta alltaf meir og meir í hvert skipti. Heima sat ég hálf partinn undrandi á henni en samt hreykin af dugnaði hennar og ákvað síðan að skella mér með, prófa bara einu sinni.

Mitt fyrsta sjósund var 5. nóvember 2008 og mikið skelfilega var þetta kalt. Það var samt eitthvað við sjósundið, það má segja að það hafi verið svona gottvont! Ég hef satt best að segja ekki stoppað að synda síðan. Ég hef synt hin ýmsu sjósund en það sem stendur upp úr er formlegt Viðeyjarsund sem ég þreytti nú síðasta sumar, ásamt tengdadóttur minni og vinkonu, og var þar með áttunda konan á Íslandi til að synda það sund.

Vissulega hef ég fengið að heyra ýmislegt þegar ég segi við fólk að ég stundi þessa íþrótt. Sumir segja að ég sé skrýtin, bara rugluð. Hef verið spurð hvort ekki sé bara hægt að fylla baðkarið af klökum og liggja þar, og álíka spurningar.

Ástæðan fyrir því að ég skrifa þennan pistil er sú að mig langar að deila með ykkur hvað sjósund hefur gert fyrir mig. Áður en ég byrjaði í sjósundi var ég með mikinn áreynsluastma, hafði exem og nánast ekkert þol. Ég gat ekki labbað upp Esjuna öðruvísi en að stoppa nokkrum sinnum á leiðinni og kasta mæðinni. Ég var endalaust með steraáburð á lofti til að bera á mig og stóð á öndinni ef ég reyndi að hlaupa eitthvað og varð þá í framan á litinn eins og karfi. Núna er þetta allt horfið og þakka ég sjósundinu fyrir það. Ég skokka upp Esjuna án nokkurra astmaeinkenna, fór meira að segja í fyrra upp á hæsta fjall stærsta jökuls Evrópu (Hvannadalshnjúk). Ég hljóp í sumar 10 km í Reykjavíkurmaraþoninu og degi síðar synti ég formlegt Viðeyjarsund (4,3 km). Einnig er exemið nánast alveg horfið. Enginn sem mig þekkir hefði trúað því fyrir nokkrum árum að ég ætti eftir að gera þetta allt saman.

Það sem gerist í líkamanum við það að fara í sjósund er að í kulda dragast æðarnar saman, pumpan fer alveg á fullt og álagið á hjartað eykst. Vissulega hljómar þetta svakalegt en treystið mér, þetta hefur gert kraftaverk fyrir mig, bæði andlega og líkamlega. Mér líður mun betur í dag og hlakka til að mæta í Nauthólsvíkina góðu í hverri viku til að synda með vinum mínum. Ég stunda þetta ekki ein því það er fullt af fólki sem stundar þessa íþrótt og félagsskapurinn er frábær og mjög dýrmætur. Það eru allir glaðir í sjónum og pottinum, allir stoltir af sjálfum sér að taka þeirri áskorun að skella sér í sjóinn í hvaða veðri sem er.

Kæri lesandi, á nýársdag er nýárssundið okkar í Nauthólsvík. Ég hlakka mikið til að byrja árið á því að hitta vini mína og synda með þeim. Ég skora á þig að setja þér markmið um að prófa og koma í Nauthólsvík og synda með okkur kl. 11. Hlakka til að sjá þig :-)

ÚTSALA ÁRSINS

0% VEXTIR • ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í 12 MÁNUÐI

75% AFSLÁTTUR
ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR AF YFIR 1000 TÖLVUVÖRUM

RISA FLUGELDAPAKKI
FYLGIR ÖLLUM ACER OG PACKARD BELL FARTÖLVUM
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

Tilboð gilda dagana 27-31 desember eða meðan birgðir endast • Öll verð eru afsláttarverð birt með fyrirvara um villur

GLÆSILEGUR 4BLS BÆKLINGUR

ÚTSALA ÁRSINS

FIMMTUDAG	10:00 - 19:00
FÖSTUDAG	10:00 - 19:00
GAMLÁRSDAG	9:00 - 12:00

LOKAÐ 1-2 JAN 2012
OPNUM AFTUR 3. JAN KL 10:00

TÖLVUTEK

Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

65 og 60 ára afmæli

Systurnar

Hafdís Olga Emilsdóttir og Brenda Darlene Pretlove

eiga 65 ára og 60 ára afmæli hinn 1. og 15. janúar.

Í tilefni þess verða þær með kaffi á Kleppsvegi 64 (kaffisal hjúkrunarheimilisins Skjóls) milli kl. 16 og 20 sunnudaginn 1. janúar. Verí gaman að sjá sem flesta ví ní og vandamenn.

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Hólmfríður Jónasdóttir

Kambsvegi 16, Reykjavík,

sem andaðist 21. desember á Landspítalanum í Fossvogi, verður jarðsungin frá Áskirkju föstudaginn 30. desember klukkan 11. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar er bent á Barnaspítala Hringsins.

Anna Ingólfsdóttir
Þorbjörg Ingólfsdóttir
Guðbjörg Ingólfsdóttir
Rögnvaldur Ingólfsson
Gísli Jónas Ingólfsson
Jörgen Sigurjónsson
Hilmar Bergsteinsson
Bragi Finnbogason
Lucrecia Dugay Ingólfsson
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Geirlaug Gróa Geirsdóttir (Gógó)

frá Ólafsvík,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði laugardaginn 24. desember. Hún verður jarðsungin frá Áskirkju þriðjudaginn 3. janúar kl. 13.00.

Alda Jóhannesdóttir
Fanney Jóhannesdóttir
Guðrún Jóhannesdóttir
Jóhannes Jóhannesson
Margeir Jóhannesson
Aðalheiður Jóhannesdóttir
Magnús Þórðarson
Vigfús Vigfússon
Björg Guðlaugsdóttir
Gunnþórunn Gunnarsdóttir
Heimir Einarsson
Edda Pálsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Anna Hjartardóttir

lést á taugalækningadeild Landspítalans í Fossvogi 19. desember síðastliðinn.
Útförin fer fram frá Digraneskirkju föstudaginn 30. desember kl. 13.00.

Óskar Jónsson
Hjörtur Aðalsteinsson
Kristján Aðalsteinsson
Ásta Laufey Aðalsteinsdóttir
Auður Jacobsen
Þóra Leósdóttir
Þorsteinn Hallgrímsson
barnabörn og barnabarnabörn

†

Kæru vinir, hjartans þakkir fyrir alla hlýjuna og samhygðina sem okkur var sýnd við andlát

Fjölnis Stefánssonar

tónskálds.

Fjölskyldan sendir ykkur öllum óskir um gleðilegt og gæfuríkt nýtt ár.

Arndís Guðmundsdóttir.

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Anna María Þórhallsdóttir

til heimilis á Hrafnistu í Hafnarfirði, áður til heimilis á Akureyri,

lést á Hrafnistu mánudaginn 26. desember.

Ásta Ottesen
Gunnlaug Ottesen
Þórhallur Ottesen
Kristín Ottesen
Vilhelm Ottesen
Páll H. Jónsson
Friðrik Diego
Elín Margrét Jóhannsdóttir
Sigmundur Ásgeirsson
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Georg Guðlaugsson

Hraunvangi 7, áður Selvogsgötu 22, Hafnarfirði,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði 24. desember. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 30. desember kl. 13.00.

Árni S. Georgsson
Baldur P. Georgsson
Guðlaugur Georgsson
barnabörn og barnabarnabörn
Ásdís Matthíasdóttir
Åse Marit Vesterdal
Lovísa Jóhannsdóttir

†

Elskulegur faðir minn, tengdafaðir og sonur,

Hafsteinn Birgir Sigurðsson

frá Vetleifsholti,

lést á Dvalarheimilinu Lundi mánudaginn 26. desember. Útförin fer fram frá Oddakirkju laugardaginn 7. janúar kl. 13.00. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á minningarsjóð Dvalarheimilisins Lundar.

Erlingur Örn Hafsteinsson
Guðrún Jónsdóttir
og aðrir aðstandendur.
Ingibjörg A. Gestsdóttir

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Jóhann Hauksson

Skarðshlíð 23b, Akureyri,

verður jarðsunginn mánudaginn 2 janúar frá Akureyrarkirkju kl 13.30.

Sigríður Hermanns
Friðrik Jóhannsson
Sólveig Margrét Jóhannsdóttir
Ásta Jóhannsdóttir
Guðrún Birna Jóhannsdóttir
afa og langafabörn
Eygló Björnsdóttir
Sushant Sinha
Guðmundur Örn Njálsson

tímamót

timamot@frettabladid.is

Í GÓÐU STUÐI Sölvi (fyrir miðju) með félögunum í Hljómlistarfélagi Hveragerðis. MYND/SIGURBJÖRN BJARNASON

SÖLVI RAGNARSSON: SEXTUGUR

Tónlistarveisla í Hveragerði

Hið árlega Sölvakvöld fer fram annað kvöld á Hótel Örk í Hveragerði. Sölvi Ragnarsson, sem kvöldið er kennt við, verður sextugur þetta kvöld og ætlar hann ásamt formönnum Hljómlistarfélags Hveragerðis að bjóða til tónlistarveislu. „Það eru líklega ein fimmtán eða sextán ár síðan Sölvakvöldið var haldið í fyrsta sinn," segir Sölvi sem er rafverktaki með óbilandi tónlistaráhuga. „Tónlistin hefur alltaf verið mikil í Hveragerði en eins og vill verða flyst fólk í burtu. Oftar en ekki snýr það þó aftur um jólin og þá datt mér í hug að gaman væri að fá þetta fólk til að hittast," segir Sölvi sem hélt fyrsta Sölvakvöldið í gamla hótelinu í Hveragerði. „Þar komum við saman og skemmtum okkur og allir þeir sem höfðu áhuga máttu koma og spila. Svo vatt þetta smám saman upp á sig, aðstaðan varð of lítil og við færðum okkur yfir á Hótel Örk þar sem við höfum verið árlega í mörg ár."

Sölvakvöldið er að sögn Sölva nokkurs konar árshátíð fyrrverandi og núverandi spilafélaga. 1500 krónur kostar inn en ágóðinn rennur ávallt til einhvers góðs málefnis. „Við höfum haft það fyrir sið á þorranum að veita peningunum aftur út í samfélagið," segir Sölvi sem veit þó ekki enn hvaða góðgerðafélag verður fyrir valinu nú.

Sölvakvöldið er ávallt haldið milli jóla og nýárs og hefur því á stundum lent á afmælisdegi Sölva. Þannig verður Sölvi sextugur á Sölvakvöldinu í ár og því enn meira um dýrðir en venjulega. „Við munum til dæmis fá Magnús Eiríksson til að vera með klukkutímalangan konsert og við munum nokkrir spila undir hjá honum," segir Sölvi en Magnús spilar sínar helstu perlur frá ellefu til miðnættis. Þá hefst dansleikur þar sem listamenn tengdir Hveragerði sjá um stuðið. Fram koma meðal annars Djassband Suðurlands, Siffarnir, Riff ReddHedd, Creedence band Bjössa Rós, HúrríGúrrí, Siggi Dagbjarts og fleiri.

solveig@frettabladid.is

†

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför

Margrétar Lárusdóttur

Skútustöðum.

Fjölskyldan.

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, afi og langafi,

Svavar F. Kjærnested

skrúðgarðyrkjumeistari, Kleppsvegi 134,

andaðist að kvöldi 25. desember.

Fyrir hönd aðstandenda,

Svanlaug Jónsdóttir.

Blå Band súpur og sósur

EKKERT MSG!

Blá Band

BÓNUS

Fæst í verslunum Bónus

krossgáta



LÁRÉTT
2. erindi, **6.** samtök, **8.** merki, **9.** hár, **11.** leita að, **12.** flugfar, **14.** fet, **16.** tveir eins, **17.** gljúfur, **18.** segi upp, **20.** drykkur, **21.** atlaga.

LÓÐRÉTT
1. glufa, **3.** skammstöfun, **4.** gunga, **5.** skjön, **7.** nakinn, **10.** draup, **13.** sarg, **15.** bæli, **16.** augnhár, **19.** bókstafur.

LAUSN

LÁRÉTT: **2.** vers, **6.** aa, **8.** hak, **9.** ull, **11.** gá, **12.** flaug, **14.** skref, **16.** bb, **17.** gil, **18.** rek, **20.** te, **21.** árás.

LÓÐRÉTT: **1.** rauf, **3.** eh, **4.** raggeit, **5.** ská, **7.** allsber, **10.** lak, **13.** urg, **15.** flet, **16.** brá, **19.** ká.

Þetta fer eins og við segjum!

BAKÞANKAR
Sigríðar Víðis Jónsdóttur

Sírenurnar vældu og þykkur reykjarmökkurinn fyllti allt. Ringulreiðin var algjör og einhvers staðar inni í miðju eldhafinu var maðurinn hennar. Örfrétt birtist á mbl.is um kvöldið, „54 féllu í Bagdad." Hún sjálf var orðin að ekkju í Írak, skrýtið hvernig eitt andartak getur öllu breytt.

HINUM megin við ána Tígris hafði maður verið tekinn að heiman þegar þetta var. Tekinn af lífi. Þrjú börn orðið föðurlaus. Önnur börn einnig misst pabba sinn eftir svipað atvik í sama hverfi. Kona virt fyrir sér illa farið lík fjölskylduvinar norðar í borginni. Barn verið pyntað. Faðir verið skotinn. Þá látnu þekkti ég ekki en hinum hef ég kynnst. Sumu verður aldrei hægt að gleyma en vonandi er hægt að læra að lifa með því.

AF HVERJU að rifja upp látið fólk og ljótar minningar á hátíð ljóss og friðar? Af því að Íraksstríðinu er núna formlega „lokið", segja þeir, og þeirra látnu ber að minnast. Fólkið lést auk þess í stríði sem var valkvæmt. Innrásin í Írak var ekki óundirbúið viðbragð við ófyrirsjáanlegum atburðum. Valdamiklir leiðtogar tóku ákvörðun um að inn skyldi farið og inn sendu þeir hermenn. Árásin var val og innrásardagurinn var valinn af árásarríkjunum – hann hefði eins getað verið mánuði síðar, hálfu ári, heilu.

ÞRÁTT fyrir það var ráðist inn án nokkurrar formlegrar áætlunar um hvað taka ætti við eftir Saddam. Gríðarlega umdeild innrás – stórpólitískur og háalvarlegur atburður – reyndist fúsk. Menn skelltu skollaeyrum við varnaðarorðum, köstuðu til höndunum.

ÁTTA árum síðar eru vel yfir hundrað þúsund Írakar látnir, sumir segja margfalt fleiri. 4.486 bandarískir hermenn liggja í valnum. Bandarískir skattborgarar sitja uppi með reikninga sem eru svo háir að þá skilur varla nokkur maður. Fyrrum þjóðaröryggisráðgjafi Bandaríkjanna hefur viðurkennt að „taktísk mistök" hafi verið gerð. Fyrrum ritari Bandaríkjahers hefur fullyrt að í varnarmálaráðuneytinu hafi menn séð fyrir sér að þar sem Írak yrði „frelsisstríð" yrði verkefnið „tiltölulega einfalt og viðráðanlegt". Enn fremur að sjónarhorn ráðamanna hafi verið nánast guðspekilegt: „Að þetta færi eins og þeir segðu að þetta færi."

SORRÝ strákar, það varð ekki að veruleika. Átta árum eftir innrás eru seinustu bandarísku herdeildirnar loks farnar heim en útlitið í Írak er skuggalegt og nákvæmlega engin ástæða til bjartsýni.



Ár hinna glötuðu tækifæra

Brynja Þorgeirsdóttir og Guðmundur Andri Thorsson setjast á áramótarökstóla.

Meðal annars efnis:

Hvað bar hæst?
2011 með augum ljósmyndara Fréttablaðsins.

Gátur og þrautir
Áramótamyndgátan og krossgátan.

Allt sem þú þarft

myndasögur

Pondus — Eftir Frode Øverli

Gelgjan — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið — Eftir Tony Lopes

Barnalán — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

1395 KR. KG

KJARNAFÆÐI

JURTAKRYDDAÐ HEIÐALAMB

229 KR. 165 GR

PRINGLES

SNAKK 165 GR

195 KR. 160 GR

BEIKON - M.SALT/PIPAR - M/PAPRIKU - SÝRÐUR RJÓMI/LAUKUR

BÓNUS SNAKK 160 GR.

195 KR. 160 GR

DORITOS

SNAKK 160 GR

139 KR. 185 GR

BÓNUS 10&18% **SÝRÐUR RJÓMI**

219 KR. 175 GR

VOGA 175 GR. **ÍDÝFUR**

195 KR. 50 GR

GÓU 200 GR

HRAUNBITAR

395 KR. 500 GR

GÓU **SÚKKULAÐI RÚSÍNUR**

195 KR. 2 LTR

195 KR. 2 LTR

2398 KR. KG

NORÐANFISKUR

REYKTUR OG GRAFINN LAX

459 KR. 50 GR

KING´S

FERSK MYNTA 50 GR

95 KR. 500 ML

EUROSHOPPER

ORKUDRYKKUR 500 ML

	5					2		7
7			4	5				
2			3	8			6	
	2	3	6				8	
1								5
	9				5	7	2	
	8			4	6			3
				1	9			2
4		5					9	

Úrlausn á www.bonus.is

BÓNUS SUDUKO NR.16

FRYSTI VARA

1395 KR.KG

ÞÝSKAR **FROSNAR GRÍSALUNDIR**

FRYSTI VARA

3798 KR.KG

ÞÝSKAR **FROSNAR NAUTALUNDIR**

FRYSTI VARA

1998 KR.KG

ÞÝSK **FROSIN KALKÚNABRINGA**

AFGREIÐSLUTÍMI
29.DES FIMMTUD.
11:00-18:30

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

AFGREIÐSLUTÍMI
29.DES FIMMTUD.
11:00-18:30

SÍÐUSTU FORVÖÐ Á KJARVALSSTÖÐUM Sýningu Daða Guðbjörnssonar á Kjarvalsstöðum lýkur á morgun. Að kvöldi sama dags mun Elektra Ensemble vera með tónleika í sýningarsal Daða. Sama dag lýkur sýningunni Kjarval snertir mig í Kjarvalssalnum, en í samantekt Rögnu Sigurðardóttur, gagnrýnanda Fréttablaðsins, um sýningar ársins 2011 er hún meðal þeirra sýninga sem standa upp úr á árinu. Sýningarverkefninu Sérvizka Kjarvals lýkur einnig á föstudaginn. Kjarvalsstaðir eru opnir daglega frá klukkan 10 til 17, en lokað er 31. desember og 1. janúar.

Litrík verk á Hrafnistu

Björg Atla sýnir nítján akrýlmálverk í Menningarsal Hrafnistu í Hafnarfirði. Málverk Bjargar eru í óhlutbundnum expressjónískum stíl, litrík og ljóðræn. Björg, sem útskrifaðist úr málaradeild Myndlista- og handíðaskólans 1982, hefur haldið nokkrar einkasýningar frá 1984, síðast í Hafnarborg 2004 og í Listasal Garðabæjar 2010. Hún hefur einnig tekið þátt í ýmsum samsýningum frá 1983, þar af þremur á árinu með Grósku, félagi áhugafólks um myndlist í Garðabæ og á Álftanesi.

Sýningin stendur til 3. janúar og er öllum opin frá hálfþrjú til sjö daglega.

METSÖLULISTI EYMUNDSSON
MEST SELDU BÆKUR ÁRSINS 2011

1 Gamlinginn sem skreið út... kilja - Jonas Jonasson



2 Einvígið Arnaldur Indriðason

3 Ég man þig - kilja Yrsa Sigurðardóttir

4 Brakið Yrsa Sigurðardóttir

5 Einn dagur David Nicholls

6 Holl ráð Hugos Hugo Þórisson

7 Djöflastjarnan - Kilja Jo Nesbø

8 10 árum yngri á 10 vikum Þorbjörg Hafsteinsdóttir

9 Húshjálpin - kilja Kathryn Stockett

10 Íslenskur fuglavísir Jóhann Óli Hilmarsson

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

Eymundsson
Bóksali frá 1872

Hverjir verða skáld?

Leikhús ★★★

Heimsljós

Þjóðleikhúsið

Höfundur: Halldór Laxness. **Leikgerð og leikstjórn:** Kjartan Ragnarsson. **Leikarar:** Hilmir Snær Guðnason, Björn Thors, Ólafía Hrönn Jónsdóttir, Vigdís Hrefna Pálsdóttir, Þórunn Arna Kristjánsdóttir, Svandís Dóra Einarsdóttir, Guðrún Gísladóttir, Lára Sveinsdóttir, Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir, Ólafur Egill Egilsson, Pálmi Gestsson, Jóhannes Haukur Jóhannesson, Stefán Hallur Stefánsson, Þorsteinn Bachmann, Arnar Jónsson, Ævar Þór Benediktsson, Úlfhildur Ragna Arnardóttir/Nína Ísafold Daðadóttir

ÓLAFUR OG ÓLAFUR Björn Thors og Hilmir Snær Guðnason leika Ólaf ljósvíking á ólíkum æviskeiðum í leikgerð Kjartans Ragnarssonar á Heimsljósi Halldórs Laxness.
FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Heimsljós eftir Halldór Laxness er sagan um Íslendinga eins og þeir margir hverjir vilja sjá sig. Skáldið stendur fyrir utan lífið, horfir á, er ekki með og tekur ekki afstöðu en getur engu að síður heillað kvenfólkið og jafnvel ráðamenn upp úr skónum þó það sé fátækt og umkomulaust í hinum veraldlega heimi.

Frumsýningin í Þjóðleikhúsinu á annan í jólum var leikgerð Kjartans Ragnarssonar á þessu viðamikla skáldverki. Það er þrekvirki að ráðast í leikgerð af þessu tagi. Hverju á að sleppa, hverju á að lyfta fram, hvernig á að mála aftur myndir sem til eru í hugskoti svo margra?

Kjartan velur natúralistískan leik þó svo að nokkuð hafi borið á því að leikstíll persónanna var mjög ólíkur. Hann velur að láta tvo menn fara með hlutverk skáldsins, þá Björn Thors og Hilmi Snæ Guðnason. Björn í hlutverki barnsins og unga mannsins og Hilmir þá er hann varð eldri en saman töluðu þeir og komu þannig hinum frægu hugrenningum skáldsins Ólafs Kárasonar til skila. Þeir voru báðir mjög skýrir í sínum hlutverkum.

Sýningin hófst á viðtali Péturs Péturssonar við Halldór Laxness í Ríkisútvarpinu fyrir margt löngu. Þar syngur Laxness með sínu nefi Maístjörnuna sem hvert mannsbarn í dag kann. Þetta upphafsstef leiddi áhorfendur inn í glaðan heim væntinga um hvað koma skyldi. Þegar tjaldið var frá dregið vorum við stödd á bernskuheimilinu Fæti þar sem Ólafur var niðursetningur og illa með hann farið en þó gaukaði Jana, sem Lára Sveinsdóttir lék, að honum kandís eða brauðmola eftir að Kamarilla (Guðrún S. Gísladóttir) var búin að húðstrýkja hann. Bræðurnir lögðu hann í einelti og börðu þannig að hann varð örkumla upp frá því. En haltur var hann aðeins af og til í gegnum sýninguna.

Stúlkurnar þrjár sem allar elskuðu hann hver á sinn máta voru heldur nútímalegar miðað við aðra í sýningunni í tilsvörum. Þó svo að textinn sé úr verkinu þá er það tónninn sem er afgerandi.

Svandís Dóra Einarsdóttir var sterk í hlutverki Jóu og Þórunn Arna Kristjánsdóttir eins og lítil dekurrófa úr allt öðru leikriti. Vigdís Hrefna Pálsdóttir lék Þórunni í Kömbum, þá er læknaði Ólaf og sýndi hún fantagóðan leik einkum á miðilsfundinum. Pálmi Gestsson fór með hlutverk aðalkapítalistans Péturs þríhross sem níddist á smælingjunum og var hann skemmtilegur en datt svolítið í spaugstofustílinn á köflum. Jóhannes Haukur sem Jens Færeyingur var óborganlegur.

Einstakar senur eru eftirminnilegar, eins og þegar Ólafur kemur á fund prestsins og biður hann um að jarða barnið en presturinn þvaðrar um kostnaðinn við prestsverkin um leið og hann slafrar í sig rjómatertu. Þorsteinn Bachmann náði mjög góðum tökum á þessari ógeðugu persónu einkum þegar hann var drukkinn með Pétri þríhrossi.

Hlutverki hinnar óhamingjusömu Jarþrúðar skilar Ólafía Hrönn Jónsdóttir með prýði. Jarþrúður fórnar sér og öllu til þess að bjarga þessum manni og eignast með honum tvö börn sem bæði deyja frá þeim.

Ævar Þór Benediktsson sem Sigurður Breiðfjörð svífur inn í hvítum jakkafötum, brúnum skóm og bláum sokkum, það atriði í upphafi var svolítið fyndið, en annars var lítið um fyndni. Ólafur Egill Egilsson leikur hinn berklaveika Örn Úlfar og var það helst atriðið þegar hann féll dauður niður sem er eftirminnilegt. Magga litla var á frumsýningunni leikin af Úlfhildi Rögnu Arnardóttur og þó hlutverkið væri lítið var það stórt fyrir svo litla leikkonu. Leikmyndin var sú sama allan tímann, gráir flekar opnanlegir með ryðguðum bárujárnsrennihurðum. Það sást þó móta fyrir salthrauk í fjarska sem jafnframt átti að vera táknið um jökulinn sem fatlaða barnið gat horft á í gegnum spegilbrot.

Þetta er löng og svifasein sýning. Óljóst hvort við getum tengt okkur við hana í dag. Hin pólitísku átök millum sósíalistanna og þjóðernisrembuliðsins verður svolítið eins og hressileg myndskreyting í hinni gráu umgjörð. Uppgjörið þegar Ólafur Kárason rekur Jarþrúði frá sér eftir að þau eru búin að jarða Möggu litlu, verður of kvikindislegt þegar þeir eru líkamlega tveir um að hrinda henni niður hlíðina. Hafi átt að vera samúð með honum þá hverfur hún þar, en eins og menn vita þá fékk hann ekki Jóu í Veghúsum heldur neyddist til að halda sína leið með Jarþrúði sem kom til baka.

Lýsingin var ágæt og sömuleiðis tónlistin þótt hún væri of há í byrjun og kæfði nokkuð fyrstu samtölin.

Elísabet Brekkan

Niðurstaða: Á heildina litið var sýningin allt of löng en engu að síður unun að hlusta á vel með farinn góðan texta.

SÖLUSTAÐIR UM ALLT LAND 2011



FLUGELDAMARKAÐIR BJÖRGUNARSVEITANNA

SÖLUSTAÐIR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Reykjavík - Austurbær
- Hús Flugbjörgunarsveitarinnar, Flugvallaveg
- Við BT í Skeifunni
- Í Holtagörðum
- Við Heklu, Laugavegi
- Skátaheimilið, Sólheimum 21a
- Kringlan (Hús verslunarinnar)

Reykjavík - Breiðholt
- Við verslunina Hólagarði
- Við verslunina Nettó í Mjódd
- ÍR-heimilið, Skógarseli
- Hverfamiðstöðin við Jafnarsel

Seltjarnarnes
- Björgunarstöðin Gaujabúð við Bakkavör

Reykjavík - Árbær/Höfði
- Hjálparsveitarhús HSSR, Malarhöfða 6
- Grjóthálsi 1 (áður B&L húsið)
- Bílabúð Benna, Vagnhöfða 23
- Skátamiðstöðin, Hraunbæ 123

Reykjavík - Vesturbær
- Björgunarstöðin Gróubúð, Grandagarði 1
- Við Sundlaug Vesturbæjar

Reykjavík - Grafarvogur
- Spöngin, verslunarmiðstöð

Reykjavík - Grafarholt
- Vínlandsleið 1

Reykjavík - Norðlingaholt
- Elliðabraut 2

Kópavogur
- Toyotahúsið, Nýbýlavegi 4
- Hjálparsveitarskemma, v/Bryggjuvör
- Kópavogsvelli
- Áhaldahús, Álalind 3
- Við Salalaug, Versali
- Við Lindir
- Planinu við Vallarkór 4

Garðabær
- Jötunheimar við Bæjarbraut

Bessastaðahreppur
- Skátaheimilið v/Breiðumýri

Hafnarfjörður
- Björgunarhúsinu, Flatahrauni 14
- Við smábátahöfnina, Fornubúðum 8
- Tjarnavellir
- Fjörður við Fjarðargötu

Mosfellsbær
- Björgunarsveitarhúsið, Völuteigi 24
- Við Krónuna

Kjalarnes
- Við áhaldahús (Þórnýjarbúð)

SÖLUSTAÐIR UM ALLT LAND

Akranes
Björgunarmiðstöðin, Kalmansvöllum 2

Borgarnes og Borgarfjörður
Björgunarsveitarhúsið í Brákarey
Björgunarsveitarhúsið Reykholti
Bútæknihúsð á Hvanneyri

Snæfellsnes sunnanvert
Björgunarsveitarhúsið, Laugagerði

Stykkishólmur
Björgunarsveitarhús, Nesvegi 1a

Grundarfjörður
Björgunarhúsið, Sólvöllum 17a

Rif
Nýja björgunarstöðin á Rifi, Hafnargötu 1

Búðardalur
Vesturbraut 12

Reykhólar
Björgunarsveitarhúsið, Suðurbraut 5

Patreksfjörður
Sigurðarbúð v. Oddagötu

Bíldudalur
Hafnarbraut 12

Barðaströnd
Brjánslækur

Tálknafjörður
Björgunarsveitarhúsið v/Strandgötu 42b

Súðavík
Björgunarsveitarhúsið Ákabúð

Ísafjörður
Félagsheimilið Hnífsdal

Bolungarvík
Björgunarsveitarhús, Hafnargötu 60

Flateyri
Björgunarsveitarhúsið Guðnabúð

Suðureyri
Björgunarsveitarhús, Skólagötu 3

Þingeyri
Stefánsbúð

Drangsnes
Björgunarsveitarhúsið, Grundargötu 21

Hólmavík
Rósubúð, Höfðagötu 9

Blönduós
Björgunarfélagshúsið, Efstubraut 3

Skagaströnd
Hús Listamiðstöðvarinnar, Fjörubraut 8

Hvammstangi
Húnabúð, Höfðabraut 30

Hofsós
Björgunarsveitarhúsið við Skólagötu

Varmahlíð
Björgunarstöðin við Sauðárkróksbraut

Sauðárkrókur
Björgunarsveitarhúsið, Borgarröst 1

Siglufjörður
Þormóðsbúð, Tjarnargötu 18

Eyjafjarðarsveit
Hrafnagilsskóli

Ólafsfjörður
Tindasel, Aðalgötu 4

Akureyri
Húsnæði Súlna-björgunarsveitar Hjalteyrargötu 12

Grenivík
Ægisbúð

Dalvík
Gunnarsbraut 4

Hrísey
Hús björgunarsveitarinnar, Ægisgötu 13

Grímsey
Slysavarnagámur

Svalbarðseyri
Valsárskóli

Aðaldalur
Hjálparsveitarhúsið, Iðjugerði 1

Kópasker
Björgunarsveitarhúsið, Bakkagötu 6

Þingeyjarsveit
Hús sveitarinnar að Stóru-Tjörnum

Raufarhöfn
Stjörnubúð

Mývatnssveit
Björgunarsveitarhúsið, Múlavegi 2

Vopnafjörður
Björgunarsveitarhúsið

Egilsstaðir
Björgunarsveitarhúsið, Miðási 1-5

Seyðisfjörður
Björgunarsveitarhúsið, Hafnargötu 15

Eskifjörður
Slysavarnahúsið, Strandgötu 11

Þorshöfn
Hafliðabúð, Fjarðarvegi 6

Reyðarfjörður
Þórðarbúð

Borgarfjörður eystri
Björgunarsveitarhúsið Heiði

Djúpivogur
Slysavarnahúsið, Mörk 12

Neskaupstaður
Hempa, Strandgötu 44

Breiðdalsvík
Selnesi 8

Fáskrúðsfjörður
Slysavarnahúsið, Grímseyri 9

Hornafjörður
Hús Björgunarfélagsins, Álaugarvegi 9

Kirkjubæjarklaustur
Björgunarstöðin á Iðjuvöllum

Skaftártunga
Björgunarsveitin Stjarnan

Álftaver
Björgunarsveitin

Vík
Björgunarsveitarhúsinu, Smiðjuvegi 15

Vestur - Eyjafjöll Heimaland
Björgunarsveitarhúsið, Bræðrabúð

Hvolsvöllur
Björgunarsveitarhúsið, Dufþaksbraut 10

Landeyjar
Björgunarsveitarhúsið Sléttuból

Hella
Flugbjörgunarsveitarhúsið, Dynskálum 34

Vestmannaeyjar
Björgunarsveitarhúsið

Flúðir
Björgunarsveitarhúsið, Smiðjustíg 8

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Brautarholt
Árnesi

Biskupstungur
Bjarkarbraut 2, Reykholti

Selfoss
Björgunarmiðstöð Árborgar, Árvegi 1
Austurvegi 23

Stokkseyri
Söluskúr

Eyrarbakki
Björgunarsveitarhúsið

Þorlákshöfn
Óseyrarbraut 10
Kiwanishúsið

Laugarvatn
Björgunarsveitarhúsið

Hveragerði
Hjálparsveitarhúsinu, Austurmörk 9

Reykjanesbær
Björgunarsveitarhúsið, Holtsgötu 51
Söluskúr við Reykjaneshöll

Sandgerði
Björgunarsveitarhúsið, Austurgarði 4-6 (við höfnina)

Vogar
Björgunarskýlið, Iðndal 5

Grindavík
Björgunarsveitarhúsið, Seljabót 10

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

Viðtækt starf Slysavarnafélagsins Landsbjargar miðar að því að bjarga mannslífum, verðmætum og koma í veg fyrir slys. Um eitt hundrað sveitir sjálfboðaliða eru til taks allan sólarhringinn, alla daga ársins.

Flugeldasalan er helsta tekjulind björgunarsveitanna og getur skipt sköpum ef á reynir. Tryggðu eigið öryggi og keyptu flugeldana af okkur.

CHARLOTTE GAINSBOURG

THE WEEKND

> Í SPILARANUM

The Weeknd - Echoes of Silence
Gang Related - Stunts & Rituals
Guided by Voices - Let's Go Eat the Factory
Low Roar - Low Roar
Charlotte Gainsbourg - Stage Whisper

tónlist

tonlist@frettabladid.is

Nýtt efni frá The xx

The xx hefur sent frá sér prufuupptöku af laginu Open Eyes sem aðdáendur þessarar ensku sveitar geta nálgast á bloggsíðu hennar. Lagið verður á annarri plötu The xx sem er væntanleg á næsta ári. „Við erum byrjuð að taka upp næstu plötu. Við erum líka byrjuð með þetta blogg þar sem við munum segja frá því sem veitir okkur innblástur, sýna ykkur ljósmyndir og spila uppáhaldslögin okkar," sögðu þau á dögunum.

Hljómsveitin átti eina af plötum ársins í fyrra. Hún varð ofarlega á mörgum árslistum og fékk hin virtu Mercury-verðlaun í Bretlandi. Fyrr á árinu gaf einn meðlimur The xx, Jamie Smith, út sína sólóplötu. Um var að ræða hans útgáfu af plötu hins sáluga Gil Scott-Heron, I´m New Here, og kallaði hann útgáfuna We´re New Here.

NÝTT LAG The xx hefur sent frá sér prufuupptöku af laginu Open Eyes.

> PLATA VIKUNNAR

Ben Frost og Daníel Bjarnason - Solaris
★★★★
„Ben Frost og Daníel Bjarnason rugla saman reytum í áhrifaríku verki." - tj

TÓNNINN GEFINN

Trausti Júlíusson

Einsleitir árslistar?

Við poppnördarnir höfum gaman af því að skoða árslista tónlistarmiðlanna. Fyrir daga netsins beið maður spenntur eftir tvöföldu jólaútgáfunni af NME sem birti lista yfir 50 bestu plöturnar og 50 bestu smáskífulögin. Það var hátíðleg stund að grandskoða þessa lista, bæði til að sjá hvort maður væri sammála þeim og til þess að komast að því hvort maður hefði misst af einhverju merkilegu. Í dag eru birtir fjölmargir svona listar og það má nálgast þá flesta á netinu. Það var mikill munur á þessum listum eftir löndum hér á árum áður, en hann hefur minnkað, sem er eðlilegt þar sem allur heimurinn hefur nú aðgang að sömu tónlistinni í gegnum netið.

GÆÐI Platan Kaputt með Destroyer skoraði hátt hjá Pitchfork.

Fyrstu árslistarnir birtast snemma í nóvember og það er nánast eins og línan sé lögð strax þá. Bresku blöðin Mojo og Uncut völdu til dæmis bæði plötuna Let England Shake með PJ Harvey sem plötu ársins og síðan hefur hún verið að toppa fjölmarga lista, til dæmis listann sem birtist rétt fyrir jól hér í Fréttablaðinu.

Þegar betur er að gáð er samt, sem betur fer, ennþá mikill munur á þessum listum. Það má alveg gleyma sér yfir þeim og uppgötva nýja hluti. Rolling Stone í Bandaríkjunum valdi til að mynda plötu Adele, 21, í fyrsta sætið, Watch the Throne með Kanye West og Jay-Z númer tvö og So Beautiful or So What með Paul Simon í þriðja sætið. Franska blaðið Les Inrockuptibles setti El Camino með The Black Keys númer eitt, The English Riviera með Metronomy númer tvö og Go Tell Fire to the Mountain með Manchester-bandinu WU LYF númer þrjú og hjá Pitchfork var Bon Iver í fyrsta, Kaputt með kanadísku sveitinni Destroyer í öðru og Hurry Up, We're Dreaming með M83 í því þriðja. Þegar neðar er komið á listana fjölgar svo plötunum sem maður hefur ekki heyrt.

En hver er svo versta platan? Vefsíðan Popmatters valdi 20 verstu plötur ársins. Lulu er þar á toppnum (nema hvað), en á listanum eru líka plötur Chris Brown, Lady Gaga, Red Hot Chili Peppers og Limp Bizkit …

AFSLAPPAÐ OG ÁHUGAVERT

Bandarískur tónlistarmaðurinn Kurt Vile hefur vakið mikla athygli fyrir sína fjórðu plötu. Afslöppuð kassagítarstemning svífur þar yfir vötnum.

Á TÓNLEIKUM Hinn hæfileikaríki Kurt Vile á tónleikum að kynna plötuna Smoke Ring for My Halo. NORDICPHOTOS/GETTY

Sárafáir höfðu heyrt minnst á bandaríska tónlistarmanninn Kurt Vile í byrjun ársins en núna er hann á allra vörum. Hans fjórða plata, Smoke Ring for My Halo þykir mikil meistarasmíð og var samkvæmt flestum virtustu tónlistartímaritunum ein sú besta á árinu sem er að líða.

Kurt Vile er 31 árs og kemur frá Fíladelfíu í Bandaríkjunum, einn af tíu systkinum. Pabbi hans var duglegur að spila tónlist á heimilinu og var sérlegur áhugamaður um bluegrass-sveitatónlist. Þegar Vile var fjórtán ára keypti pabbi hans banjó handa honum og spilaði hann á hljóðfærið eins og um venjulegan gítar væri að ræða. Vile fór að semja og taka upp hugguleg kassagítarlög í svefnherberginu sínu og ákvað upp frá því að verða tónlistarmaður þegar hann yxi úr grasi.

Beck og Pavement voru í miklu uppáhaldi hjá honum til að byrja með, auk eldri hljómsveita á borð við Credence Clearwater Revival. Undanfarið hefur honum reyndar verið líkt við hina ýmsa tónlistarmenn, þar á meðal Bruce Springsteen, Tom Petty, Nick Drake, Leonard Cohen, John Fahey, Bob Dylan og Bob Seger.

Eftir að hafa gefið út plöturnar Constant Hitmaker og God Is Saying This to You, samdi Vile við bandaríska útgáfufyrirtækið Matador Records, sem hefur einmitt Pavement á sínum snærum auk Sonic Youth, Yo La Tengo, Interpol og Belle and Sebastian. Fyrsta platan hans á vegum Matador, Childish Prodigy, kom út 2009 og fékk góðar viðtökur víðast hvar. Ekki þó jafngóðar og Smoke Ring For My Halo hefur fengið. Afslöppuð stemningin á plötunni og vandaðar lagasmíðarnar þar sem kassagítarinn fær að njóta sín hafa hitt í mark því tímaritin Q, Mojo, Uncut og Rolling Stone gefa henni öll fjórar stjörnur, NME 8 af 10 í einkunn og Pitchfork 8,4 af 10.

Viðhafnarútgáfa plötunnar kom út í nóvember þar sem EP-platan So Outta Reach fylgir með. Hún hefur einnig fengið fína dóma en hún var tekin upp á svipuðum tíma og Smoke Ring for My Halo.

freyr@frettabladid.is

LAGALISTINN

Vikuna 15. - 21. desember 2011

Sæti		Flytjandi	Lag
▲	1	Gotye / Kimbra	*Somebody I Used to Know*
▼	2	Mugison	*Kletturinn*
▲	3	Dikta	*What Are You Waiting For?*
▼	4	Of Monsters And Men	*King And Lionheart*
▲	5	Amy Winehouse	*Our Day Will Come*
▶	6	Grafík	*Bláir fuglar*
▼	7	Coldplay	*Paradise*
▼	8	Lana Del Ray	*Video Games*
▲	9	Adele	*Rumours Has It*
✱	10	Jason Derulo	*Fight For You*

TÓNLISTINN

Vikuna 15. - 21. desember 2011

Sæti		Flytjandi	Plata
▶	1	Mugison	*Haglél*
▶	2	Páll Óskar & Sinfó	*Páll Óskar & Sinfó*
▲	3	Of Monsters and Men	*My Head Is an Animal*
▲	4	Sigurður Guðm. og Sigríður Thorlacius.	*Ásamt Sinfó*
▶	5	Helgi Björnsson	*Íslenskar dægurperlur í Hörpu*
▼	6	KK & Ellen	*Jólin*
▲	7	Cortes feðgar	*Ísland*
▲	8	Ingimar Eydal	*Allt fyrir alla*
▲	9	Haukur Mortens	*Hátíð í bæ*
▼	10	Stebbi & Eyfi	*Fleiri notalegar ábreiður*

Skýringar:

▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ✱ Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. visir

Þátttakendur í Lagalistanum: Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elkó, tonlist.is

Aumir og stífir vöðvar?

Verkjastillandi og bólgu-eyðandi við verkjum í mjóbaki, öxlum og vöðvum

Nýtt lok!
Auðvelt að opna

Voltaren
NJÓTUM ÞESS AÐ HREYFA OKKUR

Fæst án lyfseðils

Voltaren Gel® (Díklófenaktvíetýlamín 11,6 mg/g) er notað sem staðbundin útvortis meðferð við vöðva- og liðverkjum. Lyfið má ekki bera á skrámur, opin sár eða á exem, varist snertingu við augu og slímhúðir, notist eingöngu útvortis og má aldrei taka inn. Þegar lyfið er notað án ávísunar læknis skal hafa samband við lækni ef einkenni batna ekki eða versna innan viku. Á meðgöngu skal ávalt leita ráða læknis eða lyfjafræðings áður en lyfið er notað, þó skal það ekki notað á síðasta þriðjungi meðgöngu. Voltaren Gel® er ekki ætlað börnum yngri en 12 ára. Lítil hætta er á ofskömmtun vegna útvortis notkunar lyfsins. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.

> HÆTTUR VIÐ

Ewan McGregor er hættur við að leikstýra frumraun sinni um skútukeppni sem fór fram árið 1968. Ástæðan er einföld; einhver annar leikstjóri var þegar byrjaður á sömu hugmynd. McGregor hefur hins vegar ekki útilokað að hann muni setjast í leikstjórastólinn ef eitthvað spennandi bjóðist.

bíó

bio@frettabl

Hraðskreiðir bílar í sjöunda sinn

Hver hefði trúað því, þegar kvikmyndin The Fast and the Furious var frumsýnd fyrir tíu árum, að framhaldsmyndirnar yrðu hugsanlega sjö. En það virðist ætla að verða að veruleika enda sló fimmta myndin algjörlega í gegn, bæði hjá gagnrýnendum og hjá áhorfendum. Vin Diesel hefur staðfest að sagan fyrir sjöttu myndina hafi verið það umfangsmikil að nauðsynlegt var að klippa hana í tvennt og gera úr henni tvær myndir.

Þar með fetar Fast and the Furious-flokkurinn í fótspor bæði Twilight-seríunnar og Harry Potter-myndanna en lokakaflar þeirra beggja voru klipptir í tvennt. Handritið að lokamyndunum tveim er skrifað samtímis en hins vegar liggur ekki yfir hvort myndirnar verða gerðar hlið við hlið. Talið er líklegt að persónum Evu Mendes og Dwayne Johnson muni bregða fyrir í næstu myndum. „Í ljósi þess hversu vel síðasta mynd og mörgum persónum hefur verið bætt við varð okkur ljóst að efnið kæmist ekki fyrir í einni mynd," er haft eftir Vin Diesel sem bætir því við að þeir ætli að víkka út sjóndeildarhringinn.

Paul Walker, annar aðalleikara myndanna, bætir því við að hasarinn sé ekki það eina sem hafi lokkað fólk í kvikmyndahús. „Því myndin fjallar líka um gildi fjölskyldunnar og vináttu." Það er því ljóst að aðdáendur hraðskreiðra bíla hafa nóg að hlakka til. **- fgg**

BENSÍNIÐ Í BOTN Vin Diesel og félagar ætla að stíga bensínið í botn og keyra á bæði sjöttu og sjöundu mynd.

Cruise á toppnum

Eftir fremur magra tíð með kvikmyndum á borð við Lions for Lambs, Knight and Day og Valkyrie er Tom Cruise kominn aftur á toppinn. Fjórða Mission:Impossible-myndin sló í gegn um jólahelgina og rakaði inn rúmlega 29 milljónum dollara. Sherlock Holmes: A Game of Shadows náði ágætis árangri og hafnaði í öðru sæti, með miðasölu upp á 20 milljónir dollara en hins vegar reyndist bandaríska útgáfan af Körlum sem hata konur vonbrigði helgarinnar en myndin náð eingöngu þriðja sætinu og miðasölu upp á rúmar tólf milljónir dollara.

Ævintýri Tinna náði heldur ekki miklu flugi í Bandaríkjunum, komst eingöngu í fimmta sæti listans með 9,7 milljónir í miðasölu en leikstjóri myndarinnar, Steven Spielberg, missir varla svefn yfir þeim árangri. Því Tinna-myndin hefur malað gull utan Ameríku og selt miða fyrir tæpar 240 milljónir dollara. **- fgg**

Í EFSTA SÆTIÐ Tom Cruise er kominn á flug með fjórðu Mission: Impossible-myndinni og var vinsælastur um jólin vestanhafs.

DRIVE STENDUR UPP ÚR

Kvikmyndaspekúlantar eru farnir að gera upp árið 2011 og velja bestu myndir ársins. Drive eftir danska leikstjórann Nicholas Winding Refn virðist vera fremst meðal jafningja.

BEST Drive eftir Nicolas Winding Refn með Ryan Gosling í aðalhlutverki er besta kvikmynd ársins að mati Empire, Total Film og Rolling Stone. F17281211 DRIVE

Kvikmyndarýnar Empire, Total Film og Rolling Stone hafa allir sett hasarmyndina Drive í efsta sætið hjá sér yfir kvikmyndir ársins 2011. Í umsögn Total Film kemur meðal annars fram að „gagnkynhneigðir karlmenn hafi orðið hálf samkynhneigðir yfir Ryan Gosling". Honum hafi tekist að láta satínjakka og tannstöngla líta út fyrir að vera svala fylgihluti.

Drive segir frá hinum nafnlausa ökumanni sem Gosling leikur. Hann sinnir áhættuakstri fyrir Hollywood-kvikmyndir á daginn en ekur flóttabifreiðum fyrir glæpamenn á kvöldin. Hann hefur mjög einfaldar lífsreglur: hann vinnur aldrei fyrir sama aðilann tvisvar og gefur ræningjunum aðeins fimm mínútur til að athafna sig. Hann vingast óvart við nágrannakonu sína og son hennar en þegar eiginmaður hennar losnar úr fangelsi fer af stað óvænt og fremur blóðdrifin atburðarás.

Drive er hugarfóstur framleiðandans Marc Platt sem keypti kvikmyndaréttinn að bók James Sallis, The Driver. Platt sagði að honum fyndist aðalsögupersónan í bókinni minna sig á hetjurnar sínar úr barnæsku, þá Clint Eastwood og Steve McQueen. Platt hafði strax mjög sterka skoðun á því hver ætti að leika aðalhlutverkið, efstur á blaði hjá honum Ryan Gosling. Stjarnan fékk síðan að vera með í ráðum þegar ráðinn var leikstjóri og í huga leikarans kom aðeins einn til greina, hinn danski Nicolas Winding Refn. En kvikmynd hans, Bronson, hafði vakið mikla athygli meðal elítunnar í Hollywood. Refn var mikill aðdáandi sjónvarpsþáttanna Breaking Bad og Bryan Cranston var því einn af fyrstu leikurunum sem hann fékk um borð. Refn lýsir því síðan sem ást við fyrstu sýn þegar hann hitti Carey Mulligan. „Ég vissi strax að ég hefði fundið aðalleikkonuna okkar."

Drive var ódýr í framleiðslu þrátt fyrir að hafa í fyrstu verið hugsuð sem miðasölusprengja, hún kostaði eingöngu þrettán milljónir dollara. Sökum þess hversu lítið fjármagn tökuliðið hafði á milli handanna var ákveðið að taka hana í Los Angeles og Refn valdi tökustaðina á rúntinum með Gosling. Leikstjórinn fór fram á það við aðalleikarana og handritshöfundinn Hossein Amini að þau byggju hjá honum meðan á tökunum stæði til að hægt væri að vinna í handritinu þegar stund gæfist milli stríða. Gosling lék sjálfur í mörgum af helstu ökuatriðum myndarinnar eftir að hafa farið á námskeið hjá áhættuökuþórum og nánast engum tölvutæknibrellum var beitt; Refn vildi lágmarka slíka tækni til að eyðileggja ekki áferðina.

Að endingu varð mönnum ljóst að Drive var alls ekki svokallaður „blockbuster" og var því ákveðið að markaðssetja hana sem „independent". Myndin sló fyrst í gegn á Cannes-kvikmyndahátíðinni þar sem áhorfendur risu úr sætum til að hylla hana og Refn fékk Gullpálmann fyrir bestu leikstjórn. Myndin hefur að endingu orðið að költ-fyrirbæri og gert það að verkum að 2011 er ár Ryan Gosling. **freyrgigja@frettabladid.is**

við prentum
BÆKLINGA

- Bækur
- Tímarit
- Fyrir skrifstofuna
- Bæklingar
- Kynningarefni
- Fjölpóstur
- Dagblöð
- Stafræn prentun
- Allskonar!

ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA

Suðurhraun 1 | Garðabæ | Sími: 59 50 300 | www.isafold.is

Sherlock og barnapían

Tvær nýjar kvikmyndir verða frumsýndar um helgina, annars vegar önnur myndin um Sherlock Holmes með Robert Downey Jr. í hlutverki spæjarans og hins vegar gamanmynd með Jonah Hill í aðalhlutverki.

En fyrst Holmes. Þetta er önnur kvikmyndin sem Guy Ritchie leikstýrir um þessa frægustu persónu Arthurs Conan Doyle. Fyrri myndin sló rækilega í gegn og því nokkuð sjálfgefið að Robert Downey Jr. og Jude Law, sem leikur Watson lækni, myndu endurtaka leikinn. Noomi Rapace er ágætis viðbót í leikarahópinn og þá leikur Jared Harris erkióvininn snjalla, Moriarty. Myndin segir frá því þegar austurrískri krónprinsinn finnst látinn og Holmes tekur að rannsaka það sem morð þrátt fyrir að flestir séu þess fullvissir að hann hafi framið sjálfsmorð. Rannsóknin leiðir hann á slóð bróður síns og spákonunnar Sim og honum verður í kjölfarið endanlega ljóst að ekki er allt sem sýnist. Myndin hefur fengið misjafnar viðtökur og þykir ekki hafa náð þeim hæðum sem búist var við. Samkvæmt rottentomatoes.com eru 59 prósent gagnrýnenda sátt við hana.

Gamanmyndin The Sitter byggir á kunnuglegu stefi en hún fjallar um iðjuleysingjann Noah Griffith sem Jonah Hill leikur. Hann ákveður hins vegar að gera móður sinni smá greiða og taka að sér barnapíustarf en klúðrar því á ákaflega eftirminnilegan hátt. Myndin hefur fengið fremur dræmar viðtökur en aðeins 25 prósent gagnrýnenda voru sátt við hana samkvæmt rottentomatoes.com. **- fgg**

Í AÐALHLUTVERKUM Jonah Hill leikur iðjuleysingja í gamanmyndinni The Sitter en Jude Law og Robert Downey eru Dr. Watson og Sherlock Holmes í annað sinn.

ÚTSALAN

HEFST Í DAG KL. 11

Öðruvísi fatnaður, skór, töskur, skartgripir, kerti og önnur falleg smávara frá Ítalíu, Frakklandi, Hollandi, Danmörku og Íslandi....

40%
afsláttur
af öllum útsöluvörum

By Malene Birger - BZR by bruuns bazaar - Boris - Great Plains - Saint Tropez
Siste's - Siste's More - Soaked in Luxury - Sunlight

KARAKTER
KONUR

Smáralind | s.512 1744 | www.ntc.is | erum á facebook

39 ÁR fyllir breski hjartaknúsarinn Jude Law, sem nálgast fimmtugsaldurinn óðfluga.

DYGGIR AÐDÁENDUR GÆTU FENGIÐ SJOKK

Hjaltalín mun flytja mikið af nýju efni á tónleikum á Faktorý í kvöld. Upptökur fyrir þriðju breiðskífu sveitarinnar hefjast í janúar. Nýja efnið er töluvert ólíkt því sem sveitin hefur gert áður, og lýsa hljómsveitarmeðlimir því sem dekkri útgáfu af Hjaltalín.

„Við erum mjög spennt fyrir þessu," segir Viktor Orri Árnason, fiðluleikari og Hjaltalínmeðlimur. Hjaltalín kemur fram á tónleikum á Faktorý í kvöld, en sveitin hefur staðið í ströngu undanfarið við æfingar á nýju efni, sem tónleikagestum gefst færi á að heyra í kvöld. „Við ætlum eiginlega að reyna að spila sem flest ný lög sem verða á næstu plötu. En svo verðum við að taka eitthvað eldra til að minna fólk á að við erum ekki búin að gleyma hinum lögunum."

Hjaltalín stefnir á stúdíó strax í janúarbyrjun til að hefja upptökur fyrir næstu plötu, sem hljómsveitarmeðlimir vonast til að komi út einhvern tíma á árinu. Viktor segir sveitina breyta aðeins um stefnu með nýja efninu og hlakkar til að heyra viðbrögð fólks. „Við förum í svolítið nýja átt sem er töluvert dekkri en áður. Þeir sem eru dyggir aðdáendur Hjaltalíns munu kannski fá smá sjokk, eðlilega, en við erum rosalega ánægð með þetta efni, þótt það verði ekki komið í fullkomna mynd fyrr en á nýju plötunni."

Önnur plata Hjaltalíns, Terminal, kom út fyrir tveimur árum og fékk feykilega góðar viðtökur. Í kjölfarið var sveitin áberandi og spilaði á fjölda tónleika, bæði hér heima og erlendis. Á líðandi ári hefur ekki heyrst jafn mikið frá henni, enda hafa meðlimir sveitarinnar verið búsettir í ólíkum löndum og sinnt eigin verkefnum. „Við höfum verið dreifð, hvert í sinni vinnu og tónlistarheimi. En við erum svo heppin að búa við þessar aðstæður sem netið gefur okkur, við erum alltaf að ræða saman, deila hugmyndum og jafnvel taka upp demó sem við sendum á milli," segir Viktor og bætir við að þetta fyrirkomulag hafi í raun orðið til þess að nýju lögin séu unnin í meiri samvinnu af öllum meðlimum en áður. „Það skrýtna sem hefur gerst er að þótt við séum ekki í sama landi semjum við miklu meira saman en áður. Við tökum öll mun meiri þátt í öllu ferlinu, sem hefur verið virkilega skemmtilegt."

Þótt Hjaltalín hafi ekki látið mikið á sér bera árið 2011 hafa hinir sjö meðlimir sveitarinnar verið mjög virkir í tónlistarlífinu. Viktor segir alla reynsluna sem þau hafi aflað sér undanfarin tvö ár hafa áhrif á nýju lagasmíðarnar. „Þessar mismunandi áttir sem við fórum í hafa klárlega haft mikil áhrif. Högni hefur unnið mikið með GusGus, Hjörtur gaf út plötu og Sigríður og Guðmundur Óskar spiluðu mikið saman. Svo erum við hin í námi og ég sjálfur í mínu tónlistarnámi úti í Berlín í allt öðrum tónlistarheimi. Þetta nýtist allt ótrúlega vel þegar við komum saman, því við höfum mjög sterkar mismunandi hugmyndir sem stangast oft á. Á endanum verður svo tónlist til sem er vonandi eitthvað nýtt. Við erum svolítið að leita og prófa okkur áfram og finnst þetta spennandi og skemmtilegt."

Tónleikarnir á Faktorý hefjast klukkan 22 og aðgangseyrir er 1.500 krónur. **bergthora@frettabladid.is**

NÝ STEFNA Viktor lærir tónsmíðar í tónlistarháskóla í Berlín. Hann er ánægður með nýtt efni Hjaltalín. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Fimmtudagur 29. desember

Tónleikar

20.00 Þrítugustu jólatónleikar Mótettukórs Hallgrímskirkju verða haldnir í Hallgrímskirkju. Þóra Einarsdóttir sópransöngkona verður gestasöngvari með kórnum. Miðaverð er kr. 3.900.

20.00 Hljómsveitin **Low Roar** heldur útgáfutónleika sína í salnum Gin & Tonic á Kex Hostel. Aðgangur er ókeypis.

21.00 Jónína G. Aradóttir heldur tónleika á veitingarstaðnum 73 í Reykjavík.

Leiklist

20.00 Nemendaleikhús Listaháskóla Íslands sýnir verkið Jarðskjálftar í London eftir Mike Bartlett í leikstjórn Halldórs E. Laxness. Sýningar verða í Leikhúsi Listaháskóla Íslands að Sölvhólsgötu 13. Miðaverð er kr. 1.500.

Sýningar

20.00 Verkið On Misunderstanding eftir Margréti Bjarnadóttur danslistamann verður sýnt í Kassanum, Þjóðleikhúsinu. Miðaverð er kr. 2.500,

Sýningarspjall

20.00 Í tilefni loka sýninganna Samræmi og Hamskipti verður Ólöf K. Sigurðardóttir sýningastjóri með sýningastjóraspjall í Hafnarborg.

Uppákomur

20.00 JólaBingó á Dönsku kránni. Bingóspjaldið á kr. 300 og sérstakt happadrættis-bingóspjald á kr. 500. Magni spilar að bingói loknu og fram eftir kvöldi.

Tónlist

21.00 Jólagrautur Memfismafíunnar verður á Café Rosenberg.

22.00 Andrea Gylfadóttir kemur fram með Bítladrengjunum blíðu á tónleikum á ObLaDí, Frakkastíg 8. Aðgangur er ókeypis.

Listamannaspjall

20.00 Snorri Ásmundsson verður með gjörning og listamannaspjall í Flóru, Listagilinu á Akureyri.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.

ÚTSALAN

ER HAFIN

oasis

SAINTS

evans.

TOPSHOP

KAREN MILLEN

DOROTHY PERKINS

KRINGLAN | SMÁRALIND

Borgin og Austur berjast um gestina á nýárskvöld

Glaumur og gleði verður ríkjandi í höfuðborginni um helgina þegar gamla árið verður kvatt og hið nýja boðið velkomið.

Fjölmargir áramóta- og nýársfögnuðir verða í höfuðborginni um næstu helgi þegar árið 2011 verður kvatt og árið 2012 að sama skapi boðið velkomið með pompi og prakt. Búast má við hvað mestri stemningu á Hótel Borg, Austri og Esju.

Í Gyllta salnum á Hótel Borg verður nýársfagnaður á vegum Gullu, kenndrar við Má mí mó, annað árið í röð. Gulla er mörgum kunnug, en hún rak um árabil veitingastaðinn á Hótel Loftleiðum, Apótekið, Jónatan Livingstone Máv og Gaukinn. Dagskráin á Hótel Borg hefst með kampavíni. Fimm rétta matseðill með villibráðarívafi verður á boðstólum og veislustjóri verður Daníel Geir Moritz, fyndnasti maður Íslands. DJ Anna Brá, Daníel Haukur Arnarsson og fleiri listamenn troða upp. Miðaverð á nýársfagnaðinn og dansleikinn er tæpar þrettán þúsund krónur. Miðinn bara á dansleikinn, sem stendur yfir til fjögur um nóttina kostar 1.500 krónur.

Fimm rétta matseðill með kengúru, grilluðum humri og fleira góðgæti verður í boði á Austri þegar hinn árlegi nýársfögnuður staðarins verður haldinn. Logi Bergmann Eiðsson verður veislustjóri og þeir Ari Eldjárn, DJ Margeir, Jóel Pálsson, Human Woman og Danni Deluxe koma fram. Auk þess ætlar Sigríður Klingenberg að spá fyrir gestum. Miðaverð er tæpar tuttugu þúsund krónur.

Nýársfagnaður hefur verið haldinn í Turninum í Kópavogi undanfarin ár en í þetta sinn verður engin hátíðardagskrá þetta kvöld. Í Perlunni verður lögð áhersla á góðan fjögurra rétta matseðil á nýárskvöld, sem kostar tæpar tíu þúsund krónur, og ekki verður leikið fyrir dansi í þetta sinn. Viðburðafyrirtækið Jón Jónsson heldur áramótagleði á skemmtistaðnum Esju og er þetta fimmta árið í röð sem fyrirtækið fagnar nýju ári á þennan hátt. Bandaríski plötusnúðurinn Too Young to Love þeytir skífum og einnig stíga á svið President Bongo, DJ Margeir, Högni Egilsson, Sexy Lazer og Human Woman. Miðaverð er 2.500 krónur.

Unga fólkið er síðan líklegt til að flykkjast á Nasa á gamlárskvöld þar sem þeir Friðrik Dór og Emmsjé Gauti syngja fyrir gesti. Þar kostar miðinn 1.500 krónur.

freyr@frettabladid.is

NÝÁRSGLEÐI Mikið verður um dýrðir á Hótel Borg og Austri á nýárskvöld þar sem **Daníel Geir Moritz** og **Logi Bergmann** verða veislustjórar.



Gledilegt Nýtt Ár

TILBOÐ
KAMPAVÍNS-GLÖS 3 Í PK.
499 kr/pk

HATTAR
verð frá
195,-

KAST-LENGJUR
verð frá
995,-

KNÖLL
verð frá
1.449,-

MOJITO MUDDLER
TRÉ 999,-
STÁL 1.299,-

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

ELÍAS MÁR HALLDÓRSSON handknattleiksmaður er sagður vera á heimleið frá Noregi. Bæði Haukar og HK hafa mikinn áhuga á að fá leikmanninn sem spilaði áður með báðum liðum.

ÚRSLIT

Deildarbikar karla:

Haukar-FH 25-20

Haukar - Mörk (skot): Stefán Rafn Sigurmannsson 7 (15/1), Þórður Rafn Guðmundsson 5 (6), Gylfi Gylfason 4/3 (5/4), Jónatan Ingi Jónsson 3 (3), Sveinn Þorgeirsson 3 (4), Heimir Óli Heimisson 1 (1), Árni Steinn Steinþórsson 1 (3), Freyr Brynjarsson 1 (3).
Varin skot: Aron Rafn Eðvarðsson 17 (36/3, 47%), Birkir Ívar Guðmundsson (1/1, 0%),
Hraðaupphlaup: 2 (Gylfi, Freyr)
Fiskuð víti: 3 (Þórður 2, Árni)
Utan vallar: 6 mínútur.

FH - Mörk (skot): Ari Magnús Þorgeirsson 5 (5), Þorkell Magnússon 4/4 (6/4), Sigurður Ágústsson 3 (4), Hjalti Þór Pálmason 3 (7), Örn Ingi Bjarkason 2 (4), Atli Rúnar Steinþórsson 1 (2), Andri Berg Haraldsson 1 (4), Halldór Guðjónsson 1 (4), Baldvin Þorsteinsson (3),
Varin skot: Daníel Freyr Andrésson 4 (23/2, 17%), Pálmar Pétursson 3/2 (9/3, 33%),
Hraðaupphlaup: 4 (Ari 4)
Fiskuð víti: 1 (Atli)
Utan vallar: 6 mínútur.

Valur-Fram 30-25

Valur Mörk (skot): Dagný Skúladóttir 7 (7), Hrafnhildur Ósk Skúladóttir 6 (8/1), Þorgerður Anna Atladóttir 6 (9), Karólína B. Gunnarsdóttir 3 (3), Ágústa Edda Björnsdóttir 3 (6/1), Kristín Guðmundsdóttir 3/1 (8/1), Heiðdís Guðmundsdóttir 1 (1), Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 1 (3).
Varin skot: Guðný Jenný Ásmundsdóttir 11 (34/3, 32%), Sigríður Arnfjörð Ólafsdóttir 1 (3/2, 33%),
Hraðaupphlaup: 8 (Dagný 6, Karólína 2)
Fiskuð víti: 3 (Anna Úrsúla 3)
Utan vallar: 4 mínútur.

Fram - Mörk (skot): Stella Sigurðardóttir 7/2 (14/2), Elísabet Gunnarsdóttir 5/3 (5/3), Ásta Birna Gunnarsdóttir 4 (7), Birna Berg Haraldsdóttir 4 (9), Sunna Jónsdóttir 3 (4), Sigurbjörg Jóhannsdóttir 2 (10),
Varin skot: Guðrún Maríasd. 16/1 (46/2, 35%),
Hraðaupphlaup: 2 (Stella, Elísabet)
Fiskuð víti: 5 (Elísabet 4, Ásta Birna)
Utan vallar: 6 mínútur.

Luis Suárez:

Dæmdur í eins leiks bann

FÓTBOLTI Luis Suárez, leikmaður Liverpool, hefur verið dæmdur í eins leiks bann fyrir að gefa stuðningsmönnum Fulham fingurinn í leik liðanna í upphafi mánaðarins.

Suárez fékk á dögunum átta leikja bann fyrir að vera með kynþáttaníð í garð Patrice Evra hjá Manchester United. Áfrýjunarfrestur er þó ekki liðinn út og hefur bannið því ekki enn tekið gildi.

Suárez játaði sök í þessu máli og verður því í banni þegar Liverpool mætir Newcastle í ensku úrvalsdeildinni á föstudagskvöldið. Hann var sektaður um 20 þúsund pund.

Liverpool var einnig sektað um 20 þúsund pund fyrir að hafa ekki stjórn á sínum leikmönnum í umræddum leik gegn Fulham.

- esá

STAPPAÐ Gamla íþróttahúsið við Strandgötu var þéttsetið í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Haukar og Valur fögnuðu

Bestu handboltalið landsins í karla- og kvennaflokki um þessar mundir fögnuðu sigri í deildarbikarkeppninni í gær. Úrslitaleikirnir báðir ollu nokkrum vonbrigðum enda var afar lítil spenna í þeim báðum.

HANDBOLTI Topplið N1-deildanna, Haukar og Valur, lentu í litlum vandræðum með andstæðinga sína þegar úrslitaleikir deildarbikarsins fóru fram í íþróttahúsinu við Strandgötu í gær.

Valsstúlkur unnu í gær annað árið í röð sigur í deildarbikarkeppni kvenna í handbolta eftir sigur á Fram. Fyrstu mínútur leiksins voru í járnum en þegar korter var liðið af fyrri hálfleik í stöðunni 8-6 tók Valur leikhlé og eftir það var ekki aftur snúið. Þær kláruðu hálfleikinn á góðum 10-2 kafla og hleyptu Fram aldrei aftur inn í leikinn og unnu að lokum öruggan sigur.

„Það var auðvitað erfiður undirbúningur fyrir þennan leik, stelpurnar eru nýkomnar aftur frá Brasilíu og margar hverjar þreyttar. Við vinnum hins vegar mikið út frá liðsheild, þær spila alltaf allar fyrir sigrinum og þær fá hrós fyrir hvernig þær koma inn í alla leiki, þetta eru sannir afreksíþróttamenn," sagði Stefán Arnarson, þjálfari Vals.

„Þetta er þroskað lið sem veit að það þarf að hafa fyrir hlutunum og ef þú leggur þig fram þá uppskerðu árangur. Þegar við tökum leikhlé fer vörnin okkar að virka, Jenný fer að verja í markinu og við fáum hraðaupphlaupin í gang, Fram náðu aldrei vinna sig aftur inn eftir það," sagði Stefán.

BESTAR Valskonur lyfta bikarnum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

„Það er alltaf sárt að tapa úrslitaleik en ég er að mörgu leyti mjög sáttur með liðið, það voru margir góðir hlutir hérna í dag. Á tíu mínútna kafla í fyrri hálfleik ná þær sex marka forystu og það er allt of mikið gegn liði eins og Val," sagði Einar Jónsson, þjálfari Fram.

Öruggt hjá Haukum gegn FH

Leikur Hauka og FH var rafmagnaður og létu áhorfendur vel í sér heyra í þessum Hafnarfjarðarslag.

Stefán Rafn Sigurmannsson, leikmaður Hauka byrjaði leikinn af krafti og var kominn með þrjú mörk á fyrstu mínutunum. Mikil barátta einkenndi fyrri hálfleikinn og var það greinilegt að bæði lið voru tilbúin að berjast fyrir málstaðnum.

FH-ingar náðu að minnka muninn í eitt mark eftir gott hraðaupphlaupsmark um miðbik fyrri hálfleiksins en eftir það tóku Haukar völdin og juku forystu sína jafnt og þétt og voru að lokum með fjögurra marka forystu þegar flautað var til hálfleiks.

Haukar skelltu í lás á upphafsmínútum síðari hálfleiksins og spiluðu þeir virkilega sterka vörn ásamt góðri markvörslu sem FH-ingar áttu fá svör við.

Haukar héldu áfram að auka forystuna og var hún komin í átta mörk snemma í hálfleiknum. FH tókst að minnka muninn í sex mörk stuttu seinna með tveimur mörkum frá Sigurði Ágústssyni en aftur svöruðu Haukar og voru þeir með átta marka forystu um miðbik hálfleiksins.

FH-ingar voru þó ekki alveg hættir því að þeim tókst að minnka muninn jafnt og þétt og voru þeir einungis þremur mörkum undir þegar sjö mínútur voru eftir af leiknum.

Lokamínúturnar voru æsispennandi og fengu FH-ingar dæmda á sig tveggja mínútna brottvísun þegar fimm mínútur voru eftir af leiknum ásamt því að Ísak Rafnsson var rekinn af velli fyrir ljótt brot í lok leiks. Haukar nýttu sér liðsmuninn og unnu að lokum fimm marka sigur.

- kpt, shf

Dimitar Berbatov:

Orðaður við Leverkusen

FÓTBOLTI Forráðamenn þýska liðsins Bayer Leverkusen eru sagðir hafa áhuga á að fá Búlgarann Dimitar Berbatov hjá Manchester United aftur í sínar raðir.

Berbatov fékk lítið að spila framan af tímabili en hefur nú skorað í tveimur leikjum í röð – nú síðast gerði hann þrennu í 5-0 sigri á Wigan.

Berbatov var á mála hjá Leverkusen í fimm ár áður en hann gekk til liðs við Tottenham árið 2006 og svo Manchester United tveimur árum síðar.

Samningur hans við United rennur út í lok tímabilsins en Alex Ferguson, stjóri United, hefur hingað til ekki viljað selja hann. United á einnig þann kost að framlengja samninginn um eitt ár til viðbótar en fresturinn til þess rennur út 2. janúar næstkomandi.

- esá

GUÐMUNDUR Stendur í ströngu sem þjálfari RN Löwen. NORDIC PHOTOS/GETTY

Guðmundur nýtur trausts:

Metnaðarfullur og nákvæmur

HANDBOLTI Thorsten Storm, framkvæmdastjóri þýska úrvalsdeildarfélagsins Rhein-Neckar Löwen, ber fullt traust til þjálfarans Guðmundar Guðmundssonar.

Guðmundur sagðist sjálfur í viðtali við Fréttablaðið á dögunum finna fyrir trausti og óttaðist ekki að missa starfið.

„Guðmundur er afar metnaðarfullur og nákvæmur starfsmaður. Hann leikgreinir andstæðinginn 100 prósent og er eins vel undirbúinn og kostur er," sagði Storm við þýska fjölmiðla. „Hann er hins vegar að þjálfa lið sem er ekki eins vel samansett og æskilegt væri. Þjálfarinn þarf tíma til að móta sitt lið og þróa það. Það þýðir ekkert að gagnrýna þjálfarann þegar einstaklingsmistök leikmanna ráða úrslitum á vellinum. Mér finnst mjög gott að vinna með Guðmundi."

- esá

Sunddeild Ármanns

Barnasund

Sundnámskeið fyrir börn 2ja-6 ára hefst laugardaginn 14. janúar nk. í Árbæjarskóla

Ungbarnasund

Námskeiðið hefst 11. febrúar. 2012 í Árbæjarlaug.

Innritun virka daga frá kl. 17.00 og um helgar frá kl. 13.00 í síma 557-6618 Stella, stella.gunnars@gmail.com stella.gunnarsdottir@reykjavik.is

Aðkoma Jespers Nielsen að Rhein-Neckar Löwen:

Óvissan er ólíðandi

HANDBOLTI Síðustu þrjú árin hefur danski skartgripasalinn „Kasi-Jesper" Nielsen lagt meira en tíu milljónir evra í þýska handboltafélagið Rhein-Neckar Löwen. Nú virðast tengsl hans við félagið vera að rofna og var í gær fjallað um fjárhagslega framtíð Löwen í þýska dagblaðinu Mannheimer Morgen.

„Ég vona að þessi mál komist fljótlega á hreint. Annars líða allir fyrir það og það væri ekki sanngjarnt," sagði framkvæmdastjórinn Thorsten Storm í samtali við blaðið. Nielsen er þó enn með styrktarsamning við Löwen sem gildir til ársins 2015. Hvað tekur við er óvíst en sjálfur neitaði Nielsen því að hann væri að stíga frá borði. „Framkvæmdastjórinn virðist vita eitthvað annað en ég. Það er óvenjulegt – í hefðbundnum viðskiptum ganga hlutirnir öðruvísi fyrir sig," sagði Nielsen.

KASI-JESPER Rhein-Neckar Löwen hefur fengið háar upphæðir frá Jesper Nielsen síðustu fjögur árin. MYND/AG

Guðmundur Guðmundsson er þjálfari liðsins og sagði í viðtali við Fréttablaðið á dögunum að tíðinda væri að vænta af þessum málum. „Það mun koma í ljós fljótlega en það eru ýmis jákvæð teikn hér á lofti."

Alexander Petersson mun ganga til liðs við Rhein-Neckar Löwen í sumar.

- esá

ESTERELLA ER KOMIN!

STÓRSÝNING!
Á MILLI JÓLA OG NÝÁRS

ACE ESTERELLA

Einn

tveir

og

ACE ESTERELLA fellihjólhýsin eru snjallir ferðavagnar með fjölmarga kosti. Húsin eru létt og henta því öllum bílum, minni eldsneytiseyðsla og meiri þægindi í drætti. Húsin passa í öll bílastæði og eru því auðveld í geymslu. Aðeins tekur um það bil eina mínútu að setja húsið upp og þú ert klár í útileguna.

Loksins fáanleg aftur á Íslandi - Komdu og skoðaðu - sjón er sögu ríkari!

Hobby

VINSÆLUSTU HJÓLHÝSI Á ÍSLANDI !

BÜRSTNER - VINSÆLU HJÓLHÝSIN MEÐ FELLIRÚMUNUM

ÍSLENSKI TJALDVAGNINN

Nú er tíminn til að undibúa næsta sumar og láta draumana rætast.

Hjá okkur verður opið alla daga milli jóla og nýárs frá kl. 9 til 18.
Verið velkomin í kaffi og piparkökur og kynnið ykkur fjölbreytt úrval hjólhýsa sem Víkurverk hefur uppá að bjóða.

VÍKUR
V·E·R·K

VÍKURVERK EHF • VÍKURHVARF 6 • 203 KÓPAVOGUR • SÍMI 557 7720 • WWW.VIKURVERK.IS

> Stöð 2 kl. 21.45

NCIS: Los Angeles

Spennuþáttur um rannsóknarsveit bandarískra hersins. Núna er starfsmaður NCIS-deildarinnar myrtur við rannsókn á ólöglegri vopnasölu sem tengist bandarískra sjóhernum og allt kapp er lagt á að handsama morðingjann.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON SYNGUR EKKI MEÐ

Bláir strumpar og náttúruvernd

Ég beið spenntur eftir Avatar, myndinni sem öll heimsbyggðin hafði séð. Hún var á Stöð 2 á annan í jólum. Hún var rúmir tveir tímar og henni hafði verið hampað sem meistaraverki. Á undan var Toy Story 3, besta teiknimynd allra tíma. Bósi og Viddi eru og verða alltaf bestu vinir barnanna. Sonur minn hefur séð nánast allar Pixar-teiknimyndir en þegar hann sér Toy Story-dót öskrar hann af kæti.

Og svo hófst Avatar. Fyrsta klukkutímann beið ég eftir því að eitthvað gerðist en var illa svikinn. Náttúruverndarboðskapnum frá James Cameron var troðið svo rækilega ofan í kokið á áhorfandanum að það er ótrúlegt að enginn skuli hreinlega hafa kafnað,

það var eins og leikstjórinn hefði hrifist svona mikið af lokaatriðinu í The Abyss (eftir sjálfan sig) að hann vildi framlengja hann í Avatar. Jafnvel gæðaleikkonan Sigourney Weaver gat ekki við rönd reist. Mér er það óskiljanlegt að Avatar skuli hafa orðið jafn mikið æði og raun ber vitni, að einhver kvikmynd skuli hafa náð þessum hæðum í vinsældum eingöngu vegna þrívíddar-tækni er blátt áfram sorglegt.

Hetja jólanna reyndist því vera Lisbeth Salander en það er ráðgáta af hverju Sjónvarpið kýs að sýna þættina seint á þriðjudagskvöldum. Og mér er það enn óskiljanlegra af hverju Stöð 2 Bíó var að sýna fyrstu myndina í gærkvöldi. Af Salander er sko alveg nóg.

RÚV

12.00 Mumbai kallar (1:7) (e)
12.25 Í mat hjá mömmu (2:6) (e)
12.50 E-efni í matvælum – Bindiefni (3:3) (e)
13.45 Emma (2:4) (Emma) (e)
14.40 Villisvanirnir (De vilde svaner) (e)
15.40 Ljónin þreyja af þurrkinn (e)
16.35 Leiðarljós (Guiding Light)
17.20 Táknmálsfréttir
17.28 Gurra grís (21:26)
17.33 Sögustund með Mömmu Marsibil (22:52)
17.44 Fæturnir á Fanneyju (22:39)
17.55 Mókó (9:52) (Moko)
18.00 Stundin okkar (e)
18.35 Melissa og Joey (18:30)
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
20.05 Allt upp á einn disk (4:4)
20.35 Hvunndagshetjur (4:6)
21.10 Aðþrengdar eiginkonur (1:23) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.25 Glæpahneigð (Criminal Minds V)
23.10 Hernumið land (1:2) (Occupation)
00.40 Kastljós (e)
01.05 Fréttir
01.15 Dagskrárlok

BÍÓ

07.00 Changeling
09.15 Elf
10.50 Don Juan de Marco
12.25 Shark Bait
14.00 Elf
16.00 Don Juan de Marco
18.00 Shark Bait
20.00 Changeling
22.20 Stig Larsson þríleikurinn
00.25 Die Hard II
02.25 The Contract
04.00 Stig Larsson þríleikurinn
06.00 Slumdog Millionaire

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 Doctors (83:175)
10.15 Extreme Makeover. Home Edition (16:25)
11.50 The Whole Truth (13:13)
12.35 Nágrannar
13.00 Race to Witch Mountain Spennandi og skemmtileg fjölskyldumynd með Dwayne „The Rock" Johnson í aðalhlutverki. Í mörg ár hafa undarlegar sögur af ótrúlegum fyrirbærum borist frá leynilegum stað í miðri Nevada-eyðimörkinni. Ævintýralegir atburðir fara að gerast þegar leigubílstjóri tekur tvo unglinga upp í bílinn hjá sér sem eru gæddir yfirnáttúrulegum hæfileikum.
14.35 E.R. (12:22)
15.20 The Middle (10:24)
15.40 Barnatími Stöðvar 2
16.40 Brunabílarnir
17.05 Bold and the Beautiful
17.30 Nágrannar
17.55 The Simpsons (15:21)
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.11 Veður
19.20 Malcolm in the Middle (23:25)
19.45 My Name Is Earl (18:27)
20.15 Hell's Kitchen (8:15)
21.00 Human Target (8:13)
21.45 NCIS. Los Angeles (2:24)
22.35 The Green Mile Áhrifamikil stórmynd með Toms Hanks í aðalhlutverki ásamt Michael Clarke Duncan. Hér segir af risanum John Coffey sem hefur verið dæmdur fyrir morð á tveimur börnum. Þetta er enginn venjulegur maður og ýmislegt óvenjulegt gerist á göngum dauðadeildarinnar þessa mögnuðu daga árið 1930.
01.40 Bulletproof
03.05 12 Men Of Christmas
04.30 Malcolm in the Middle (23:25)
04.55 Fréttir og Ísland í dag

SPORT *besta sætið*

07.00 Celtic - Rangers
18.00 Celtic - Rangers
19.45 Herminator Invitational 2011 Sýnt frá stórskemmtilegu góðgerðargolfmóti sem knattspyrnumaðurinn Hermann Hreiðarsson stendur fyrir í Vestmannaeyjum. Fjölmargir þekktir kappar taka þátt í mótinu.
20.30 Herminator Invitational 2011
21.10 Spænski boltinn: Barcelona - Real Madrid
23.00 Ísland - Kína Útsending frá HM í handbolta í Brasilíu.

SPORT 2 *enski boltinn*

16.20 Liverpool - Blackburn
18.10 Chelsea - Fulham
20.00 Premier League World Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegu hliðum.
20.30 Premier League Review 2011/12 Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
21.25 Football League Show S
21.55 Man. Utd. - Wigan
23.45 Arsenal - Wolves

EXTRA

19.50 The Doctors (15:175)
20.35 How I Met Your Mother (1:24)
21.00 Fréttir Stöðvar 2
21.25 Ísland í dag
21.50 The Middle (11:24)
22.15 Hawthorne (8:10)
23.00 Medium (10:13)
23.45 Malcolm in the Middle (23:25)
00.10 My Name Is Earl (18:27)
00.30 How I Met Your Mother (1:24)
00.55 The Doctors (15:175)
01.35 Fréttir Stöðvar 2
02.25 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Dr. Phil (e)
08.45 Rachael Ray (e)
09.30 Pepsi MAX tónlist
15.05 Love's Christmas Journey (1:2) (e) Einstök jólasaga sem gerist í smábæ á tímum villta vestursins í Bandaríkjunum. Ellie King fer í heimsókn til bróður síns um jólin eftir að hafa misst eignmann sinn. Réttlætiskennd hennar er misboðið þegar spilltur lögfræðingur ásakar ungan mann um glæp sem hann framdi ekki. Ekki batnar það þegar bróðir hennar hverfur sporlaust og hún þarf að standa á eigin fótum.
16.35 Rachael Ray
17.20 Dr. Phil
18.05 Pan Am (6:13) (e)
18.55 Púðurkarlarnir (e)
19.20 Everybody Loves Raymond (20:25)
19.45 Will & Grace (1:25) (e)
20.10 The Office (11:27)
20.35 30 Rock (18:23).
21.00 House (17:23)
21.50 Duran Duran
22.40 CSI (7:23) (e)
23.30 Hæ Gosi (5:8) (e) Viðir gómar dóttur sína við vafasama iðju hjá enn vafasamari manni. Berki er lofað öllu fögru en verður fyrir miklum vonbrigðum.
00.00 Hæ Gosi (6:8) (e)
00.30 CSI: Miami (13:22) (e)
01.20 Hringfarar (2:3) (e)
01.50 Everybody Loves Raymond (20:25) (e)
02.10 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

06.00 ESPN America **08.10** Chevron World Challenge (4:4) **13.10** Presidents Cup 2011 (4:4) **18.00** Golfing World **18.50** PGA Championship 2011 (4:4) **22.00** Golfing World **22.50** PGA TOUR Year-in-Review 2011 (1:1) **23.40** ESPN America

N4

18.00 Að norðan

BBC entertainment

06.30 Live at the Apollo **07.15** The Inspector Lynley Mysteries **10.20** Fawlty Towers **10.50** EastEnders **11.25** How Not to Live Your Life **11.55** Gavin & Stacey **12.20** A Bit of Fry and Laurie **12.55** Live at the Apollo **13.40** The Catherine Tate Show **14.10** The Inspector Lynley Mysteries **16.30** QI **19.00** Comedy Countdown 2010 **21.30** Top Gear **22.20** The Catherine Tate Show **22.50** My Family **23.20** Keeping Up Appearances **23.50** ‚Allo ‚Allo! **00.15** Fawlty Towers **00.50** Top Gear **02.30** The Catherine Tate Show **03.00** My Family

DR 1

06.30 Pippi Langstrømpe **07.00** Elias og Kongeskibet **08.15** Kasper og Lise **08.25** Timmy-tid **08.35** Garfield **08.50** Cirkusliv i savsmuld **09.05** Victorious **09.30** Piger på landet **10.15** Miss Marple **11.10** Året der gik **12.45** Gæt hvem der kommer til middag **14.30** Befri Willy 3 **15.55** Max - the movie **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Spise med Price **18.45** Det søde liv **19.00** DR - Det bedste TV 2011 **20.00** TV Avisen **20.25** SportNyt **20.30** Men så kom Polly **21.55** The Bone Collector **23.50** Taggart

NRK 1

12.00 Nyheter **12.10** Sport i dag **12.45** Tour de Ski **14.00** Nyheter **14.10** Tour de Ski **15.25** Hoppuka **16.30** Nyheter **16.35** Hoppuka **16.50** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Tegnspråknytt **17.00** Balto - helten fra Alaska **18.00** Dagsrevyen **18.30** Julenøtter **18.45** Skiskyttershow **19.45** Nyhetsåret 2011 **20.50** Mildred Pierce **22.00** Løsning julenøtter **22.05** Kveldsnytt **22.20** Musikk! Musikk! **23.00** Julestemning helt døgnet **23.10** Teenage Boss **00.10** Småbyliv **00.40** Blues jukeboks **02.00** Sport Jukeboks

SVT 1

09.05 Alpint **10.20** Jonssons onsdag **10.35** Alpint **12.05** Jonssons onsdag **12.20** Alpint **13.10** Skidor **15.15** Rapport **15.25** På väg till Malung **15.55** The Royal Philharmonic Banana Band **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Skidskytte **18.30** Rapport **18.55** Regionala nyheter **19.00** Året med kungafamiljen **20.00** Downton Abbey - bakom kulisserna **20.50** Brottsplats Edinburgh **22.45** Sean-Magnus Älskar Man **23.45** Rapport **23.50** Arne Dahl: Misterioso **01.20** Rapport **01.25** Anno 1790 **02.25** Rapport

INN

20.00 Hrafnaþing **21.00** Einar Kristinn og sjávarútvegur **21.30** Vínsmakkarinn

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Jóla hvað ? **11.00** Fréttir **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Landið sem rís **14.00** Fréttir **14.03** Það er svo margt að minnast á... orgel, danslög og sálmar **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Melissa **15.25** Jólamyndir **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Fúmm Fúmm Fúmm **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Syngið þið fuglar **20.45** Smásaga: Á grænni grein **21.05** „Undrunin, hún lýsir upp myrkrið..." **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Útvarpsperla: Þegar bjarminn ljómar - Fyrri þáttur **23.15** Hnapparatið **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

ÚTVARP FM

FM 88,5 XA-Radíó	FM 90,9 Gullbylgjan	FM 93,5 Rás 1	FM 96,3 FM Suðurland	FM 97,7 X-ið	FM 99,4 Útvarp Saga	FM 102,9 Lindin
FM 90,1 Rás 2	FM 91,9 Kaninn	FM 95,7 FM957	FM 96,7 Létt Bylgjan	FM 98,9 Bylgjan	FM 102,2 Útvarp Latibær	FM 105,5 Útvarp Boðun

DREIFINGARKASSAR FRÉTTABLAÐSINS

Vegna aukinnar hættu á skemmdarverkum í kringum áramót verða dreifingarkassar fyrir Fréttablaðið teknir niður en settir aftur upp í janúar. Í millitíðinni verður hægt að nálgast blaðið í strætóskýlum, íþróttahúsum og sundlaugum og í einhverjum tilfellum á stórum vinnustöðum á þeim svæðum þar sem blaðinu er venjulega dreift í Fréttablaðskössum. Dreifing í hús verður óbreytt.

Nánari upplýsingar fást á visir.is/dreifing

Lesendur eru beðnir afsökunar á óþægindum vegna þessa.

Fréttablaðið er aðgengilegt fyrir alla á pdf eða html formi á Vísi.

Allt sem þú þarft

Verslun
Ármúla 26

522 3000

hataekni.is

Opið:
mán-fös
9.30–18
gamlársdag
9.30–12
mán. 2. jan
12-18

BÚMMM!
VERÐSPRENGJA Í HÁTÆKNI

42PT351N

42” LG Plasma HD Ready

42” HD Ready 1024x768p plasma-sjónvarp frá LG. Stafrænn móttakari DVB-T, 2 HDMI-tengi, DivX HD, spilar MKV-skrár í gegnum USB 2.0.

Tilboð: 99.995

ÞÚ SPARAR **20.000**

Verð áður: 119.995

Yamaha Front Surround

Yamaha YHT-S400 3.1 heimabíókerfi með innbyggðu FM-útvarpi, 3xHDMI-tengi / uppskölun í Full HD 1080 p. Bassabox innbyggt í magnara.

YHTS400

Kíktu til okkar í kaffi

Tilboð: 89.995

ÞÚ SPARAR **30.000**

Verð áður: 119.995

50” LG Plasma HD Ready

50PT351N

50” HD Ready 1024x768 p plasma-sjónvarp frá LG. Stafrænn móttakari DVB-T, 2 HDMI-tengi DivX HD, spilar MKV- skrár í gegnum USB2.0.

Tilboð: 149.995

ÞÚ SPARAR **70.000**

Verð áður: 219.995

Heimabíókerfi 2.1 frá LG

Frábært 2.1 soundbar frá LG með þráðlausum bassa. Engar snúrur, ekkert vesen.

Tilboð: 69.995

ÞÚ SPARAR **10.000**

Verð áður: 79.995

HLS36W

Full búð af frábærum tilboðum

LG BluRay 2.1 sett

Glæsilegt 400 W 2.1 BluRay heimabíó frá LG. Fékk EISA-verðlaun 2010–2011 fyrir besta heimabíóið.

Verð: 119.995

HB45E

Spjallaðu við starfsmenn okkar til að fræðast meira um þessi frábæru greiðslukjör.

0% VAXTALAUS LÁN Á VÖLDUM VÖRUM

Hátækni

ÁRAMÓTAHEITIÐ

„Að brúka bannsetta dagbókina til að hafa jafnvægi milli púlsins og svo hliðarvinnu sem eru skrif sem ég þarf að koma frá á næstu mánuðum. Og til að toppa allt ætla ég að setja fríin strax inn, mæla mér mót við afslappelsi.“

Halldór Högurður ráðgjafi.

Ísland dregið inn í grannadeilur í Eurovision

Ísland hefur óvænt verið dregið inn í deilur Armena og Asera vegna Eurovision-keppninnar sem fer fram í höfuðborg Aserbaídsjans, Bakú, í maí á næsta ári. Ísland er á sumum armenskum fréttamiðlum sagt hafa dregið sig úr keppni.

Armenía og Aserbaídsjan hafa lengi eldað grátt silfur og landamæri Armeníu að Aserbaídsjan eru lokuð. Fáum kemur því á óvart að þátttaka Armeníu í keppninni á næsta ári skuli hanga á bláþræði en að nafn Íslands skuli dregið inn í þessar deilur er ákaflega óvænt. Enda kom Jónatan Garðarsson, sem hefur farið fyrir íslenska hópnum undanfarin ár, af fjöllum þegar Fréttablaðið bar þetta undir hann. „Það stendur skýrt í reglum Eurovision-keppninnar að ekki megi blanda henni saman við stjórnmál eða stjórnmálaskoðanir.“ Sigrún Stefánsdóttir dagskrárstjóri tók í sama streng og sagði ekkert slíkt vera fyrir hendi.

Stjórnvöld í Aserbaídsjan hafa á hinn bóginn verið harðlega gagnrýnd fyrir Eurovision-undirbúning sinn, en breska blaðið Telegraph greindi frá því skömmu fyrir jól að stjórnvöld hefðu skrúfað fyrir rafmagn og gas hjá hundruðum íbúa í miðborg Bakú til að rýma fyrir byggingu nýrrar sönghallar. Mannréttindasamtökin Human Rights Watch hafa, samkvæmt frétt Telegraph, varað við ólöglegu athæfi stjórnvalda í Aserbaídsjan vegna umræddrar byggingar en forseti landsins, Ilham Alijev, bindur vonir við að Eurovision-keppnin eigi eftir bæta ímynd landsins til muna.

- fgg

HARÐAR DEILUR Forseti Aserbaídsjan, Ilham Alijev, bindur miklar vonir við að Eurovision-keppnin verði mikil lyftistöng fyrir ímynd landsins. Hér er hann ásamt eiginkonu sinni, Mehriban Alijeva.

ÖRN ELÍAS GUÐMUNDSSON OG YRSA SIGURÐARDÓTTIR: TRÓNA Á TOPPNUM Í JÓLASÖLUNNI

Haglél og Brakið seldust í 50 þúsund eintökum

Örn Elías Guðmundsson, eða Mugison, og Yrsa Sigurðardóttir eru metsölukóngur og -drottning ársins hvað íslenska plötu- og bókaútgáfu varðar.

Haglél Mugisons seldist í hvorki meira né minna en tæpum 5.700 eintökum síðustu vikuna fyrir jól samkvæmt Tónlistanum. Að sama skapi er Brakið eftir Yrsu mest selda bók ársins samkvæmt metsölulista bókaverslana sem var birtur í gær, á undan Einvígi Arnaldar Indriðasonar og Gamlingjanum sem skreið út um gluggann og hvarf eftir Svíann Jonas Jonasson.

Um tuttugu þúsund eintök hafa selst af Brakinu, sem var prentuð í 22 þúsund eintökum og er uppseld hjá útgefanda en ljóst er að eitthvað verður um skil á bókinni. Því sama má búast við um Haglél Mugisons. Þau 30 þúsund eintök sem voru prentuð af henni eru uppseld á lager. Um eitt þúsund eintök eru þó fáanleg vítt og breitt um landið.

Yrsa hefur bætt sölutölur sínar um í kringum fimm þúsund eintök miðað við síðasta ár þegar Ég man þig seldist í um fimmtán þúsund eintökum eftir skil. Sú bók er núna farin í um 22 þúsund eintökum þegar kiljuútgáfa hennar er tekin með í reikninginn. Brakið er einmitt væntanleg í kilju í lok febrúar.

Síðasta plata Mugisons, Mugiboogie, hefur selst í um 25 þúsund eintökum síðan hún kom út fyrir fjórum árum. Það er vitaskuld mjög góður árangur en Haglél stendur henni þó mun framar í vinsældum. Mugison sló eigið met með því að selja tæp 5.700 eintök af Hagléli á einni viku, sem er gullsala. Áður hafði hann sett met í plötusölu á einni viku samkvæmt Tónlistanum með rúmlega 3.500 eintaka sölu vikuna þar á undan, eins og Fréttablaðið greindi frá. Búast má við að ókeypis tónleikar hans í Hörpunni og víðar um landið, auk beinu útsendingarinnar í Sjónvarpinu 22. desember hafi ýtt verulega undir söluna þessa síðustu viku fyrir jól, sérstaklega á Þorláksmessu. Einnig eru dæmi um það að fyrirtæki hafi keypt Haglél og gefið hana í jólagjöf, þar á meðal tvö stór fyrirtæki.

Samkvæmt Baldvini Esra Einarssyni hjá Kimi Records sem dreifir Haglél stendur til að prenta fleiri eintök af plötunni í janúar. Á sama tíma eru uppi hugmyndir um að prenta fjórar eldri plötur Mugisons á nýjan leik og selja þær í einum og sama pakkanum.

freyr@frettabladid.is

METSALA Hvorki Mugison né Yrsa Sigurðardóttir hafa áður selt jafnmörg eintök af útgáfum sínum fyrir jólin. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
551 1200 | www.leikhusid.is | midasala@leikhusid.is

Heimsljós (Stóra sviðið)

Fim 29.12. Kl. 19:30 3. sýn.	Sun 22.1. Kl. 19:30 9. sýn.	Sun 12.2. Kl. 19:30 2. Aukas.
Lau 7.1. Kl. 19:30 4. sýn.	Lau 28.1. Kl. 19:30 10. sýn.	Lau 18.2. Kl. 19:30 14. sýn.
Sun 8.1. Kl. 19:30 5. sýn.	Sun 29.1. Kl. 19:30 11. sýn.	Sun 19.2. Kl. 19:30 15. sýn.
Lau 14.1. Kl. 19:30 6. sýn.	Lau 4.2. Kl. 19:30 12. sýn.	Lau 25.2. Kl. 19:30 16. sýn.
Sun 15.1. Kl. 19:30 7. sýn.	Sun 5.2. Kl. 19:30 13. sýn.	Sun 26.2. Kl. 19:30 17. sýn.
Lau 21.1. Kl. 19:30 8. sýn.	Lau 11.2. Kl. 19:30 1. Aukas.	

Svartur hundur prestsins (Kassinn)

Sun 8.1. Kl. 19:30 33. sýn.	Fös 20.1. Kl. 19:30 37. sýn.
Fim 12.1. Kl. 19:30 34. sýn.	Lau 21.1. Kl. 19:30 38. sýn.



Hreinsun (Stóra sviðið)

Fös 30.12. Kl. 19:30 15. sýn.	Fös 13.1. Kl. 19:30 17. sýn.
Fim 5.1. Kl. 19:30 16. sýn.	



Litla skrímslið og stóra skrímslið í leikhúsinu (Kúlan)

Fim 29.12. Kl. 13:30 2. sýn.	Fös 30.12. Kl. 13:30 4. sýn.	Sun 8.1. Kl. 13:30 6. sýn.
Fim 29.12. Kl. 15:00 3. sýn.	Fös 30.12. Kl. 15:00 5. sýn.	Sun 8.1. Kl. 15:00 7. sýn.



Judy Garland (Þjóðleikhúskjallarinn)

Lau 8.1. Kl. 16:00

On Misunderstanding (Kassinn)

Fim 29.12. Kl. 20:00 2. sýn. | Fös 30.12. Kl. 20:00 3. sýn.

Allar kvöldsýningar hefjast kl. 19.30

Sími í miðasölu 551 1200

Herja á neftóbaksmarkað

Íslenska tóbaksfélagið hefur hafið framleiðslu og innflutning á neftóbaki. Framleiðslan fer fram hjá V2 Tobacco í Silkiborg í Danmörku og hefur tóbakið hlotið nafnið Skuggi.

Sverrir Gunnarsson, sem stofnaði félagið í samstarfi við föður sinn, segir takmarkið vera að flytja inn fleiri tegundir tóbaks, meðal annars vafningstóbak, sígarettur og vindla. „Við erum enn að bíða eftir formlegu leyfi frá ÁTVR en ég hef enga trú á öðru en að það komi innan skamms. Ríkið má ekki mismuna fyrirtækjum sem það er sjálft í samkeppni við.“

Sverrir segir að þeir ætli koma af fullum krafti inn í samkeppnina á íslenska tóbaksmarkaðinum. Tóbakið hefur verið til sölu í söluturninum Drekanum að undanförnu og hefur salan gengið vonum framar, allar tegundir séu uppseldar nema ein. „Íslendingar nota í kringum hundrað kíló af neftóbaki á dag,“ segir Sverrir.

Eins og kom fram í fréttum Stöðvar 2 í mars síðastliðnum hefur neysla á íslensku neftóbaki aukist um fimmtíu prósent. Þar að auki hefur heildsalinn Rolf Johansen hafið framleiðslu og innflutningi á neftóbakinu Lundi. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hyggst Íslensk-ameríska einnig hefja innflutning á neftóbaki en framkvæmdastjóri markaðs-og sölusviðs, Árni Ingvarsson, vildi hvorki játa né neita því í samtali við Fréttablaðið.

- fgg

RÆÐST Á RISANA Sverrir Gunnarsson hjá Íslenska tóbaksfélaginu hefur hafið framleiðslu og innflutning á nýju neftóbaki sem nefnist Skuggi. Hann ætlar að veita risunum á tóbaksmarkaði verðuga samkeppni. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL


RITZ
Undirstaðan að góðum stundum

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir
Meiri Vísir.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Valdimar fjölgar sér

Hljómsveitin Valdimar, sem er leidd af hinum magnaða söngvara **Valdimari Guðmundssyni,** notaði jólahátíðina til að vinna óeigingjarnt starf í þágu fjölgunar mannkyns. Guðlaugur Guðmundsson bassaleikari eignaðist dreng hinn 21. desember og trompetleikarinn Margeir Hafsteinsson eignaðist dreng á jóladag. Mikil hamingja er í herbúðum hljómsveitarinnar og er von á að hún skili sér á næstu plötu hennar, sem gæti komið út á næsta ári.

Ekki sérlega íslensk Ísöld

Magni Ásgeirsson tónlistarmaður gerði sér glaðan dag um jólin og horfði á teiknimyndina Ísöld með syni sínum á DVD. Í ljós kom þó að íslenskt tal var ekki möguleiki eins og stóð á umbúðunum, heldur einungis enska og fimm tegundir af spænsku. Þeir feðgar virtust ekki vera þeir einu sem lentu í tungumálaörðugleikum með Ísöldina, því margir af Facebook-vinum Magna höfðu sömu sögu að segja. Þar á meðal voru Þórunn Erna Clausen leikkona og Birna Stefánsdóttir, sem fékk bara að hlusta á sína Ísöld á hebresku.

- afb, sv

Mest lesið vísir

1. Nær að hreyfa fætur og fingur
2. Gaskútar geta valdið slysahættu í frosti
3. Krókódíll réðst á garðsláttuvél
4. Athugasemdir gerðar fyrir meira en áratug
5. Forseti Argentínu með krabbamein
6. Gullni hringurinn illfær tvo daga vikunnar

SKEMMTILEG ÁRAMÓT!

Girnileg hanastél!

Bjóddu upp á eftirminnileg drykkjarföng í veislunni.

Flott knöll á góðu verði!

Flottu knöllin sem þykja ómissandi hluti af hátíðarborðhaldi margra íslendinga fást í Eymundsson.

Á að spila á gamlárskvöld?

Skemmtileg leið til að sameina fjölskylduna og veislugesti.

Eymundsson
Bóksali frá 1872

Eymundsson.is I Gleðilegt nýtt ár!